**allt**

Ragnhildur Magnúsdóttir:

*Best að vera uppi á fjalli*

• heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶





Kristinn Sigmundsson:

*Stofnar ljóða-akademíu*

• mjög mikilvægt fyrir unga söngvara

SÍÐA 36 ▶





Gunnar í Krossinum:

*Var tekinn fyrir í Spaugstofunni*

• skellihló að hommagríni

SÍÐA 42 ▶





DHL-deild karla í handbolta:

*Undanúrslitin hefjast í kvöld*

• leikið á ásvöllum og í eyjum

SÍÐA 30 ▶





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. apríl 2005 – 104. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


## ÞRIÐJUDAGUR



**VILL EKKI SAMEINAST** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, útilokar að flokkurinn sameinist Samfylkingunni líkt og Össur Skarphéðinsson vill. **Sjá síðu 2**

**STARFSFÓLK HRJÁIST AF STREITU** Sparnaðaraðgerðir á Landspítalanum hafa leitt til aukins álags á starfsmenn. Reynt er að aðstoða starfsfólk sem þjást af streitu af álagi. **Sjá síðu 4**

**SMALAÐ Í SAMFYLKINGUNA** Alls hafa rúmlega sjö þúsund nýir félagar gengið í Samfylkinguna frá áramótum og eru skráðir félagar nú nálægt tuttugu þúsundum. **Sjá síðu 6**

**SVARTUR REYKUR** Kardinálarnir í Páfagarði gátu ekki komið sér saman um hver yrði nýr páfi í fyrstu umferð kjörfundarins í gærkvöld og því steig svartur reykur upp úr skorsteini kapellunnar. **Sjá síðu 8**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJARTVIÐRI Á NORÐUR- OG AUSTURLANDI** Skýjaðra sunnan og vestan til og úrkomulítið. Rofar þar til síðdegis. Ákaflega milt yfir miðjan daginn eða 10-15 stig. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**VALUR MÆTIR HAUKUM** Tveir leikir verða í undanúrslitum DHL-deildar karla í handbolta klukkan 19.15. Haukar taka á móti Val og ÍR sækir ÍBV heim.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 38 | Myndlist | 36 |
| Tónlist | 36 | Íþróttir | 30 |
| Leikhús | 36 | Sjónvarp | 40 |



**82%**

20-49 ára karla á sv-horninu lesa Fréttablaðið á föstudögum.*

Þeir eru m.a. að sækja í bílaauglýsingar í smáauglýsingum – og það nýta bílasölur sér.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ




**ÁFRAM FORMAÐUR** Davíð Oddsson, sem flutti ræðu á ársfundi Útflutningsráðs Íslands í gær, hyggst bjóða sig fram til áframhaldandi formennsku í Sjálfstæðisflokknum á næsta landsþingi flokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Davíð vill leiða flokkinn áfram

**Davíð Oddsson hyggst gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku á næsta landsþingi Sjálfstæðisflokksins í október. Davíð hefur verið formaður flokksins síðan árið 1991.**

**STJÓRNMÁL** „Það er enn langt í landsfundinn en ég á ekki von á öðru en að bjóða mig áfram fram í formannssætið,“ segir Davíð Oddsson, utanríkisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur ekki áður opinberlega tilkynnt slíkt en næsti landsfundur flokksins, sá 36. í röðinni, fer fram 13. til 16 október næstkomandi.

Davíð Oddsson hefur gegnt formennsku í flokk sínum óslitið um fjórtán ára skeið en formaður er kosinn til tveggja ára í senn á landsfundi og hafa þar allir kosningarétt en rúmlega þúsund manns sátu síðasta landsfund Sjálfstæðisflokksins árið 2003. Á þeim fundi hlaut Davíð bestu kosningu sem nokkur formaður flokksins hefur hlotið í sögu flokksins eða 98 prósent atkvæða.

Haldi Davíð áfram næstu tvö árin sem formaður er hann engu að síður aðeins hálfdrættingur á við Ólaf Thors sem gengt hefur þessu embætti flokksins lengst allra, frá 1934 til 1961, 27 ár alls.

Davíð lét hafa eftir sér á síðasta landsfundi að engin brýn þörf væri á að endurnýja í forystu Sjálfstæðisflokksins næstu árin. Þar væru allir ungir menn ennþá þó flestir hefðu verið lengi í stjórnmálum. „Ég á enn langt í land með að ná Ólafi Thors en auðvitað er þetta allt afstætt.“

Ýmislegt hefur þó bjátað á í lífi Davíðs síðan þá. Skemmst er að minnast baráttu hans við erfið veikindi síðasta sumar. Var hann þar lagður inn vegna gallblöðrubólgu en við rannsóknir komu í ljós illkynja æxli í nýra og skjaldkirtli og gekk hann undir skurðaðgerðir í kjölfarið. Stutt er síðan hann lagðist aftur inn á sjúkrahús til eftirmeðferðar. Hún gekk vel og hefur Davíð hafið störf að nýju.

-aöe

Valgerður Sverrisdóttir:

# Ofbjóða dylgjurnar

**STJÓRNMÁL** „Mér er ómögulegt að skilja hvaða hvatir liggja að baki því að senda út þátt á borð við þennan,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um viðtal við Jónínu Benediktsdóttur í Kastljósi Ríkissjónvarpsins á sunnudaginn.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**

Í þættinum gagnrýndi Jónína meðal annars sölu ríkisins á bönkunum. Valgerður segir augljóst að með slíku drottningarviðtali sé verið að reyna að hafa áhrif á umræðuna í þjóðfélaginu og spyr hvort allt sé leyfilegt þegar Framsóknarflokkurinn er annars vegar. Ráðherra segir að sér ofbjóði sú vitleysa og þær dylgjur sem í þættinum hafi verið bornar fram. Valgerður tjáir sig um málið á heimasíðu sinni.

Ekki náðist í Jónínu Benediktsdóttir í gærkvöldi.

- aöe

Landnemar:

# Brottflutningi frestað

**JERÚSALEM, AP** Bakslag virðist komið í friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs eftir að Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, sagði í gær að til greina kæmi að fresta brottflutningi landnema frá Gazasvæðinu í sumar um þrjár vikur svo að hann bæri ekki upp á sérstakri sorgarhátíð gyðinga.

Auk þess hefur ríkisstjórnin lagt til að fimmtíu hús verði reist í landnemabyggð á Vesturbakkanum en vika er síðan að Bush Bandaríkjaforseti ítrekaði við Sharon að öllum nýframkvæmdum yrði hætt.

Palestínskir ráðamenn gagnrýndu áformin harðlega í gær og Shimon Peres, varaforsætisráðherra Ísraels, lýsti furðu sinni á ummælum Sharons. ■

Einkavæðingarnefnd um sölu Símans:

# Tilboðsfrestur lengdur

**EINKAVÆÐING** Einkavæðingarnefnd ákvað í gær að lengja frest til að skila inn óbindandi tilboðum í Símann til 17. maí næstkomandi. Átti fresturinn að renna út 6. maí.

Jón Sveinsson, formaður nefndarinnar, segir það hafa tekið lengri tíma að útbúa trúnaðarsamning og viðbótargögn til að afhenda áhugasömum fjárfestum.

Einnig var tekið fyrir bréf Agnesar Bragadóttur og Orra Vigfússonar þar sem óskað var eftir fjögurra til átta vikna fresti til að skila inn tilboði. Jón segir nefndina hafa komist að þeirri niðurstöðu að búið væri að marka rammann um söluferlið, það hefði verið kynnt opinberlega og þýðingarmikið að fyrirkomulagið væri trúverðugt. Allir ættu að sitja við sama borð og gæta ætti fyllsta jafnræðis. Í ljósi þess var nefndinni ekki fært að verða við ósk Agnesar og Orra en Jón segir þeim hafa verið bent á að fresturinn til að skila inn tilboðum var lengdur af öðrum orsökum.



**JÓN SVEINSSON**
Formaður einkavæðingarnefndar segir að fresturinn hafi verið lengdur til 17. maí.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að til greina kæmi að ráðstafa hluta af söluandvirði Símans í að fjármagna Sundabraut og önnur samgönguverkefni sem ekki væru í vegaáætlun.

Einkavæðingarnefnd ákvað jafnframt á fundi sínum í gær að miða skyldleika og tengsl væntalegra tilboðsgjafa við hámark þrjátíu prósent atkvæða í félagi eða rétt til að tilnefna eða setja af fleiri en einn stjórnarmanna eða meirihluta stjórnar.

- bg / - ss


VIKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU

Föstudagar
Esbjerg / Danmörk

591 3000



## SPURNING DAGSINS

*Haraldur, dregur þetta ekki dilk á eftir sér?*

**„Jú, því úrgangurinn verður hér eftir að fara í gröfina."**

Starfsemi einu kjötmjölsverksmiðju landsins hefur verið hætt, við litla hrifningu bænda. Haraldur Benediktsson er formaður Bændasamtakanna.

Japan-Kína:

# Milliríkjadeilan er í hnút

**KÍNA, AP** Ráðamenn í Japan og Kína íhuga að stefna leiðtogum beggja landa saman til að freista þess að lægja öldurnar í verstu millríkjadeilu sem komið hefur upp í samskiptum asísku stórþjóðanna tveggja í þrjá áratugi. Ásakanir gengu í gær áfram á víxl milli Peking og Tókýó vegna and-japanskrar múgæsingar í Kína og þess sem Kínverjar álíta vera tregðu Japana til að fara rétt með sögu japanska hernámsins í Kína á dögum síðari heimsstyrjaldar.

Talsmenn Kínastjórnar greindu frá því að stjórnvöld í Tókýó hefðu lagt til að japanski forsætisráðherrann Junichiro Koizumi og kínverski forsetinn Hu Jintao tækju tal saman á ráðstefnu leiðtoga Asíu- og Afríkuríkja sem fram fer í Indónesíu um næstu helgi.

„Við erum enn að íhuga þetta," sagði kínverski aðstoðarutanríkisráðherrann Wu Dawai. Koizumi gaf í skyn að enn væri langt í land þegar hann sagði að „verði aðeins skipst á brigslyrðum er betra að hittast ekki". ■



**VERKSUMMERKI MÚGÆSINGAR** Brotinn gluggi og málningarslettur á húsi ræðisskrifstofu Japans í Sjanghæ bera vitni um and-japönsk fjöldamótmæli helgarinnar þar í borg.

## SVÍÞJÓÐ

**PRINSESSA Í LÍFSHÁSKA** Viktoría prinsessa komst í hann krappann á Srí Lanka um helgina en þar heimsækir hún bágstadda. Að sögn Aftonbladet óku þarlendir ökumenn með prinsessuna á ofsahraða eftir mjóum sveitavegum og í eitt skipti munaði hársbreidd að bifreið hennar æki framan á bíl sem kom úr gagnstæðri átt.

**WALLSTRÖM VILL EKKI VERÐA FORMAÐUR** Margot Wallström, sem situr í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fyrir hönd Svía, tók af öll tvímæli um sína pólitísku framtíð í blaðagrein í Aftonbladet í gær. Þar sagði Wallström að hún hefði ekki áhuga á að taka við formennsku í Jafnaðarmannaflokknum eftir að Göran Persson lætur af embætti.



**ENDURNÝJUN** Alls verða 25 nýir lögreglubílar teknir í notkun á árinu.

Ríkislögreglustjóri:

## Kaupir 25 nýja bíla

**LÖGREGLUMÁL** Gert er ráð fyrir að embætti Ríkislögreglustjóra kaupi 25 nýja lögreglubíla á þessu ári og eyði til þess um hundrað milljónum króna.

Lögreglan í Reykjavík fær tíu nýja bíla en önnur embætti skipta hinum þrettán á milli sín. Tveir bílanna koma í staðinn fyrir aðra sem skemmst hafa í umferðaróhöppum. Er þannig áætlað að síðustu svokölluðu „Svörtu maríum" verði skipt út á árinu en þær hafa verið í umferð um áraraðir við almenna ánægju lögreglumanna. - aöe

Framtíð varnarliðsins:

## Viðræður í mánuðinum

**UTANRÍKISMÁL** „Við gerðum ráð fyrir að hefja viðræður að nýju í þessum mánuði en engin dagsetning hefur verið ákveðin," segir Davíð Oddsson utanríkisráðherra, en tafir hafa orðið á viðræðum íslenskra og bandarískra embættismanna um framtíð varnarsamnings landanna tveggja.

Fresta varð fyrirhuguðum fundi Davíðs og Robert Zoellick, varautanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem fara átti fram í byrjun þessa mánaðar, og hefur enginn fundur verið boðaður síðan. Davíð segir það stranda á Bandaríkjamönnum. „Það stendur ekki á okkur heldur eru Bandaríkjamenn enn að vinna sína heimavinnu." - aöe

# Hetjur hryllilegs stríðs fá orður

**Rússneska sendiráðið veitti tveimur íslenskum sjómönnum heiðursorður í gær. Þeir voru á bandarískum skipum og fluttu vistir til sovésku þjóðarinnar í seinni heimsstyrjöldinni.**

**HEIÐRAÐIR** Tveir íslenskir sjómenn fengu heiðursorður frá rússnesku þjóðinni í gær. Þeir voru hásetar á bandarískum skipum sem sigldu með vistir til Sovétríkjanna í seinni heimsstyrkjöldinni.

Rússneski sendiherrann, Alexander Rannikh, sagði að án aðstoðarinnar í gegnum Norður-Atlantshafið hefði sovéska þjóðin hvorki lifað af né hefði stríðið unnist. Um 27 milljónir Sovétmanna hefðu látið lífið í stríðinu, sem Rússar kalli Stóra föðurlandsstríðið. Hann sagði að íslensku sjómennirnir væru hetjur hryllilegs stríðs. Rannikh sagði Rússa ætla að veita fjölskyldum látinna Íslendinga á skipunum orður nú þegar þess væri minnst að sextíu ár eru liðin frá stríðslokum.

Guðbjörn Guðjónsson lagði úr Hvalfjarðarhöfn með PQ17-skipalestinni árið 1941. Hann varð innlyksa í Rússlandi eftir að þýski herinn réðist á skipalestina og sökkti flestum skipanna. Guðbjörn var í Rússlandi í átta mánuði en komst heim í gegnum England um sumarið 1942.

„Fleiri þúsundir sjómanna létust. Um fjörutíu skip fóru af stað og níu komust alla leið þannig að fólk getur rétt ímyndað sér harmleikinn," segir Guðbjörn, sem fylgdist með heimildarmynd um skipin í Ráðhúsinu í gær eftir orðuveitinguna. Guðbjörn segir að hann hugsi ekki oft um þessa harmþrungnu reynslu.

„Fátæktin þarna var mikil og eymdin. Fólkið fékk hvert sinn súpuskammtinn, einn disk af súpu á dag. Það var líka minn skammtur," segir Guðbjörn.

Pétur H. Ólafsson fór úr Reykjavíkurhöfn í apríl 1942 á ítölsku skipi sem Bandaríkjamenn höfðu hernumið. Hann taldi sig vera á leið til Bandaríkjanna en komst fljótt að því að leið hans lá fyrst til Múrmansk. Þar var hann fram í maí en á skipinu til ársins 1943.

„Maður minnist þessa tíma með hálfgerðum hryllingi og vorkunnsemi og gráti yfir þeim sjómönnum sem lentu í sjónum.

Þeir frusu í hel eða misstu hendur og fætur þegar þeir lentu í sjónum eða þurftu að fara í björgunarbáta," segir Pétur: „Við misstum 27 menn um borð hjá okkur. Ég var einn af þessum heppnu. Minn tími hefur ekki verið kominn."

gag@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**PÉTUR TEKUR Í HÖNDINA Á FORSETANUM** Pétur H. Ólafsson tekur hér í höndina á Ólafi Ragnari Grímssyni forseta. Á milli þeirra standa Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Guðbjörn Guðjónsson, sem eftir dvölina í Rússlandi fór bæði á enskt og pólskt skip: „Það endaði nú með því að ég kom heim," sagði Guðbjörn í gær. Pétur fór til Bandaríkjanna eftir Rússlandsferðina: „Það stóð til að gera mig að sjólíða hjá amerríska hernum en ég kaus nú heldur að koma heim."



**SILVIO BERLUSCONI** Hart er sótt að forsætisráðherranum og er búist við að hann segi af sér embætti á hverri stundu og myndi nýja stjórn.

Berlusconi:

## Hefur ekki sagt af sér

**RÓM, AP** Mikil óvissa ríkir í ítölskum stjórnmálum þessa stundina um framtíð ríkisstjórnar Silvio Berlusconi. Eftir neyðarfund oddvita stjórnarflokkanna í gær sagði Gianfranco Fini utanríkisráðherra að Berlusconi myndi senn biðjast lausnar fyrir ráðuneyti sitt og mynda nýja stjórn.

Búist var við að Berlusconi myndi tilkynna Carlo Azeglio Ciampi, forseta landsins, afsögnina á fundi þeirra í gær en í viðtali við blaðamenn eftir fundinn neitaði forsætisráðherrann að hafa sagt af sér.

Stjórnarflokkarnir biðu afhroð í héraðskosningum í mánaðarbyrjun og í síðustu viku sögðu tveir smáflokkar skilið við stjórnina. ■

## NOREGUR

**MANNÆTA Í FANGELSI** Dómstóll í Kristiansand hefur dæmt 26 ára gamlan mann til sex ára vistar í öryggisfangelsi. Hann hafði lýst yfir áhuga sínum á að hafa samfarir við unglingsstúlku, myrða hana svo og éta hana að drápinu loknu. Alls kvörtuðu ellefu stúlkur undan áreitni mannsins.


SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



ÓTVÍRÆÐIR YFIRBURÐIR
Gerðu fyrst gæðasamanburð. Svo skaltu gera verðsamanburð.

LEGACY
Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur
Verð nú 2.460.000
Verð á mán 29.447,-*

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Bílasamningur með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði


Össur Skarphéðinsson og Steingrímur J. Sigfússon:

# Ósammála um sameiningu

**STJÓRNMÁL** Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, segir að draumur sinn um sameiningu Samfylkingarinnar og Vinstri grænna sé nær því að rætast nú en áður. „Samfylkingin hefur mjög sterka áherslu á velferðarmál eins og hefur verið einkenni VG," segir Össur og að slagkraftur flokkanna sameinaðra yrði mun meiri.

„Það eru skýr rök og málefnalegar ástæður fyrir því að þetta eru tveir flokkar," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. „Ég held að samstarfið gangi betur núna af því að flokkarnir eru fastir í sessi og sjálfsöruggir og getur það auðveldað þeim að eiga samstarf á málefnalegum grunni," segir Steingrímur.

Össur segist í raun aðeins sjá eitt stórt mál sem sé alvarlegt ágreiningsefni flokkanna á milli, afstöðu þeirra til aðildar að Evrópusambandinu. Steingrímur J. er ósammála þessu. „Við erum ekki bara ósammála um Evrópumál heldur man ég ekki betur en að Samfylkingin hafi greitt atkvæði með Kárahnjúkavirkjun, ef ég á að nefna eitthvað fleira," segir Steingrímur.

„Allt tal um sameiningu þessara flokka er ekki á dagskrá mér vitanlega. Að auki er ekki hljómgrunnur fyrir þessu meðal unga fólksins sem vill skerpa línur enn frekar í pólitíkinni. Það er ótímabært að vera með yfirlýsingar af þessu tagi. Samfylkingin ætti að klára að kjósa sinn formann fyrst," segir Steingrímur. ■



**FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA** Steingrímur J. Sigfússon segir sameiningu Vinstri grænna og Samfylkingarinnar ekki á dagskrá.



Ég kem alltaf sterkur inn á vorin
Char-Broil
CB 6000 QSd
með hliðarhellu
TILBOÐ
3.316
á mánuði í 6 mánuði
Verð: 19.900 kr.
Verð áður: 28.900 kr.
Tilboðið gildir til 13. maí
á þjónustustöðvum
Olís og Ellingsen
Við SENDUM grillið heim til þín SAMSETT, KENNUM þér á það og losum þig við GAMLA grillið ef þú vilt.*
GRILLINU FYLGIR
olís
ÞÚ FINNUR MUNINN
ELLINGSEN
*Samsetning og heimkeyrsla er aðeins í boði á Stór-Reykjavíkursvæðinu, Reykjanesbæ, Selfossi, Akranesi og Akureyri.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 18.04.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,67 | 62,97 |
| Sterlingspund | GBP | 119,11 | 119,69 |
| Evra | EUR | 81,34 | 81,80 |
| Dönsk króna | DKK | 10,91 | 10,98 |
| Norsk króna | NOK | 9,90 | 9,96 |
| Sænsk króna | SEK | 8,86 | 8,91 |
| Japanskt jen | JPY | 0,58 | 0,59 |
| SDR | XDR | 94,74 | 95,30 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**112,01 +0,48%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Sameining heilsugæslustöðva:

# Ekki í óþökk heimamanna

**ALÞINGI** Sameining heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu verður ekki knúin fram með ráðherraskipun. Þetta kom fram í svari Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, í gær. Sagði Guðmundur að með þessari breytingu yrðu heimilishjálp og öldrunarþjónusta ekki tengdar með sama hætti og fyrr.

Jón neitaði því þó að um stefnubreytingu væri að ræða af hans hálfu. Ef sveitarfélög væru tilbúin til þess á landsvísu að flytja málefni heilsugæslu og öldrunarþjónustu heim í hérað væru stjórnvöld tilbúin til umræðu um þau mál. Hann sagðist þó ekki sjá að það væri mikil hreyfing á því máli um þessar mundir.

Í máli heilbrigðisráðherra kom fram að verið væri að skoða skipulag heilbrigðisþjónustunnar á landsvísu. Sameining heilsugæslustöðva á Suðurlandi hefði reynst vel og því verið settar fram hugmyndir um svipaða sameiningu á höfuðborgarsvæðinu. Þó svo að af þessu yrði taldi hann það ástæðulaust að óttast að boðleiðir lengdust eða þjónusta breyttist. Helst væri það að sameinaðar heilsugæslustöðvar gætu tekið myndarlegar á stærri verkefnum. - SS



**HUGMYNDIR SETTAR FRAM** Jón Kristjánsson sagði á alþingi í gær að hugmyndir um sameiningu heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu hefðu einungis verið settar fram til umræðu.

## BRETLAND

**HÆTT VIÐ ÞJÓÐARATKVÆÐI?** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, ýjaði að því í gær að ef Frakkar felldu stjórnarskrá Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu væri í raun sjálfhætt við slíka atkvæðagreiðslu í Bretlandi. Stjórnmálaskýrendur telja að Blair yrði frönsku nei-i feginn því þá yrði skuldinni ekki skellt á hann ef Bretar kysu á sömu leið.

**BILIÐ EYKST Á MILLI FLOKKANNA** Skoðanakönnun ICM fyrir Daily Mirror og ITV-sjónvarpsstöðina frá því í gær sýnir sterka stöðu Verkamannaflokksins fyrir kosningarnar 5. maí. 41 prósent aðspurða kvaðst ætla kjósa Verkamannaflokkinn, 33 prósent Íhaldsflokkinn og 20 prósent Frjálslynda demókrata.

Eldgos á Kómoreyjum:

# Engar fregnir af manntjóni

**NAIROBI, AP** Þúsundir manna urðu að flýja heimili sín á Kómoreyjum í gær eftir að eldfjallið Karthala byrjaði að gjósa. Ekki er þó talið að nokkur sé í bráðri hættu.

Karthala er á Stóru-Kómoreyju en eyjaklasinn er í vestanverðu Indlandshafi. Mikil gjóska steig upp af 2.361 metra háu fjallinu og varð talsvert öskufall í nálægum byggðum. Tíu þúsund manns flýðu heimili sín. Þegar leið á gærdaginn létti hins vegar öskufallinu og gat þá fólkið snúið aftur til síns heima. Lítið tjón virðist hafa orðið á eigum fólks og engar fregnir hafa borist af mannfalli. ■

Heilbrigðiseftirlitið:

# Ráðningu frestað

**BORGARMÁL** Tillögu um að ráða Árnýju Sigurðardóttur forstöðumanns heilbrigðiseftirlits var frestað á fundi Umhverfisráðs Reykjavíkurborgar í gær eftir að sjálfstæðismenn óskuðu eftir áliti borgarlögmanns á nýju skipuriti Umhverfissviðs.

Í bókun sjálfstæðismanna segir að samkvæmt nýju skipuriti verði ráðinn sérstakur forstöðumaður yfir heilbrigðiseftirliti en sviðsstjóri Umhverfissviðs verði framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins. Mikilvægt sé að fá úr því skorið hvort þetta fyrirkomulag standist lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. - SS

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**SLUPPU ÁN MEIÐSLA** Engin meiðsl urðu á fólki þegar Bronco-jeppa var ekið framan á strætisvagn á gatnamótum Tómasarhaga og Dunhaga í gærmorgun. Jeppinn skemmdist nokkuð en strætisvagninn lítið.

# Aukið álag á starfsmenn vegna sparnaðaraðgerða

**Sparnaðaraðgerðir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hafa leitt til aukins álags á hluta starfsmanna. Reynt er að aðstoða starfsfólk sem hrjáist af streitu og álagi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta er stór vinnustaður og margar starfseiningar,“ sagði Oddur Gunnarsson, lögmaður á skrifstofu starfsmannamála á Landspítalanum. „Við vitum að því miður koma aðstæður annað slagið vegna mönnunar, þar sem fólki líður illa vegna álags. Þá er það stjórnenda að bregðast við og reyna að jafna álagið. Það hefur enginn hagsmuni af því að yfirkeyra starfsemina.“

Forystumenn stéttarfélaga hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraliða á Landspítalanum segja starfsfólk kvarta undan miklu vinnuálagi.

Oddur sagði að sparnaðaraðgerðir á síðasta ári hefðu að hluta beinst að því að minnka yfirvinnu. Sums staðar kæmu þær þannig út að fólk þyrfti að leggja meira á sig en áður. Með því að halda sama þjónustustigi væri hætt við að sparnaðaraðgerðirnar gætu leitt til aukins álags á starfsmenn. Landspítalinn hefði ekki haft sömu möguleika og ýmsar aðrar stofnanir á að draga úr þjónustu. Samdráttur í starfsemi hjá öðrum stofnunum í heilbrigðiskerfinu kynni að leiða til aukins álags á Landspítalanum, sem væri yfirleitt endastöðin í heilbrigðiskerfinu. Á spítalanum væri starfsmönnum og yfirmönnum nú boðin þjónusta til að aðstoða þar sem álag og streita hrjáði fólk og gæti truflað eðlilega starfsemi. Á árinu 2003 hefði tekið til starfa stuðnings- og ráðgjafateymi, sem tæki á málum sem upp kynnu að koma hjá einstökum starfsmönnum og rekstrareiningum. Í teyminu væru sálfræðingar, félagsráðgjafar, prestar, hjúkrunarfræðingar og geðlæknir. Síðan væri allt frá árinu 2000 starfandi deild heilsu, öryggis og vinnuumhverfis á skrifstofu starfsmannamála LSH sem sinnti málum er varðaði líðan starfsmanna. Eitt meginmarkmið þeirrar deildar væri að stuðla að öryggi, vellíðan og ánægju í starfi.

„Það hafa verið tekin markviss skref af hálfu spítalans til að aðstoða fólk til að reyna að mæta auknum kröfum til heilbrigðisstarfsfólks um að sinna sjúklingum sem eru veikari nú en áður vegna skemmri legutíma,“ sagði Oddur, „svo og aukinni vöktun samfélagsins á hugsanlegum mistökum þessarra stétta í starfi.“

jss@frettabladid.is



**LANDSPÍTALINN** Starfsfólk sem rætt hefur við Fréttablaðið og borið sig illa undan því álagi sem það sé undir á vinnustað nefnir oft „kulnun í starfi“ sem það segist vera farið að finna fyrir.

# Auknar fjarvistir hafa aukið álagið

**HEILBRIGÐISMÁL** Samanburður sem sviðsstjórar Landspítala – háskólasjúkrahúss hafa gert á fjarvistum starfsmanna spítalans í janúar og febrúarmánuði í fyrra og á sama tíma í ár sýndu að umtalsvert meira var um veikindi starfsmannanna í ár en í fyrra, að sögn Eydísar Sveinbjarnardóttur, starfandi hjúkrunarforstjóra. Hún sagði því ekki að neita að mikið vinnuálag væri á spítalanum.

„Þessi veikindi innan spítalans endurspegla ástandið eins og það hefur verið í samfélaginu,“ sagði Eydís. „Umgangspestir svo sem flensan, kvef og magapestir hafa komið hart niður á starfsfólkinu í ár og það þýðir að þá er verið að biðja þá að vinna meira en í venjulegu árferði. Það lendir á hinum sem uppi standa, auk þess sem fólk hefur kannski verið að koma hálflasið til vinnu til að fjarvera þess bitnaði ekki á starfsfélögunum.“

Eydís sagði að almennt talað hefðu afköst spítalans verið að aukast á undanförnum misserum, en ekki hefði verið bætt við vinnuafli í takt við það. Ef slæmt ástand myndaðist á einhverri tiltekinni deild vegna mönnunar væri markvisst gengið í að laga það. - jss



**EYDÍS SVEINBJARNARDÓTTIR** Hjúkrunarforstjóri.






## Veðrið

**AKUREYRI OG SUNDLAUGIN** Það eru horfur á rjómablíðu á Akureyri í dag með sól og hita allt að 14-15 stigum. Þetta minnir mann á hversu gaman er að koma til Akureyrar í blíðskaparveðri, fara í þeirra frábæru sundlaug og sleikja sólskinið. Nú er bara að gera fellihýsið klárt!! **EN HVERNIG VIÐRAR ANNARS STAÐAR?** Mjög vel. Reyndar nokkuð vindasamt allra syðst en svo gæti farið að það rofaði til í höfuðborginni þegar líður á daginn. Og hitinn á landinu... 10-15 stig!!



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Ákveðin suðaustlæg átt sunnan til, annars hægari. Hætt við lítilsháttar súld syðra.

### Sumardagurinn fyrsti




Hæg austlæg átt. Úrkomulítið.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C | skýjað | París | 15°C | léttskýjað | Torrevieja | 23°C | léttskýjað |
| Osló | 12°C | skýjað | Berlín | 16°C | léttskýjað | Milano | 15°C | léttskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C | skýjað | Frankfurt | 12°C | rigning | New York | 23°C | léttskýjað |
| Helsinki | 2°C | skýjað | Madrid | 18°C | léttskýjað | San Francisco | 20°C | heiðskírt |
| London | 15°C | léttskýjað | Barcelona | 18°C | skýjað | Orlando/Florida | 27°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




FRÍTT EINTAK

## STÓRGLÆSILEG HANDBÓK FYRIR GARÐEIGENDUR KOMIN ÚT

**Sumar í garðinum 2005-2006 er vegleg handbók fyrir garðeigendur sem BYKO gefur út.**

Handbókin er í raun hálfgerð alfræðibók um allt það sem ber að hafa í huga við hönnun og framkvæmd garða.

Sumar í garðinum er handbókin sem hjálpar þér frá A-Ö að skapa garð sem fullnægir þínum þörfum þannig að þú getur haft það gott - í allt sumar.

# hafðu það gott





**4.990**
6.900

Vnr.74890004

## Hekkklippur

**BOSCH hekkklippur AHS 4-16, sverðlengd 42 cm, 390W.**

Verð frá **93** kr/lm
117

Vnr.0058254-954

## Pallaefni

Fura/alheflað.

## OPNUNARTÍMI Á sumardaginn fyrsta

| | |
|---|---|
| BYKO Breidd | 11-17 |
| BYKO Selfossi | 12-16 |
| BYKO Hringbraut | 11-17 |

26" REIÐHJÓL




Vnr.50630100

## Gasgrill

**OUTBACK gasgrill, OMEGA 200. Stærð: 55x36 cm grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborðum, neistakveikju, þrýstijafnara og grill-steinum. Kemur samsett fyrir utan fætur og hliðarborð.**

**12.900**
14.900



**18.900**

Vnr.49620212

## Fjallahjól

**26" fjallahjól með tveimur dempurum, 21-gíra, Shimano gírabúnaður, gripshift skipting, álfelgur, V-bremsur.**

BYKO

**BYGGIR MEÐ ÞÉR**



## KJÖRKASSINN

*Á að sameina yfirstjórn heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 57% |
| Nei | 43% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Verður R-listinn í framboði í næstu borgarstjórnarkosningum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Furðulegur misskilningur í Írak:

# Vafi leikur á hvort gíslar voru teknir

**MADAIN, AP** Svo virðist sem gíslatakan í smábænum Madain í Írak hafi verið orðum aukin. Íraskar öryggissveitir réðust inn í bæinn í gærmorgun en mættu engri mótspyrnu og fundu enga gísla. Í staðinn hittu þeir fyrir íbúa bæjarins sem inntu sín daglegu störf af hendi í friði og spekt.

Á föstudaginn var greint frá því að uppreisnarmenn úr hópi súnnía hefðu handsamað tugi sjía í Madain og hótað að drepa þá ef trúbræður þeirra í bænum hefðu sig ekki á brott. Talsmenn súnnía drógu hins vegar fregnirnar mjög í efa en engu að síður ákváðu stjórnvöld að senda fjölmennt herlið á vettvang í gærmorgun. Naut það aðstoðar bandarískra flugsveita. Hvorki fundust gíslar né uppreisnarmenn og hallast menn nú að því að atburðurinn hafi aldrei átt sér stað. Hins vegar fannst talsvert af sprengiefnum og vopnum sem talið er að skæruliðar hafi átt.

Engin skýring hefur fengist á þessum misskilningi en sumir stjórnmálaskýrendur telja að með uppákomunni hafi valdamenn úr röðum sjía viljað sýna að þeir hefðu stjórn á landinu og tækju hryðjuverkamenn föstum tökum. ■



MYND/AP

**ALLT MEÐ KYRRUM KJÖRUM**

Þegar öryggissveitir komu til Madain í gær var allt með ró og spekt. Hins vegar fundust vopn og sprengiefni sem talin eru tilheyra uppreisnarmönnum.

Fidel Castro:

# Lýðræðið í öndvegi

**HAVANA, AP** Sveitarstjórnarkosningar voru haldnar á Kúbu um helgina. Fidel Castro, forseti landsins, sagði í ávarpi sínu til þjóðarinnar að kosningarnar væru þær lýðræðislegustu í heimi.



**KEIKUR Á KJÖRSTAÐ**

Castro sagði að ekkert ríki heims byggi við eins lýðræðislegt kosningakerfi og Kúba.

Kosningarnar voru ekki hefðbundnar flokkakosningar enda er aðeins einn flokkur leyfður í landinu, kommúnistaflokkur forsetans. Í staðinn geta borgarar tilnefnt þá sem þeir vilja í þær stöður sem eru í boði. Lýðræðið er þó frekar í orði en á borði því frjáls fjölmiðlun er óþekkt í landinu og eftirlit ríkisins með borgurunum meira en góðu hófi gegnir. ■

## GRÆNLAND

**NÍÐINGUR DÆMDUR** Héraðsdómur í Narsaq á Grænlandi hefur dæmt 52 ára gamlan mann til ótilgreint langrar vistar á fangelsishæli í Danmörku fyrir kynferðisofbeldi gegn ellefu drengjum á margra ára tímabili. Dómnum var áfrýjað.

# Sjö þúsund hafa gengið í flokkinn

**Samfylkingarmönnum hefur fjölgað úr þrettán þúsund í tuttugu. Bæði Ingibjörg Sólrún og Össur hafa verið dugleg að fá nýtt fólk í flokkinn.**

**FORMANNSKJÖR** Alls hafa rúmlega sjö þúsund nýir félagar gengið í Samfylkinguna frá áramótum og eru skráðir félagar í Samfylkingunni nú nálægt tuttugu þúsundum. Félögum hefur því fjölgað um rúman helming frá áramótum er þeir voru um þrettán þúsund.

Í gegnum skrifstofu Össurar Skarphéðinssonar hafa komið um tvö þúsund nýjar skráningar og rúmlega þrjú þúsund í gegnum skrifstofu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur varaformanns. Um tvö þúsund skráningar bárust beint til skrifstofunnar.

Össur gleðst yfir því að svona mikill áhugi skuli vera á Samfylkingunni. „Það kemur mér ekki á óvart að félögum skuli hafa fjölgað svona, það var átak í gangi af hálfu beggja frambjóðenda og það gekk ákaflega vel," segir hann.

Ingibjörg Sólrún segist alltaf hafa verið þeirrar skoðunar að nýta ætti tækifærið sem formannskjörið er til þess að fjölga í flokknum. „Samfylkingin á að vera breiðfylking fólks sem vill auka jöfnuð og jafnrétti í samfélaginu. Við erum með 57 þúsund kjósendur og eigum von um fleiri og ég vil að sem flestir séu skráðir í flokkinn," segir Ingibjörg.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**INGIBJÖRG SÓLRÚN OG ÖSSUR**

Bæði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Össur Skarphéðinsson eru ánægð með hversu margir hafa gengið í Samfylkinguna undanfarna í daga.

Þau eru bæði mjög bjartsýn á framhaldið. Össur segir undanfarna tíu daga hafa verið ævintýri líkasta. „Það hafa streymt til mín stuðningsmenn og ég finn að það er greinilega viðhorfsbreyting í gangi," segir Össur.

„Menn taka mínum pólitísku áherslum, á klassíska jafnaðarstefnu og minn mikla vilja til að mynda ríkisstjórn fjölskyldunnar, sem jafnframt tekur á málefnum aldraðra og fólks með skerta starfsgetu, ákaflega vel. Menn líta bersýnilega á það sem ákveðið svar við þessum harðvítugu markaðsöflum sem leika lausum hala," segir Össur.

Ingibjörg segir að baráttan hafi gengið mjög vel. „Ég hef alltaf lagt á það áherslu að við erum ekki að kjósa um mismunandi stefnu í formannskjörinu. Þetta er persónuleg kosning einstaklinga sem eiga að vera málsvarar þeirrar stefnu sem Samfylkingin mótar á landsfundi," segir Ingibjörg.

„Hins vegar er auðvitað áherslumunur á milli okkar Össurar. Munurinn lýtur meðal annars að sýn okkar á lýðræðið og hvernig því verði best fyrirkomið. Það endurspeglast meðal annars í umræðunni um framtíðarhópinn. Mér finnst að framtíðarhópurinn sé mjög merkileg tilraun til að móta stefnu með þátttöku mjög margra og þar sem unnið er faglega að stefnumótun," segir Ingibjörg.

**sda@frettabladid.is**

## Kosningin byggir á trausti

**FORMANNSKJÖR** Tæplega tuttugu þúsund flokksmenn Samfylkingarinnar fá að um það bil viku liðinni senda heim til sín kjörseðla vegna formannskjörsins.



**FLOSI EIRIKSSON**

Kjósendur krossa við þann frambjóðanda sem þeir velja og skrifa nafn sitt eigin hendi utan á meðfylgjandi umslag, merkt kennitölu, sem sett er í svarumslag, sem einnig fylgir með.

Bent hefur verið á að ekki þurfi að framvísa persónuskilríkjum til að mega kjósa í formannskjörinu, heldur nægi að rita nafn sitt eigin hendi á svarumslag. Flosi Eiríksson, formaður kjörstjórnar Samfylkingarinnar, segir að kosningafyrirkomulagið byggist á trausti. „Í Samfylkingunni er heiðarlegt og traust fólk og við eigum ekki von á því að kjörseðlar verði misnotaðir," segir hann.

„Við teljum að í þessu formi allsherjaratkvæðagreiðslu hafi verið valin lýðræðislegasta leiðin sem leiði til beinnar þátttöku sem flestra," segir Flosi.

Þá sé athugunarefni að næstu kosningar innan Samfylkingarinnar fari fram með rafrænum hætti.

Atkvæði þurfa að hafa borist kjörstjórn fyrir klukkan 18 fimmtudaginn 19. maí en landsfundur Samfylkingarinnar hefst næsta dag. Úrslitin í formannskjörinu verða tilkynnt á landsfundinum á laugardeginum 21. maí. **- sda**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HÆTTUNNI BOÐIÐ HEIM**

Greið leið var að kviksyndinu þegar girðingin féll niður.

Kviksandur í Kópavogi:

# Öryggisgirðing féll

**ÖRYGGISMÁL** Öryggisgirðing sem reist var til að girða af kviksyndi á lóð Björgunar ehf. í Fossvogi lá niðri í gær. Kviksyndið komst í fréttirnar nýverið vegna þeirrar hættu sem skapast í sandfjörunni á lóðinni.

Ekki er vitað hversu lengi girðingin hefur legið niðri, en hún gæti hafa fallið í rokinu sem gekk yfir höfuðborgarsvæðið um helgina. Bryndís Guðmundsdóttir, vigtunarstjóri hjá Björgun, sagði í samtali við Fréttablaðið að úr þessu hefði verið bætt í gær. **- ábi**



**KÍNVERJI VIÐ KÁRAHNJÚKA**

Á virkjunarsvæðinu eru nú fjölmargir verktakar og ráðgjafar. Búið er að bjóða út og semja um 91 prósent af þeim verkefnum sem tengjast virkjuninni.

Vinnuafl við Kárahnjúka:

# Næstum 80% útlendingar

**VIRKJUN** Þegar framkvæmdir standa sem hæst á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka í sumar verða um 1.600 starfsmenn á svæðinu. Um 1.300 manns eru að störfum á Kárahnjúkasvæðinu um þessar mundir og þar af eru 270 Kínverjar.

Hlutfall erlendra starfsmanna er nú á milli 70 og 80 prósent og er ekki búist við að hlutfall Íslendinga aukist fyrr en 2006 eða 2007 þegar framkvæmdirnar verða komnar á lokastig.

Um 300 manns vinna nú erlendis að verkefnum sem tengjast Kárahnjúkavirkjun. **- kk**

## NOREGUR

**BANASLYSUM FÆKKAR Í UMFERÐINNI** Banaslysum í umferðinni í Noregi fækkaði verulega fyrstu þrjá mánuði þessa árs miðað við sömu mánuði í fyrra. Þá létu 63 lífið í umferðinni en voru 48 núna. Slösuðum fækkaði líka á sama tíma en þó ekki að sama skapi og banaslysunum.




Rekstrarstjórnun í dagsins önn

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands heldur morgunverðarfund **miðvikudaginn 20. apríl frá kl. 8.30 - 10.00 í Sunnusal á Radisson SAS, Hótel Sögu.** Markmiðið með fundinum er að veita innsýn í störf stjórnenda þar sem rekstrarstjórnun er ríkur þáttur.

Fundarstjóri verður **Dr. Ingjaldur Hannibalsson**, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild.



**Guðrún S. Eyjólfsdóttir**, framkvæmdastjóri gæðasviðs hjá Actavis, lyfjafræðingur og MBA.



**Björgvin Tómasson**, framkvæmdastjóri Nortek, rafmagnstæknifræðingur og MBA.



**Jón Viðar Matthíasson**, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, verkfræðingur og MBA.

**Fyrirspurnir og umræður.**

Áhugasamir eru beðnir að skrá þátttöku sína með því að senda tölvupóst á Áshildi Bragadóttur, verkefnastjóra kynningarmála, ashildb@hi.is.

**Aðgangseyrir er kr. 1.500. Innifalið í verðinu er morgunverður og kaffi.**

H2 hönnun

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

V

# Frábær árangur



## Tilboð

**Í tilefni af innlausnardegi spariskírteina bjóðum við eigendum spariskírteina og öðrum fjárfestum** að kaupa í verðbréfasjóðum Íslandsbanka með 50% afslætti af gengismun til 30. apríl 2005.

## Magnaðir verðbréfasjóðir sem hafa skilað **bestu ávöxtun** sambærilegra sjóða síðustu fimm ár!

- **Sjóður 1** – Íslensk skuldabréf
  Hentar öllum fjárfestum sem vilja ávaxta fé í eitt ár eða lengur. Gengi sjóðsins sveiflast að jafnaði ekki mikið.
  **Meðalnafnávöxtun Sjóðs 1 síðastliðin fimm ár er 10,8%***

- **Sjóður 5** – Íslensk ríkisskuldabréf
  Sjóðurinn hentar öllum fjárfestum sem vilja ávaxta fé í tvö ár eða lengur og kjósa öryggi ríkisverðbréfa.
  **Meðalnafnávöxtun Sjóðs 5 síðastliðin fimm ár er 10,4%***

- **Sjóður 6** – Aðallistinn
  Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í þrjú ár eða lengur og þola miklar verðsveiflur. Mælt er með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni.
  **Meðalnafnávöxtun Sjóðs 6 síðastliðin fimm ár er 17,7%***

Verðbréfasjóðir Íslandsbanka hafa skilað frábærri ávöxtun undanfarin ár. Það þökkum við fagmennsku og kunnáttu starfsmanna Eignastýringar sem sífellt leita að bestu fjárfestingartækifærunum og meta markaðshorfur með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

**Fáðu nánari upplýsingar í síma 440 4920 og á isb.is.**

ÍSLANDSBANKI | 100%

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2680

* Ávöxtunartímabil er 1.3.2000–28.2.2005. Ávöxtun í fortíð er ekki trygging fyrir ávöxtun í framtíð.



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvar í Evrópu hyggst Landsvirkjun byggja vatnsaflsvirkjun?*

2 *Hvaða mál gegn Reykjavíkurborg verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag?*

3 *Hvaða fótboltalið mætast í úrslitum ensku bikarkeppninnar 21. maí?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Leiðtogar Indlands og Pakistans funduðu:

# Þíða í samskiptum ríkjanna

**INDLAND, AP** Leiðtogar Indlands og Pakistans samþykktu á fundi sem var haldinn í Nýju-Delí á Indlandi um helgina að efla viðskipti sín á milli. Þeir Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, og Pervez Musharraf, forseti Pakistans, ræddu meðal annars um það hvort hægt væri að flytja gas frá Íran og Túrkmenistan til Indlands í gegnum Pakistan.

Einnig samþykktu þeir að láta menn lausa úr haldi sem höfðu verið fangelsaðir eftir að hafa fyrir mistök farið yfir landamærin sem skilja löndin tvö að.

Með heimsókn sinni freistaði Musharraf þess að styrkja samskipti þjóðanna, sem hafa verið afar stirð í gegnum tíðina. Við heimkomuna til Pakistans kvaðst hann vera ánægður með viðræðurnar þótt ekki mætti búast við of mikilli bjartsýni. Enn er erfiðasta deilumálið óleyst en það er framtíð Kasmírhéraðs.

Musharraf heimsótti Indland síðast árið 2001 og fundaði þá með Atal Bihari Vajpayee, þáverandi forsætisráðherra landsins. Lítill árangur varð af þeim viðræðum. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**PERVEZ MUSHARRAF**
Forseti Pakistans átti árangursríkan fund með forsætisráðherra Indlands.

Árás á Ásláki:

# Málið enn hjá lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglunnar á láti hálfsextugs manns í desember er lokið en niðurstaðna gagna úr rannsókninni er beðið. Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir málið verða sent ríkissaksóknara þegar gögnin berist.

Maðurinn fékk hnefahögg í höfuðið á sveitakránni Ásláki. Hálfþrítugur maður hefur játað verknaðinn og er hann laus. Maðurinn sem lést, Ragnar Björnsson, var að bægja gestum frá átökum sem yngri maðurinn átti í er sá sló hann fyrirvaralaust. Hann lést daginn eftir. **- gag**

## KJARAMÁL

**KENNARAR Í VERSLÓ ÁN SAMNINGS** Kennarasamband Íslands hefur fundað tvisvar með samninganefnd ríkisins vegna kjarasamnings kennara í Verzlunarskóla Íslands sem rann út í lok janúar. Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir samninginn í grundvallaratriðum verða á sömu nótum og sá sem framhaldsskólakennarar samþykktu fyrir helgi með yfirgnæfandi meirihluta eða rétt tæpum 84 prósentum.

**NÁTTÚRUFRÆÐINGAR SÖGÐU JÁ** Félag náttúrufræðinga, sem er innan Bandalags háskólamanna en stóð utan 24 félaga samnings bandalagsins, samþykkti sérsamning sinn við ríkið. Hann var á svipuðum nótum og heildarsamningurinn. Rétt rúm 77 prósent þeirra greiddu atkvæði og sögðu tæp 88 prósent já. Tæp tíu prósent sögðu nei. Aðrir gerðu ógilt eða skiluðu auðu.

## KJARAMÁL

**HÁSKÓLAKENNARAR SAMÞYKKTU** Félag háskólakennara, sem er innan Bandalags háskólamanna, BHM, hefur samþykkt kjarasamning sinn við ríkið. Af 482 félagsmönnum greiddu 251 atkvæði og rúm 83 prósent þeirra sögðu já. Rúm ellefu prósent sögðu nei og rúm fimm prósent skiluðu auðu.

## ÁRÉTTING

**KJARVALSMÁLIÐ** Ummæli borgarstjóra, Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, um að fjölskylda listmálarans Jóhannesar Kjarval væri ekki samstiga í málarekstri gegn Reykjavíkurborg voru byggð á fyrri samskiptum fjölskyldumeðlima við embætti borgarstjóra. Embættinu hefur nú verið bent á að fjölskyldan sé samstiga og því leiðréttir borgarstjóri ummæli sín. Málið snýr að málverkum sem bæði borgin og fjölskyldan telja sig eiga.



MYND/AP

**SÓTSVARTUR MÖKKUR ÚR SIXTÍNSKU KAPELLUNNI**
Kardinálarnir í Páfagarði gátu ekki komið sér saman um hver yrði nýr páfi í fyrstu umferð kjörfundarins í gærkvöld og því steig svartur reykur upp úr skorsteini kapellunnar. Eflaust verður heimsbyggðin að bíða í nokkra daga þangað til hvíti reykurinn læðist upp úr reykháfnum.

# Hvíta reyksins beðið

**Kjörfundur hófst í Páfagarði í gær en kardinálunum tókst ekki að komast að samkomulagi um nýjan páfa í fyrstu umferð. Í predikun fyrir kjörfundinn lýsti Ratzinger kardináli afstæðishyggju sem einni helstu ógn nútímans.**

**PÁFAGARÐUR, AP** Kardinálar frá öllum heimshornum settust í gær á rökstóla um kjör nýs páfa, bak við luktar dyr Sixtínsku kapellunnar í Páfagarði. Ekki var einhugur um nýjan páfa í fyrstu atkvæðagreiðslunni og því reis svartur mökkur upp úr reykháfi kapellunnar.

Hátæknihlerunarvarnabúnaður á að hindra að nokkuð spyrjist út um það sem fram fer fyrr en kardinálarnir 115 hafa komist að niðurstöðu, en það gæti tekið nokkra daga.

Er hinum þungu dyrum kapellunnar var lokið aftur höfðu nærfellt 40.000 manns safnast á Péturstorgið til að freista þess að vera með þeim fyrstu sem sjá hvíta reykinn stíga upp af þar til gerðum reykháf kapellunnar, en hann táknar að nýr páfi, hinn 265. í röðinni, hafi verið kjörinn.

Það var hins vegar svartur mökkur sem steig upp til himna frá kapellunni í gærkvöld. Hann táknar að kardinálunum tókst ekki að ná samkomulagi um nýjan páfa í fyrstu umferð kosninganna. Líklega mun hvíti reykurinn ekki stíga upp fyrr en að nokkrum atkvæðagreiðslum loknum.

Joseph Ratzinger, einn áhrifamesti kardinálinn í Páfagarði, messaði yfir kollegum sínum áður en þeir drógu sig í hlé til kjörfundarins. Í ræðunni minnti Ratzinger kirkjuhöfðingjana og kaþólikka almennt á hreyfingar sem hann telur ógn við hina réttu trú og helstu áskoranir næsta páfa. Meðal þessara ógna taldi hann hugmyndafræði á borð við marxisma, frjálshyggju, guðleysi, efahyggju og sjálfhverfa einstaklingshyggju.

Sérstaka ógn sagði hann stafa af afstæðishyggju, hugmyndafræði þeirra sem telja að enginn algildur sannleikur sé til. „Við færumst nær alræði afstæðishyggjunnar sem tekur engin gildi gild,“ sagði Ratzinger. Þessari ógn verði kirkjan og hinir trúuðu að mæta af festu.

Ratzinger, sem er 78 ára að aldri, er einn þeirra sem líklegastir þykja til að verða næsti páfi. Í veðbönkum var hann í gær kominn upp fyrir Ítalann Dionigi Tettamanzi, sem þykir frjálslyndari en Ratzinger. Meðal þeirra sem mest er veðjað á eru þó nú í fyrsta sinn menn frá löndum utan Evrópu; frá Brasilíu, Hondúras og Nígeríu. Jóhannes Páll II var fyrsti páfinn í aldaraðir sem ekki var ítalskur. ■




**Samfylkingin og framtíðin**
**- hver er brýnustu verkefni jafnaðarmanna?**

**Í kvöld kl. 20:30** standa **Ungir jafnaðarmenn** og **félagsskapurinn 60+** sameiginlega fyrir fyrsta eiginlega framboðsfundi **Össurar Skarphéðinssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur** í formannskjöri Samfylkingarinnar. Á fundinum munu formannsefnin lýsa framtíðarsýn sinni fyrir Samfylkinguna og því hver þau telji vera brýnustu verkefni íslenskra jafnaðarmanna.

Andrés Jónsson, formaður UJ verður fundarstjóri á fundinum sem haldinn verður í **Leikhúskjallaranum** við Hverfisgötu 19, í kjallara Þjóðleikhússins. Fundurinn hefst **kl. 20:30**.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**-Stjórn UJ og 60+**

Samfylkingin
www.samfylking.is


Svartir listar flugfélaga:

# Huga þarf að heimildum í lögum

**FLUGDÓLGAR** Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir vissara að hafa varið fyrir neðan sig í fyrirætlunum um að koma upp „svörtum lista“ yfir flugdólga. Almar Örn Hilmarsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, viðraði hugmyndina í kjölfar þess að sex farþegar létu dólgslega í flugi til Kaupmannahafnar um helgina.

„Ætli sér einhver að koma sér upp slíkum lista þarf hann að ganga úr skugga um að heimild sé til þess í lögum. Skilgreina þarf í hverju felst að vera flugdólgur og ákveða hvernig nota á upplýsingarnar. Síðan þarf að huga að því hvernig notkunin passar við heimildarákvæði laga um meðferð persónuupplýsinga,“ segir hún og bendir á að í gildandi lögum sé gert ráð fyrir vanskilaskrám og um þær skýrar reglur. „Það eru hins vegar engar sérreglur til um dólgaskrár.“ Hún segir ýmsa hafa haldið úti svörtum listum, til dæmis myndbandaleigur og fleiri. „En þar er alltaf verið að tala um upplýsingar af fjárhagslegum toga.“ **- óká**



**SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR**
Forstjóri Persónuverndar segir ekkert koma í veg fyrir að flugfélög komi sér upp svörtum lista yfir flugdólga. „En ef einhver kvartaði yfir veru sinni á slíkri skrá og við kæmumst að því að heimildir skorti væri okkur heimilt að grípa inn í.“

# Sumargjafir
## í miklu úrvali



**HETTUBOLUR**
margir litir, st. 7/8-13
**1.499 kr**

**KVARTBUXUR**
margir litir, st. 7/8-13
**1.299 kr**



Barbie
**BOLUR**
bleikur, st. 3-8
**1.999 kr**

Barbie
**PILS**
bleikt, st. 3-8
**2.499 kr**

**HÚLA HOPP**
hringir 2 stærðir
verð frá **299 kr**



**FÓTBOLTA-ÞJÁLFI**
**799 kr**



**SANDSETT**
5 hlutir
**399 kr**



**KENGÚRUBOLTI**
60 cm
**899 kr**



**KENGÚRUBOLTI**
50 cm
**699 kr**



**FLUGDÓT**
mikið úrval
verð frá **149 kr**



**VATNSBYSSUR**
mikið úrval
verð frá **99 kr**



**HJÓLBÖRUR**
úr járni
**1.999 kr**



**VÖRUBÍLL**
**1.299 kr**

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

AP MYND



**HVERGI BANGINN**
Þessi bolabítur var til sýnis á hundasýningu á Taívan um helgina. Þrátt fyrir loðinn og holdugan skrokkinn lét hann sig ekki muna um að stökkva í gegnum logandi hring.

Uppbygging miðbæjarins á Akureyri:

# Úrslit tilkynnt í maí

**HUGMYNDASAMKEPPNI** Vegna mikils fjölda tillagna í hugmyndasamkeppni um uppbygginguna miðbæjarins á Akureyri hefur dómnefnd ákveðið að fresta tilkynningu um niðurstöðu keppninnar fram til 7. maí. Alls bárust 147 tillögur, víðs vegar að úr heiminum, en það eru mun fleiri tillögur en búist var við.

Ragnar Sverrisson, kaupmaður á Akureyri og talsmaður verkefnisins, segist vonast til að keppnin gefi Akureyringum nýja sýn á miðbæinn og verði leiðarljós í uppbyggingu hans næstu árin.

Í september í fyrra var haldið íbúaþing á Akureyri en tilgangur þess var að afla upplýsinga um afstöðu bæjarbúa til miðbæjarskipulagsins. Ragnar segir að aldrei hafi fleiri sótt íbúaþing á Íslandi en 10 prósent Akureyringa sóttu þingið; um 1.600 manns.

Verkefnið, sem ber heitið Akureyri í öndvegi, er fjármagnað af 13 fjársterkum fyrirtækjum með starfsemi á Akureyri en Ragnar segir kostnaðinn nú þegar kominn í um 40 milljónir króna. Þar af er verðlaunafé í hugmyndasamkeppninni um átta milljónir króna.

– kk

FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**RAGNAR SVERRISSON**
Hugmyndasamkeppnin var haldin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og beindist einkum að fagfólki á sviði byggingarlistar og skipulags þótt þátttaka hafi verið öllum opin.

Flugmálastjórn:

# Starfsemi skipt upp

**STJÓRNSÝSLA** Starfsemi Flugmálastjórnar verður skipt upp í tvö fyrirtæki samkvæmt tillögum stýrihóps samgönguráðherra.

Annað fyrirtækið hefur eftirlit og stjórnsýslu eftir atvikum á sinni könnu en hitt sér um þjónustu. Er þetta í samræmi við erlendar og innlendar kröfur um nútíma stjórnunarhætti.

Leggur hópurinn til að þjónustustarfsemi Flugmálastjórnar verði færð í hlutafélag í eigu ríkisins og flugöryggissvið og stjórnsýsla verði rekin sem B-hluta stofnun.

- ssal



**VESTMANNAEYJAR**
Nágrannaerjur hafa sett svip sinn á skemmtanahaldið í Eyjum og hefur Höllin, helsti skemmtistaður Eyjamanna, verið með skert skemmtanaleyfi í þrjá mánuði.

Höllin í Eyjum:

# Lokað klukkan eitt

**ERJUR** Nágrannaerjur ógna skemmtanahaldi í Vestmannaeyjum, en veislu- og ráðstefnustaðurinn Höllin hefur verið með skert skemmtanleyfi síðan 17.janúar og má einungis hafa opið til klukkan eitt um nóttina.

„Síðan við tókum fyrstu skóflustunguna hafa tveir nágrannar kært staðinn reglulega fyrir hávaðamengun,“ segir Grímur Gíslason, veitingamaður í Höllinni. „Hið opinbera ákvað að grípa inn í með þessum hætti. Við kærðum hávaðamælingu þess fyrir þremur mánuðum en ekkert hefur gerst og engin svör hægt að fá.“ Að sögn Gríms eru Eyjamenn mjög óánægðir og hafa gengið undirskriftalistar um bæinn til þess að mótmæla þessari ráðstöfun. ■

# Hundrað milljónir barna fá ekki að ganga í skóla

**Mun færri stúlkur en drengir njóta lágmarksmenntunar og er ástandið sérstaklega bágborið í þróunarlöndunum. Eitt hundrað milljónir barna víða um heim fara á mis við skólagöngu.**

**MENNTUN** 100 milljónir barna víða um heim fara á mis við skólagöngu og stúlkur eru þar í yfirgnæfandi meirihluta. Ástandið virðist þó heldur vera að lagast en betur má ef duga skal.

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, birti í gær skýrslu um skólagöngu barna víða um heim. Samtökin telja að um eitt hundrað milljónir barna hljóti ekki menntun af neinu tagi, samanborið við 115 milljónir árið 2001. Þótt örlítið hafi miðað áfram segja forsvarsmenn samtakanna að þjóðir heims verði að leggjast á árarnar, eigi markmið SÞ um að allir njóti lágmarksmenntunar árið 2015 að nást.

Mun færri stúlkur en drengir sækja skóla og það veldur forsvarsmönnum UNICEF sérstökum áhyggjum. Ástandið er slæmt í Mið-Austurlöndum, Vestur- og Mið-Afríku og sunnanverðri Asíu. Í Afganistan og Pakistan er aðgangur stúlkna að skólum sérstaklega bágborinn. Stríðsátök hafa sitt að segja í þessum efnum og ekki þarf að koma á óvart að fátækt stendur oft skólagöngu barna fyrir þrifum. Þannig segir í skýrslunni að telpur sem koma frá fátækustu heimilunum séu þrefalt líklegri til að fara á mis við skólagöngu en kynsystur þeirra sem búa við betri kjör.

„Menntun snýst ekki bara um að læra hluti,“ sagði Carol Bellamy, framkvæmdastjóri UNICEF, þegar hún kynnti skýrsluna. „Í mörgum löndum getur lágmarksmenntun skilið á milli feigs og ófeigs, sérstaklega þegar stúlkur eiga í hlut. Stúlkur sem eru ekki í skóla eru líklegri til að smitast af alnæmi og síður líklegar til að geta stofnað heilbrigða fjölskyldu seinna meir.“

UNICEF bendir á að í sumum ríkjum Evrópu sé staðan jafnframt slæm fyrir stúlkur og eru Tyrkland og Hvíta-Rússland sérstaklega nefnd. Skólagjöld og kostnaður við bækur og skólabúningar eru sögð orsakir þess að stúlkur flosni upp úr námi í þessum löndum.

Að sögn BBC hefur breska ríkisstjórnin þegar lofað að verja 168 milljörðum króna á næstu þremur árum í að aðstoða fleiri stúlkur við að afla sér menntunar.

sveinng@frettabladid.is

AP MYND



**CAROL BELLAMY**
Bellamy sagði í ávarpi sínu að menntun væri einfaldlega lífsspursmál, ekki síst fyrir stúlkur, og þjóðir heims yrðu að tryggja að öllum börnum væri tryggð lágmarksskólaganga.


http://ailab.ru.is

CADIA

Center for Analysis and Design of Intelligent Agents
Reykjavik University

## Gervigreindarsetur HR

Stofnsetning 22. apríl 2005 í HR, Ofanleiti 2 kl. 16:00



Dagskrá:

16:00 Kynning
dr. Bjarki Brynjarsson
forseti Tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík
dr. Yngvi Björnsson og dr. Kristinn R. Þórisson
forstöðumenn CADIA / Gervigreindarseturs HR

16:15 Representing and Parameterizing Embodied Agent Behaviors
dr. Norman I. Badler
Prófessor, Computer & Information Science Department
Associate Dean, School of Engineering & Applied Science
University of Pennsylvania

17:15-18:00 Léttar veitingar

Allir velkomnir!

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


Sóknarfæri fyrir Sandgerði að mati bæjarstjórans:

# Sædýrasafn í stað kvóta

**SVEITASTJÓRNARMÁL** „Kvótinn er allur horfinn og að mínu mati getur stórt sædýrasafn að einhverju leyti fyllt það skarð sem það hefur skilið eftir sig,“ segir Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri Sandgerðisbæjar. Hann hefur stórar hugmyndir um uppbygginguna sædýrasafns á staðnum og hefur þegar leitað liðsinnis þingmanna Suðurkjördæmis.

Sigurður segir tvímælalaust grundvöll fyrir góðu og öflugu sædýrasafni í Sandgerði og nefnir að þar eru þegar tvö söfn tengd sjó og sjósókn. „Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að slíkt safn verði hér. Hingað er stutt að fara frá höfuðborgarsvæðinu, samgöngur allar góðar og húsnæði nú þegar til staðar sem gegnt gæti hlutverki sædýrasafns.“

Sædýrasöfn eru fyrir hendi í Höfnum og í Vestmannaeyjum en stórt sædýrasafn hefur ekki verið hér á landi síðan Sædýrasafnið í Hafnarfirði var og hét.

-aöe

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SÆDÝRASAFNIÐ Í HAFNARFIRÐI**
Bæjarstjórinn í Sandgerði sér fyrir sér að svipað safn geti risið í Sandgerði á næstu árum.

# Við lofum árangri!*




# Nýjasta fitubrennsluvaran!

*Allra nýjasta fitubrennsluvaran frá EAS er komin. Að okkar mati er þetta langöflugasta fitubrennsluvaran á markaðnum í dag. Þú þarft ekki að taka mark á okkar orði, því árangur vörunnar styðst við rannsóknir og reynslu þúsunda manna. Komdu í verslun okkar Skeifunni 19 og fáðu leiðsögn með mataræði, hreyfingu og Thermo DynamX. Áratuga reynsla okkar hefur hjálpað þúsundum Íslendinga að byggja upp hraustari og grennri líkama. Við erum sannfærð um að þú getir notið góðs af sérfræðiþekkingu okkar. Innihaldsefni Thermo DynamX hafa sýnt fram á að auka grunnbrennslu líkamans. Thermo DynamX inniheldur m.a. grænt te, koffín, hvítt te, oolong te, þeobrómín og cayenne pipar.

Við lofum þér ekki aðeins árangri, heldur bjóðum við einnig Thermo DynamX á frábæru kynningarverði, aðeins kr. **2.995.-** Þar sem við fengum aðeins 500 stykki af Thermo DynamX í fyrstu pöntun að þá er best að hafa hraðann á. Fyrstur kemur, fyrstur fær.

allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**

Skeifunni 19 - S. 568 1717

AP MYND



**HERDAGUR Í ÍRAN**
Herdagurinn var haldinn hátíðlegur í Íran um helgina. Skrautklæddir og vopnum hlaðnir hermennirnir létu ekki hjá líða að heimsækja grafhýsi Khomeini erkiklerks.

Innheimta skatta:

# Ríkið frekast á bensín og áfengi

**NEYTENDUR** Ef meta ætti hvar íslenska ríkið grefur hvað dýpst í vasa þegna sinna er bensín- og áfengisverð það fyrsta sem kemur upp í huga þeirra Ólafs Darra Andrasonar, hagfræðings hjá Alþýðusambandinu, og Jóhannesar Gunnarssonar, formanns Neytendasamtakanna.

Engin formleg könnun hefur þó verið gerð á því hvar eða af hverju ríkið fær hlutfallslega mest til baka en Ólafur Darri taldi lítinn vafa leika á því. „Bensíngjaldið er sérstök fjármögnun til vegagerðar og skattheimta og fyrirhyggja liggja væntanlega að baki háu verði áfengis. Ég giska á að á þessum tveimur liðum væri ríkið að taka til sín hvað mest af verðmæti vörunnar.“

Undir þetta tók formaður Neytendasamtakanna. „Áfengisverðið trónir tvímælalaust á toppnum enda að líkindum það hæsta í heiminum. Síðan kemur bensínið og bensíngjaldið, sem er það hæsta eða næsthæsta í Evrópu og eflaust víðar.“ -aöe



**DÝR ER DROPINN**
Ríkið tekur til sín rúm 60 prósent af verði hvers lítra bensíns og prósentutalan hækkar enn þegar léttvín og áfengi er annars vegar.

Tölvuglæpur:

# Ólögleg forrit fyrir milljarða

**DANMÖRK** Dómstóll í Kaupmannahöfn hefur dæmt sjö menn til fangelsisvistar fyrir ólöglega afritun á margs konar tölvuforritum. Talið er að mennirnir hafi látið afrita nærri 900 þúsund tölvudiska og selt þá fyrir tugi milljarða króna. Um var að ræða algeng forrit frá Microsoft, Adobe og Micromedia.

Afritun gagnanna fór að mestu fram í Ísrael, Póllandi, Tékklandi og Þýskalandi en salan í Danmörku. Er þetta stærsta mál sinnar tegundar til þessa á Norðurlöndunum. ■

Reykingabann:

# Skiptir Svía litlu máli

**SVÍÞJÓÐ** Kannanir sýna að átta af hverjum tíu Svíum hyggjast ekki draga úr heimsóknum sínum á veitingahús þegar reykingabann á veitingahúsum tekur gildi 1. júní næstkomandi. Tveir af hverjum tíu segjast ætla að fjölga heimsóknum sínum á veitingahús.

Sænskir veitingamenn hafa því ekki áhyggjur af minnkandi viðskiptum enda sýna nýjar tölur frá Noregi að óverulega hefur dregið úr veltu norskra veitingahúsa. ■

## ORKUMÁLASTOFNUN

**NÝR ORKUMÁLASTJÓRI** Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir verkfræðingur hefur tímabundið tekið við starfi orkumálastjóra en Þorkell Helgason orkumálastjóri hefur af persónulegum ástæðum óskað eftir leyfi frá starfi sínu um tveggja mánaða skeið.

Áfengis- og vímuvarnir á vinnustöðum:

# Skortur á skýrri stefnu

**VINNUVERNDARMÁL** Mikið vantar upp á að íslensk fyrirtæki hafi mótað sér skýrar reglur um misnotkun áfengis og annarra vímuefna meðal starfsmanna sinna en ekki er talin þörf á hertum lögum hvað þessi mál varðar. Þetta er meðal þess sem fram kom á málþingi um áfengis- og vímuvarnir á vinnustöðum sem Vinnueftirlitið stóð fyrir.

Ása G. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Vinnueftirlitsins, sagði fundinn hafa verið afar gagnlegan. „Það varð í raun ekki komist að neinni niðurstöðu heldur málið reifað frá öllum hliðum. Í ljós kom að tiltölulega fá fyrirtæki hér hafa skýrar reglur um þessi mál ólíkt því sem gerist til að mynda í Bandaríkjunum eða Evrópu. Við sjáum reyndar vísi að þessu hjá örfáum fyrirtækjum hér á landi sem eru hugleiða að hefja skimun en flestum þykir ekki ástæða til að vera með skimun nema brýnar öryggisaðstæður liggi að baki.“

Með skimun er átt við reglulega sýnatöku fyrirtækja af starfsmönnum sínum til að ákvarða magn áfengis eða vímuefna í viðkomandi einstaklingi. - aöe



**SKÝRARI REGLUR**
Mörg fyrirtæki hérlendis hafa ekki fastmótaðar starfsmannareglur þegar kemur að áfengis- og fíkniefnaneyslu.





Nýtt viðskiptablað
frítt með Fréttablaðinu á morgun

Markaðurinn á mannamáli

Nú þarftu ekki lengur að vera sérfræðingur til að fá botn í markaðsmálin. Hér eftir mun Markaðurinn fylgja Fréttablaðinu frítt alla miðvikudaga.

Í Markaðnum munum við leggja sérstaka áherslu á að fjalla á auðskilinn hátt um íslenska og erlenda markaði og viðskiptalíf. Við munum ekki einskorða okkur við stórviðburði heldur m.a. greina frá fólki sem vinnur góð verk í misstórum fyrirtækjum víða í þjóðfélaginu.

MARKAÐURINN
Sögurnar • Tölurnar • Fólkið


Kýpur-Tyrkir:

# Talat í stað Denktash

**KÝPUR, AP** Kýpur-Tyrkir kusu um helgina nýjan forseta lýðveldis síns, sem Tyrkland, eitt ríkja heims, viðurkennir sem sjálfstætt ríki. Sigurvegarinn er Mehmet Ali Talat, en hann hefur það á stefnuskránni að sjá til þess að hinn tyrkneski hluti eyjarinnar fái aðild að Evrópusambandinu eins og gríski suðurhlutinn – eina alþjóðlega viðurkennda ríkið á eynni – hefur átt frá því í fyrravor.

Talat fékk 56 prósent atkvæða samkvæmt opinberum úrslitum kosninganna. Helsti keppinautur hans, Dervis Eroglu, fékk aðeins 23 prósenta fylgi. Niðurstaðan felur í sér allnokkur tímamót, þar sem nú lætur úr völdum hinn 81 árs gamli Rauf Denktash, sem í áratugi hefur beitt sér gegn tilraunum til endursameiningar Kýpur. Eyjan hefur verið tvískipt frá því að tyrkneski herinn gerði innrás árið 1974 eftir að Kýpur-grískir ráðamenn eyjunnar gerðu sig líklega til að sameina hana Grikklandi. ■



**STEFNIR INN Í ESB**
Mehmet Ali Talat, fráfarandi forsætisráðherra og nýkjörinn forseti Kýpur-Tyrkja, á blaðamannafundi í gær með lífvörð sér að baki.

Veira í Angóla:

# Hefur lagt 194 í valinn

**LÚANDA, AP** Skæð veira herjar nú á íbúa Angóla en í það minnsta 194 hafa látist af hennar völdum að undanförnu. Sjúkdómseinkennin sem hin svonefnda Marburg-veira leiðir af sér eru svipuð ebóla-veikinni og því er vonast til að bóluefnið sem notað er gegn henni dugi einnig gegn nýju veirunni.

Læknar frá Sameinuðu þjóðunum og samtökunum Læknar án landamæra eru á vettvangi og hjúkra fólkinu. Það hefur valdið þeim vandræðum að fólk felur gjarnan sjúka ættingja sína fyrir þeim þar sem það óttast að ástvinir sínir verði teknir burt. ■



**BARN BÓLUSETT**
Fólk er tregt til að fara með sjúka ættingja sína til læknis því það óttast að sjá þá ekki framar.

Ný og fjölþætt íþróttaaðstaða við Heiðmörk í Kópavogi:

# Þrír fótboltavellir við hlið knatthúss

**ÍÞRÓTTAAÐSTAÐA** Heilsu-, íþrótta-, og fræðasetur á um átta hektara svæði rís í Vallakór við Heiðmörk í Kópavogi. Kópavogsbær og Knattspyrnuakademía Íslands undirrituðu í gær viljayfirlýsingu um byggingu íþróttamannvirkjanna.

Gunnar I. Birgisson, formaður bæjarráðs, segir að á svæðinu sé gert ráð fyrir íþróttamiðstöð með íþróttahúsi, litlli sundlaug og fjölnota knatt- og sýningarhúsi. Á svæðinu verði einnig þrír knattspyrnuvellir í fullri stærð. Knattspyrnuakademían mun byggja íþróttamiðstöðina og aðstöðuna fyrir sig, lýðheilsustöð og aðstöðu fyrir sjúkraþjálfun. Bærinn mun sjá um aðrar byggingar, auk þess að byggja framhaldsskóla með ríkinu sem standa eigi við hlið knattvallarins og rúma allt að 1.000 nemendur.

„Framkvæmdir hefjast í haust ef samningar um byggingarnar nást. Áætlað er að það verði frágengið fyrsta júlí,“ segir Gunnar: „Bærinn mun þá hefja framkvæmdir í haust og haustið 2006 verði fjölnota húsið tilbúið.“ **- gag**



**NÝR KÓPAVOGUR**
Á myndinni má sjá knatthúsið og vellina þrjá. Í löngu byggingunni til vinstri er framhaldsskólinn og sundlaugin. Þar við hlið rís íþróttahúsið. Í byggingunni með turninum verða gistihús og íbúðir.



AP MYND

**HÓPBRÚÐKAUP Í PAKISTAN**
Þessar stúlkur tóku þátt í hópbrúðkaupi í Karachi í Pakistan, þar sem 300 pör voru gefin saman. Stjórnvöld efna stundum til slíkra hópbrúðkaupa fyrir pör sem hafa að öðrum kosti ekki efni á að gifta sig.

Fólk með geðklofa:

## Stefnt að betri líðan

**HEILBRIGÐISMÁL** Geðhjálp hefur ákveðið að stofna hóp fyrir fólk með geðklofa. Markmiðið er að bæta líðan þátttakenda á þann hátt, að þeir deili reynslu sinni með öðrum og læri af því sem aðrir hafa gert til að ná betri heilsu. Umfram allt á þátttaka í hópnum að vera uppbyggileg þó svo að málefnið sé á stundum erfitt.

Hópurinn mun hittast á föstudögum kl.13.30 í húsi Geðhjálpar að Túngötu 7. Guðbjörg Daníelsdóttir, sálfræðingur hjá Geðhjálp, og Margrét Eiríksdóttir, hjúkrunarfræðingur á Kleppi, verða þátttakendum til halds og trausts. **- jss**

Ungliðahreyfingar stjórnmálaflokkanna:

## Vilja ekki fyrningarfrest

**KYNFERÐISAFBROT** Ungliðahreyfingar stjórnmálaflokkanna skora á allsherjarnefnd að hleypa frumvarpi um niðurfellingu fyrningarfrests í kynferðisafbrotamálum gegn börnum út úr nefndinni enda hafi frumvarpið legið óafgreitt í nefndinni í tvö ár. Í sameiginlegri ályktun þeirra segir að kynferðisafbrot gegn börnum eigi að flokka með öðrum brotum sem ekki fyrnast, svo sem manndrápi og mannráni. Eigi Alþingi því að afgreiða frumvarpið á lýðræðislegan hátt. **- sgi**

Forstöðumaður RHA:

## Færir sig yfir á Bifröst

**HÁSKÓLAR** Dr. Grétar Þór Eyþórsson, forstöðumaður Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri og Byggðarannsóknastofnunar, hefur sagt starfi sínu lausu.

Tekur hann við stöðu forstöðumanns Rannsóknamiðstöðvar Viðskiptaháskólans á Bifröst þann 1. ágúst næstkomandi, auk þess sem hann verður fastráðinn kennari við félagsvísinda- og hagfræðideild skólans. Grétar hefur veitt RHA forstöðu síðan árið 2001. **- kk**

### LEITARSTARF

**ENN LEITAÐ ÓFORMLEGA** Björgunarsveitir svipast enn um eftir hinum brasilíska Ricardo Correia Dantas, helst í fjörum. Guðjón Guðmundsson, formaður björgunarsveitarinnar Bjargar á Eyrarbakka, segir leitina eina þá allra umfangsmestu sem sveitin hafi tekið þátt í. Leitin sé ekki formleg enda hafi engar nýjar vísbendingar um ferðir Dantas komið fram.




„Mamma sagði alltaf að flóuð mjólk væri það besta fyrir svefninn.
Reglubundinn sparnaður virkar jafnvel betur.“




Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Reglubundinn sparnaður veitir þér öryggi til að mæta óvæntum útgjöldum og frelsi til að grípa skemmtileg tækifæri. Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000.

**Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.**

**Eyddu í sparnað.**



24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MARÍA ELLINGSEN LEIKKONA

# *Lætur reyna á ítölskunámið*

María Ellingsen hefur í mörgu að snúast þessa dagana. Hún er að undirbúa ferð til Færeyja og Svíþjóðar í sumar með leiksýninguna Úlfhamssögu, sem sýnd var á fjölum Hafnarfjarðarleikhússins í fyrra, en María leikstýrir verkinu. Það fjallar um Hálfdán Gautakonung, sem lagður er í álög og er úlfur á veturna. María segir þetta vera ævintýralega ástarsögu byggða á fornaldarrímum.

María flýgur út til Danmerkur með reglulegu millibili að leika í dönsku spennumyndaþáttunum Erninum, sem sýndir eru í Ríkissjónvarpinu um þessar mundir. María leikur gamla kærustu Hallgríms frá Vestmannaeyjum. Hún segir þetta metnaðarfullt verkefni sem gaman sé að taka þátt í.



Þá er María að skrifa nýtt leikrit ásamt dönsku leikkonunni Charlottu Böving. Það kemur henni því vel að vera stöðugt á ferðinni til Danmerkur þar sem Charlotta er búsett þar. Þær stöllur fengu styrk frá leiklistarráði í vor til að vinna að verki sem ber vinnuheitið Mamma. Það verður byggt á reynslu kvenna frá Danmörku, Íslandi og Grænlandi.

Þó að nóg sé að gera hjá Maríu gefur hún sér tíma til að slaka á og ætlar að skella sér í frí til Ítalíu í næstu viku. Hún fór á ítölskunámskeið í vetur og ætlar að láta reyna á hve mikið hún lærði. Sumarfríið er ekki skipulagt enn. Þó veit hún að hún ætlar að stunda útivist í sumar, fara á hestbak og komast á fjöll.

## SVONA ERUM VIÐ




**ÍSLENDINGAR DRUKKU 24.215 LÍTRA AF PÚRTVÍNI Í FYRRA.**

Heimild: Hagstofa Íslands

## SJÓNARHÓLL

**SAMEINING SAMFYLKINGAR OG VINSTRI GRÆNNA**



**ARI ALEXANDER KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR**

### *Of mikill málefnamunur*

„Ég sé ekki að það geti gengið upp," segir Ari Alexander kvikmyndagerðarmaður um þær hugmyndir að Samfylkingin og Vinstri grænir sameinist í einn flokk. Össur Skarphéðinsson hefur reifað þessi sjónarmið sín og segir lítinn málefnamun milli flokkanna að Evrópumálum undanskildum.

Ari segist ekki hafa fylgst gaumgæfilega með umræðum um þessi mál en telur að sjónarmið flokkanna séu of ólík til að þeir geti sameinast. „Ég sé það bara ekki gerast og gef lítið fyrir svona yfirlýsingar."

Ari segist vissulega vera pólitískt þenkjandi þó að sannfæringin hafi dvínað með árunum. „Þetta er allt sami grauturinn í þessum bransa."

# Andlitsdrættirnirnir hafa afgerandi áhrif á makaval

**Þorri kvenna kýs menn með mjúka andlitsdrætti enda segir náttúran að þeir séu betri uppalendur. Fáir kjósa sér rekkjunauta sem líkjast þeim sjálfum enda gæti slíkt leitt af sér úrkynjun.**

Andlitsfallið ræður miklu um hvernig við veljum okkur vini og maka á ómeðvitaðan hátt. Í það minnsta benda nýjar rannsóknir í þessa átt samkvæmt netútgáfu BBC.

Svo virðist sem fólk treysti þeim betur sem hafa svipað andlitslag og það sjálft. Þegar kemur að kynferðislegri hrifningu snýst dæmið hins vegar við, við löðumst að fólki sem hefur ólíka andlitsdrætti og við sjálf. Vísindamenn segja ástæðuna einfalda. Svipað andlitsfall bendir til skyldleika og venjulega treystir fólk skyldmennum sínum betur en ókunnugum. Mannfólkið forðast á hinn bóginn að eðla sig með slíkum einstaklingum til að koma í veg fyrir mögulega úrkynjun.

Rannsóknin var gerð af skoskum vísindamönnum en þeir sýndu 144 kanadískum stúdentum myndir af alls kyns fólki. Stúdentarnir vissu hins vegar ekki að búið var að breyta myndunum í tölvu svo að andlit fólksins líktust stúdentunum meira.

Önnur nýleg bresk rannsókn sýnir að þorri kvenna kýs karlmenn með mjúka og allt að því kvenlega andlitsdrætti. Könnunin var gerð í Liverpool-háskóla. Nokkur hundruð stúdentar skoðuðu myndir af tölvugerðum andlitum.

Í undirmeðvitundinni tengja konur mjúka menn við ástúð og stöðugleika og telja þá því áreiðanlegri uppalendur. Konur sem aftur á móti álíta sig mjög aðlaðandi vilja hins vegar frekar menn með sterkt andlitsfall þrátt fyrir innbyggða hættu á að þeir haldi fram hjá og yfirgefi ungviðið. Eðlisávísunin segir þeim að erfðamengi karlmannlegra manna sé afar gott og áhættunnar fyllilega virði. Þetta á ekki síst við þegar þær hafa egglos en á öðrum tímum tíðahringsins hallast þær aftur meira að mjúku mönnunum.

Enn önnur rannsókn sem BBC segir frá sýnir að almennt telji karlar þær konur sem eru í fylgd manna með sterka andlitsdrætti vera meira aðlaðandi en þær sem eru í slagtogi með mjúku mönnunum.

sveinng@frettabladid.is



**MJÚKUR MAÐUR** Leonardo DiCaprio þykir hafa mjúka og kvenlega andlitsdrætti og ætti samkvæmt því að vera áreiðanlegur uppalandi.





LJÓÐAAKADEMÍA SALARINS 19. – 21. APRÍL 2005

KRISTINN SIGMUNDSSON OG JÓNAS INGIMUNDARSON





A4 / HGM

**LJÓÐATÓNLEIKAR**
Þriðjudagskvöldið 19. apríl kl. 20.
Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson.
Beethoven, Schubert, Brahms, Strauss, Wolf, Mahler, Loewe.
**Miðaverð kr. 2.500.**
Tónleikarnir eru öllum opnir.

**MASTERKLASS – NÁMSKEIÐ**
Miðvikudagur og fimmtudagur 20. og 21. apríl kl. 9.30 – 17.00.
Íslensk lög og þýsk ljóð.
Tíu virkir þátttakendur hafa verið valdir úr hópi umsækjenda.
Áheyrn að námskeiðinu er öllum opin.
**Aðgangseyrir er 1.000 kr á dag.**

**TÓNLEIKAR Á SUMARDAGINN FYRSTA**
Fimmtudagskvöldið 21. apríl kl. 20.
Virkir þátttakendur af námskeiðinu flytja ljóð og lög eftir íslenska og þýska höfunda.
**Miðaverð kr. 1.500.**
Tónleikarnir eru öllum opnir.

**TILBOÐSVERÐ:** Miði á báða tónleikana og áheyrn báða dagana 5.000 kr.
**MIÐAPANTANIR Í SALNUM SÍMI 5 700 400 OG Á WWW.SALURINN.IS**


Landssamband kúabænda:

# Bessastaðabóndinn í stjórn

Guðný Helga Björnsdóttir, bóndi að Bessastöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, var kjörin í stjórn Landssambands kúabænda á aðalfundi sambandsins á dögunum. Er hún önnur konan sem sest í stjórn kúabænda en karlar hafa stýrt stéttinni frá ómuna tíð. Kristín Linda Jónsdóttir, bóndi að Miðhvammi í Suður-Þingeyjarsýslu, var fyrst kvenna kjörin í stjórnina og var það árið 1999. Hún gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu.

„Við erum með þrjátíu kýr," segir Guðný Helga, sem hlakkar til að takast á við félagsmálin innan Landssambandsins. Hún hefur rekið búið að Bessastöðum í áratug en áður voru foreldrar hennar bændur á bænum.

„Ég fór suður í Verslunarskólann og svo í nám á Hvanneyri en ákvað svo að helga mig búskap frekar en að læra enn meira," segir Guðný Helga en hún býr ásamt eiginmanni og þremur börnum að Bessastöðum.

Henni líður mjög vel í sveitinni og sinnir þar hestamennsku í bland við bústörfin, auk þess að sitja í sveitarstjórn.

Hún segist ekki vera komin í stjórn Landssambands kúabænda til að breyta einhverju, það hafi einfaldlega vantað manneskju í stjórnina og hún ekki skorast undan.

- bþs



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**GUÐNÝ HELGA BJÖRNSDÓTTIR** Er önnur konan sem sest í stjórn Landssambands kúabænda.

# STYRKTARTÓNLEIKAR

## 21. APRÍL · KL. 20.00

## Í VETRARGARÐINUM Í SMÁRALIND





### FRAM KOMA

Hreimur úr Landi & sonum

Skítamórall

Á móti sól

Páll Rósinkranz

Páll Óskar og Monika

Hera

Edgar Smári Atlason

Íris Lind Verudóttir

MIÐASALA Á ÞJÓNUSTUBORÐI SMÁRALINDAR OG Á TRAFFIC Í KEFLAVÍK

MIÐAVERÐ · 2.500 kr.

**AHB**

**ARFGENG HEILABLÆÐING**

– ÍSLENSKUR SJÚKDÓMUR

**STYRKTARAÐILAR** Augljós merking · Kranaverk · 365 Ljósvakamiðlar · EB hljóð

...það er kominn nýr dagur

# DAGUR
group

Við erum Dagur Group

sena | HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ | BaseCamp Productions | Sony Center | SMÁRABÍÓ

Dagur Group er nafn fyrirtækisins sem áður var þekkt sem Skífan. Meginstoðir fyrirtækisins eru tvær:

- Smásöluverslun
- Framleiðsla og dreifing á afþreyingarefni.

Nafnið Dagur undirstrikar nýtt upphaf, ný tækifæri og nýjar áherslur.

Group-viðskeytið er lýsandi fyrir þann tilgang félagsins að halda hóp af rekstrareiningum sem hver um sig hefur sitt markmið og getur vaxið og dafnað á eigin forsendum með stuðningi af heildinni.

sena

Sena er stærsta afþreyingarfyrirtæki landsins. Sena dreifir til almennings efni frá mörgum stærstu framleiðendum heims á sviði tónlistar, kvikmynda og tölvuleikja gegnum verslanir, myndbandaleigur, kvikmyndahús, sjónvarp og fleiri efnisveitur.

Sena rekur þrjú kvikmyndahús, er stærsti tónlistarútgefandi landsins og með umboð fyrir Sony Playstation ásamt Sony og Panasonic raftæki.

D3

D3 er leiðandi efnisveita afþreyingarefnis fyrir alla stafræna miðla. D3 dreifir og selur tónlist, myndefni, tölvuleiki, hringitóna og margt fleira í gegnum netið, ljósleiðara, farsíma og gagnvirkt sjónvarp.

D3 starfar bæði á fyrirtækja- og neytendamarkaði.

Stafræn dreifing afþreyingarefnis styttir leiðina til neytenda sem fá aðgang að hágæða afþreyingarefni hvar og hvenær sem er þegar þess er óskað.

BaseCamp Productions

BaseCamp er framsækið fyrirtæki í framleiðslu á hvers kyns afþreyingarefni.

BaseCamp framleiðir kvikmyndir, sjónvarpsefni, DVD myndefni, rekur þrjú hljóðver, myndver, hönnunardeild, og framleiðir ýmiskonar efni fyrir nútíma efnisveitur, s.s. gsm síma og tölvuleiki.

BaseCamp framleiðir jafnframt auglýsingar fyrir sjónvarp, útvarp, blöð, tímarit og bæklinga.

BaseCamp aðstoðar erlend fyrirtæki við kvikmyndagerð, auglýsingar og ljósmyndun á Íslandi og setur auk þess upp kynningarviðburði fyrir fyrirtæki á öllum sviðum, bæði innlend sem erlend.

BT | Office 1 Superstore | REGNBOGINN | D3 | SKÍFAN

FBL. GREINING: KNATTSPYRNUBULLUR

# Ölmóðir og átakaglaðir ungir karlmenn

Fjórðungsúrslita Meistaradeildar Evrópu þetta árið verður frekar minnst fyrir ólæti áhorfenda en áferðarfagurrar knattspyrnu. Verst var ástandið í Mílanó þar sem áhangendur Internazionale fleygðu flugeldum inn á völlinn. Leikurinn var stöðvaður í kjölfarið. Það sem gerir óspektirnar enn nöturlegri er sú staðreynd að í næsta mánuði eru tuttugu ár síðan 39 manns dóu á Heysel-leikvanginum í Brussel þegar átök brutust út á milli stuðningsmanna Liverpool og Juventus.

**Hverjir eru knattspyrnubullur?**
Knattspyrnubullur eru sundurleitur hópur og ólíkt því sem margir halda eru þær ekki bundnar við þá þjóðfélagshópa sem lægst hafa launin. Flestar bullanna eru þó ungir karlmenn sem eiga það sameiginlegt að hafa ánægju af áflogum og finnast uppnámið sem þeir geta valdið spennandi. Viðurkenning hópsins er þeim mikilvæg og hópvitund þeirra styrkist við að geta flokkað fólk í „okkur“ og „þá“. Áfengisneysla er snar þáttur í bullumenningunni. Athyglisvert er að oft eru átökin vandlega skipulögð fyrir fram þótt stundum séu þau sjálfssprottin. Knattspyrnubullur er að finna í öllum heimshlutum.



AP MYND

MARKVÖRÐUR AC MILAN VARÐ FYRIR ÁRÁS Í VIKUNNI

**Hver er saga bullanna?**
Heimildir eru fyrir áflogum strax í árdaga knattspyrnunnar en bullurnar komust í hámæli á áttunda og níunda áratug síðustu aldar, öðrum þræði vegna uppgangs gulu pressunnar í Evrópu. Eftir atvikið á Heysel 1985 og Hillsborough í Sheffield fjórum árum síðar, þar sem 96 manns fórust, fékk almenningur og yfirvöld nóg.
Verst virðast bullurnar hegða sér þegar landsleikir og Evrópuleikir félagsliða eru háðir. Þannig voru tveir áhangendur Leeds stungnir til bana í Istanbul árið 2000 þegar félagið keppti við Galatasaray í Meistaradeildinni og á EM 2000 í Belgíu og Hollandi gengur hundruð breskra bulla berserksgang í smábænum Charleroi í Belgíu.

**Hvað er til ráða?**
Yfirvöld margra Evrópuríkja fylgjast mjög náið með verstu bullunum og þeim er ekki heimilt að yfirgefa heimalönd sín þegar stórmót eru í aðsigi. Til dæmis var 2.500 Bretum haldið heima þegar EM 2004 fór fram í Portúgal.
Leitað er vandlega á öllum sem heimsækja knattspyrnuvelli Evrópu og fjöldi lögreglumanna er viðstaddur leikina. Samt virðist allt koma fyrir ekki, bullurnar virðast órjúfanlegur hluti af knattspyrnumenningunni.

360 gráður

## SPURT & SVARAÐ

KJÖR VARAFORMANNS

### *Ætlar að vinna að jafnrétti*

Ágúst Ólafur Ágústsson þingmaður tilkynnti nýlega framboð til varaformennsku í Samfylkingunni.



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

**Mun varaformannskjörið mótast af því hver verður kjörinn formaður?** Nei, ég hef enga trú á því. Ég tel að flokksmenn eigi að taka sjálfstæða ákvörðun um þann einstakling sem þeir telja hæfastan til að verða varaformaður. Það er gamaldags aðferð að nota varaformannsembættið til að sætta meintar andstæðar fylkingar innan flokksins.

**Ef formaðurinn verður karlkyns, verður varaformaðurinn þá ekki að vera kvenkyns í þessum jafnaðarflokki?**
Nú veit ég náttúrlega ekkert hvernig úrslitin verða en ég mun vinna að jafnrétti og reyna að samþætta öll jafnréttissjónarmið í ákvörðunum og störfum mínum sama hvernig fer.

**Getur farið svo að bæði formaður og varaformaður Samfylkingarinnar verði karlmenn?** Ég hef bara ekki hugmynd um það.


MODERNUS

SAMRÆMD VEFMÆLING®
VIKA NR. 15: 11.04. - 17.04.
25 efstu eftir fjölda notenda

| | VEFUR | NOTENDUR | INNLIT | FLETTINGAR |
|---|---|---|---|---|
| 1. | visir.is | 201.797 | 638.152 | 5.502.508 |
| 2. | mbl.is | 168.755 | 1.216.617 | 5.830.284 |
| 3. | hugi.is | 105.708 | 205.975 | 1.222.219 |
| 4. | blog.central.is | 102.239 | 407.684 | 2.678.484 |
| 5. | leit.is | 97.888 | 416.719 | 1.582.772 |
| 6. | eve-online.com | 75.956 | 314.062 | 4.072.157 |
| 7. | barnaland.is | 46.858 | 227.971 | 5.242.854 |
| 8. | ruv.is | 39.503 | 108.373 | 460.526 |
| 9. | reykjavik.is | 17.746 | 27.946 | 125.456 |
| 10. | visindavefur.hi.is | 16.990 | 21.221 | 75.416 |
| 11. | vikurfrettir.is | 15.615 | 38.811 | 287.303 |
| 12. | bt.is | 14.241 | 26.309 | 190.025 |
| 13. | kvikmynd.is | 13.483 | 24.122 | 500.699 |
| 14. | doktor.is | 12.761 | 22.519 | 217.265 |
| 15. | humor.is | 12.354 | 32.966 | 162.245 |
| 16. | shopusa.is | 11.991 | 23.588 | 65.906 |
| 17. | rsk.is | 11.194 | 25.034 | 106.708 |
| 18. | textavarp.is | 10.695 | 19.507 | 25.745 |
| 19. | femin.is | 10.418 | 25.954 | 309.311 |
| 20. | althingi.is | 9.326 | 21.774 | 117.219 |
| 21. | tonlist.is | 7.700 | 11.829 | 81.411 |
| 22. | gras.is | 7.034 | 21.818 | 70.531 |
| 23. | flugfelag.is | 6.620 | 10.683 | 42.044 |
| 24. | spamadur.is | 6.571 | 15.628 | 112.756 |
| 25. | icetourist.is | 6.500 | 8.403 | 72.073 |

Sjá á www.modernus.is/sv
og textavarpi Rúv síðu 631
Öllum vefjum stendur til boða
að taka þátt í Samræmdri vefmælingu.
VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS


# Bjartsýni á framtíð R-listans

**Formenn flokkanna þriggja í Reykjavíkurlistanum, sem og borgarfulltrúar, eru bjartsýnir á áframhaldandi samstarf R-listans. Málefnaviðræður flokkanna hefjast í dag.**



FRÉTTASKÝRING
SAMSTARF REYKJAVÍKURLISTANS

SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR
BLAÐAMAÐUR

Í dag hefjast málefnaviðræður flokkanna þriggja er standa að Reykjavíkurlistanum; Framsóknarflokksins, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, þar sem meðal annars verður ákveðið hvort flokkarnir muni bjóða fram undir merkjum R-listans að nýju í næstu borgarstjórnarkosningum, sem fram fara að ári.

Ungliðahreyfingar Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar í Reykjavík hafa lýst því yfir að þær vilji að flokkar sínir bjóði fram í eigin nafni í næstu borgarstjórnarkosningum.

**Formenn bjartsýnir**
Formenn flokkanna þriggja; Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson, segjast allir bjartsýnir á framtíð R-listans. Þeir benda á að enginn málefnalegur ágreiningur hafi komið upp milli flokkanna í borgarstjórnarmálum og að samstarfið hafi verið með ágætum undanfarin ár. Þeir segja að það sé hins vegar í höndum Reykjavíkurfélaganna að ræða áframhaldandi samstarf og málefnasamninga fyrir komandi kosningar.

Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi segir að vonir standi til þess að flokkarnir bjóði fram áfram undir merkjum R-listans. „Ég veit ekki til þess að neinn alvarlegur málefnaágreiningur sé á milli þessara flokka. Halda ætti samstarfinu áfram nema menn vilji endilega koma Sjálfstæðisflokknum að. Þá ættu flokkarnir að bjóða fram hver í sínu lagi eins og gert var áður,“ segir Alfreð.

Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi tekur undir þetta. „Málefnasamstaðan innan borgarstjórnarflokksins er mjög góð og hefur samstarfið verið algjörlega vandræðalaust. Þeir sem sagst hafa vilja endurskoða R-listasamstarfið hafa viljað gera það vegna flokkspólistískra hagsmuna, ekki vegna málefnaágreinings. Þeir vilja að flokkur sinn sýni meiri sérstöðu og komi fram undir eigin merkjum,“ segir Stefán Jón.

„Mér finnst frekar líklegt að menn leggi talsvert hart að sér svo R-listinn haldi áfram,“ segir hann. „Ég vil líka benda á að efasemdaraddir um R-listann hafa verið á sveimi reglulega allt frá stofnun hans,“ segir Stefán Jón.

Þeir vilja ekki tjá sig um hugsanlegt borgarstjóraefni R-listans.



RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR Á næsta ári verða borgarstjórnarkosningar og þá ræðst hver fer með völdin í Ráðhúsi Reykjavíkur.

„Það verður að koma í ljós. Núverandi borgarstjóri hefur staðið sig ágætlega,“ segir Alfreð.

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi segist mjög bjartsýn á framtíð R-listasamstarfsins.

„Vinstri grænir hafa átt mjög gott samstarf við aðra innan R-listans. Þess vegna skiptir miklu máli að halda áfram þessu samstarfi.“

**Byggist allt á málefnasamstöðu**
Sigrún Jónsdóttir, formaður Félags framsóknarmanna í Reykjavík suður, segir að efasemdaraddir um framtíð R-listans séu háværari meðal yngri kynslóðarinnar en hinnar eldri. „Eldri kynslóðin er á því að þessi draumur, að félagshyggjuöflin starfi saman, sé ekki búinn,“ segir Sigrún. „Mér finnst ekki tímabært að ræða þetta núna á þessum tímapunkti, þar sem málefnastarfið er að hefjast innan Reykjavíkurlistans. Það er númer eitt að við getum komið okkur saman um málefni,“ segir hún.

Svandís Svavarsdóttir, formaður VG í Reykjavík, tekur undir orð Sigrúnar. „Viðræður eru ekki hafnar en í þeim verður staðan könnuð. Við förum með allar raddir í baklandinu inn í þær viðræður og ætlum að tala fyrir því að málstaður Vinstri grænna fái sem best brautargengi í stjórn Reykjavíkur,“ segir hún.

Hún er þó ósammála Sigrúnu varðandi kynslóðamuninn. „Þetta er ekki frekar yngra fólk en eldra. Það er eðlilegt að fólk staldri við á þessum tímapunkti, þegar viðræður flokkanna eru að hefjast, og spyrji spurninga,“ segir hún

Jóhanna Eyjólfsdóttir, formaður Samfylkingarfélagsins í Reykjavík, segist sannfærð um að R-listinn geti boðið fram að nýju ef vilji sé fyrir því.

„Ég tel að Reykjavíkurlistinn eigi framtíð fyrir sér. Við verðum að skoða málin, hvað hefur áunnist og hvað er brýnast að gera núna,“ segir hún. ■

Össur Skarphéðinsson:

## Engin rök gegn R-lista

**STJÓRNMÁL** „Nú fara senn í hönd viðræður milli flokkanna og það styttist í kosningar og mér finnst óærlegt á þessari stundu að gefa því undir fótinn að Reykjavíkurlistinn sé ekki á vetur setjandi. Ég hef ekki enn fengið séð rök sem sannfæra mig að svo sé. R-listinn hefur verið gagnrýndur fyrir að endurnýja sig ekki hugmyndalega en mér hefur sýnst að undir forystu Steinunnar Valdísar hafi einmitt slík endurnýjun hafist og bendi á til marks um það stefnumörkun um gjaldfrjálsan leikskóla.“ ■



Steingrímur J. Sigfússon:

## Engar einhliða aðgerðir

**STJÓRNMÁL** „Framtíð Reykjavíkurlistans er í höndum Reykjavíkurfélaganna og munu þau leiða málið til lykta. Mér skilst að stefnt sé að því að klára yfirstandandi samstarf og ræða svo málin. Það stendur ekki til að fara í neinar einhliðar aðgerðir af okkar hálfu og hafa þessi sjónarmið verið uppi í öllum flokkunum. Okkar fólk hefur starfað af heilindum í R-listanum og mun gera það til loka, en eins og alltaf í pólitíkinni eiga málefnin að ráða og þau munu gera það í R-listanum líka.“ ■



Halldór Ásgrímsson:

## Samstarfið með ágætum

**STJÓRNMÁL** „Framsóknarfélögunum í hverju sveitarfélagi fyrir sig er í sjálfsvald sett fyrirkomulag framboðs og samstarfs við önnur stjórnmálaöfl. Samstarfið í Reykjavíkurlistanum hefur verið með ágætum undanfarin ár. Viðræður um áframhaldandi samstarf, samvinnu og málefnasamning fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar eru að hefjast og fyrr en sú niðurstaða liggur fyrir, er ekki rétt að draga ályktanir um framtíð Reykjavíkurlistans. En þetta er ákvörðun framsóknarmanna í Reykjavík.“ ■




Grand
öryggi
Grand
gæði
Grand
styrkleiki
Grand Vitara Limited er glæsilegur bíll hlaðinn búnaði. Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað Grand Vitara, er Limited útgáfan meðal annars með leðuráklæði á sætum, "Limited" álfelgum, vindskeið með hemlaljósi, þokuljósum í framstuðara, viðaráferð á mælaborði og krómuðum hurðarhúnum og grilli.
Grand Vitara
Limited
Verð:
Beinskiptur kr.
2.640.000
27.044
á mánuði*
Sjálfskiptur kr.
2.790.000
29.206
á mánuði*
HUGTÖK Apr.05
* bílasamningur Glitnis með 30% útborgun og eftirstöðvum í 84 mánuði.
50% íslenskar kr / 50% erlend mynt
Komdu í reynsluakstur, þú verður ekki fyrir vonbrigðum og verðið það hefur aldrei verið hagstæðara.
SUZUKI
SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Mary Robinson, forstöðumaður mannréttindasamtakanna Oxfam:

## Átak gegn fátækt og hungri

Meðal margra góðra gesta sem komu hingað til lands í tilefni af 75 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, var einn fyrrverandi forseti – Mary Robinson frá Írlandi. Hún hefur löngum vakið eftirtekt fyrir skeleggan málflutning í ýmsum málum og þess vegna hefur hún kannski skapað sér óvinsældir þeirra sem hún hefur verið að gagnrýna. Hún er nú forstöðumaður Oxfam-mannréttindasamtakanna, sem berjast gegn hungri og fátækt í heiminum.

Í viðtali við Fréttablaðið á sunnudag vakti hún athygli á þeirri ógnvænlegu staðreynd að í viku hverri deyja um 30 þúsund börn í heiminum vegna hungurs og sjúkdóma. Hún sagði að þetta væri það sem skelfdi sig hvað mest af þeim hörmungum sem mannkynið þarf að glíma við.

„Þetta samsvarar öllu því mannfalli sem varð vegna flóðanna í Asíu um áramótin, munurinn er bara sá að þetta gerist í hverri viku, allt árið um kring, 52 flóðbylgjur á ári. Hvers vegna vekur þetta ekki meiri viðbrögð hjá okkur en raun ber vitni?“ spyr hún og segir þennan vanda lykilatriði í mannréttindabaráttu heimsbyggðarinnar.

Já, hvers vegna vekur þetta ekki meiri viðbrögð og athygli? Það er von að spurt sé. Öðru hvoru fyllast allir miðlar heims af fréttum af hörmungum á einstökum landsvæðum, menn rjúka upp til handa og fóta, hefja söfnun og sendiboðar segja ítarlega frá hörmungunum á viðkomandi stöðum. Þetta stendur í nokkrar vikur eða mánuði, og svo gleymist fólkið sem býr við þessar hörmungar. Þetta er að vísu ekki algilt, því víða um heim fer fram hjálparstarf í kyrrþey, sem stendur svo árum skiptir og hefur mjög mikið að segja. Þar hafa Íslendingar komið við sögu á nokkrum stöðum og er skemmst að minnast viðtals við Njörð P. Njarðvík um hjálparstarf sem hann hefur tekið þátt í í Tógó í Afríku. Heimurinn verður að bregðast við þessu vandamáli, sérstaklega þær þjóðir þar sem hagsældin er mest.

Þessar staðreyndir um hörmungar og fátækt birtast oft við hlið stríðsfrétta og vopnuð átök. Það virðist aldrei skorta fé þegar stríð er annars vegar. Robinson vék að stríðstólum í viðtalinu á sunnudag og sagði þá:

„Byssur og rifflar eru í mínum huga hin raunverulegu gereyðingarvopn heimsbyggðarinnar, þó ógn stafi líka af öðrum stærri. Staðreyndin er sú að handvopn eru þau vopn sem deyða langflesta í heiminum og stafar konum sérstaklega hætta af þessum vopnum þar sem þeim er iðulega beitt þar sem konum er nauðgað með vopnavaldi,“ segir Mary Robinson.

Og hún er ekki sátt við þá tvöfeldni sem forysturíki heimsins, Bandaríkin og Bretland, sýna á þessu sviði. „Forystumenn þeirra tala fjálglega um mannréttindi og hörmungar í heiminum en stunda síðan gríðarlega vopnasölu um allan heim vitandi það að þessi vopn eru oft aðaluppsretta hörmunganna,“ segir hún.

Það er óhætt að taka undir með Mary Robinson í þessum efnum og hvetja til þess að fjármunum sé varið til hjálpar fátækum og þeim sem líða skort í stað vopnaviðskipta. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvað eiga Ingibjörg Sólrún og Heimdallur sameiginlegt?

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samfylkingarinnar og frambjóðandi í formannskjöri flokksins, á ýmislegt sameiginlegt með Heimdalli, félagi ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, þegar betur er að gáð.
Náinn ráðgjafi og vinur Ingibjargar Sólrúnar, Margrét Björnsdóttir, er jafnframt móðir formanns Heimdallar, Bolla Thoroddsen. Hún var syni sínum haukur í horni í síðustu Heimdallarkosningum síðastliðið sumar, þegar Bolli fór fram gegn sitjandi formanni – rétt eins og Ingibjörg Sólrún gerir nú.



### Íslandsmet í smölun

Kosningaskrifstofa Ingibjargar Sólrúnar er jafnframt í sama húsi í Ármúlanum og Bolli var með sína skrifstofu í sumar.
Þá settu bæði Ingibjörg Sólrún og Bolli Íslandsmet í smölun – hvort í sínum flokki. Aldrei fyrr höfðu jafnmargir nýir félagar verið skráðir í Heimdall á einu bretti og fyrir formannskjörið síðastliðið sumar – eða rúmlega þúsund ungliðar. Ingibjörg Sólrún safnaði jafnframt metfjölda í Samfylkinguna eða alls 3.154 nýjum Samfylkingarmönnum. Reyndar þyrfti að skoða hvort það sé ekki örugglega heimsmet – að fjölga flokksmönnum um fjórðung í einni smölun...




### Spurning um útkomu

Hið eina sem enn er ófyrirséð í þessari skemmtilegu hliðstæðu er útkoman úr kosningunum. Bolli vann öruggan sigur í sínum slag – en ekki verður ljóst fyrr en í lok maí hver úrslitin í Samfylkingunni verða. Skyldi Ingibjörg Sólrún feta í fótspor Bolla – alla leið?

sda@frettabladid.is

## Hrákadallar tímabærir aftur?

Í DAG
SÓÐASKAPUR



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Fyrir margt löngu þótti sjálfsagt að hrækja og skyrpa í allar áttir, jafnvel á gólfið þegar svo bar undir. Á þeim tíma voru reyndar oftar en ekki moldargólf í baðstofunum á Íslandi og samkvæmt heimildum voru það einkum karlmenn sem stunduðu þessa iðju. Líklega hefur þótt karlmannlegt að hrækja stórt og hrækja langt. Á þessum tíma sáu líka margir erlendir ferðamenn ástæðu til að geta þess sérstaklega í bókum sínum um Íslandsferðina að híbýli Íslendinga og reyndar einnig þeir sjálfir væru illa lyktandi og sóðaskapur áberandi. Við viljum síður láta bera af okkur þá sögu í dag.

Síðan uppgötvuðu menn smitsjúkdóma og áttuðu sig á ferli þeirra. Berklarnir, sem felldu marga Íslendinga, ekki síst ungt fólk, áttu sinn þátt í að gengið var í að venja þjóðina af þessum ósið og fyrsta skrefið var að innleiða hrákadalla, þannig að hrákinn lenti a.m.k. á vísum stað en ekki fyrir hunda og manna fótum og bærist þaðan í föt manna og andlit og jafnvel í matvæli. Svo hættu menn bara að hrækja, svona flestir enda vildi þjóðin láta líta á sig sem siðmenntaða og þrifna. Skyrpingar þóttu ógeðfelldur ósiður.

Af einhverjum dularfullum ástæðum virðist sem hrákinn hafi náð sér á strik á nýjan leik. Piltar og stúlkur og jafnvel fullorðið fólk sér ekkert athugavert við að ganga hrækjandi um gangstéttir landsins og skilja slummuna eftir fyrir hunda og manna fótum og það er ekkert minni hætta á því í dag en í gamla daga að sýklar úr hrákanum berist í föt og þaðan í andlit manna og jafnvel í matvæli. Trúlega er þó ekki til siðs í dag að hrækja mikið innandyra en þeim mun meira utandyra.

Við leggjum gjarnan að ungu fólki að taka sér íþróttamenn til

**„Er ekki kominn tími til að fara af stað með nýja herferð? Herferð gegn hrækingum, hvort sem er á munnvatni eða tyggigúmmíi? Hættum að hrækja!**

fyrirmyndar. Þeir stundi reglubundið líferni, leggi rækt við líkama sinn og anda, búi yfir sjálfsaga og haldi sig frá allri óhollustu. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að þessar fyrirmyndir hlaupa einmitt hrækjandi um íþróttavellina og það með þeim afleiðingum að gervigrasvellir eru nú orðnir gróðrarstíur alls kyns sjúkdóma. Nauðsynlegt reyndist að banna skyrpingar innan vallar á gervigrasvöllum. Eftir eru þó gangstéttirnar og hvers eigum við að gjalda sem grandalaus stígum í annarra manna hráka um allar gangstéttir? Er ekki kominn tími til að skera á nýjan leik upp herör gegn þessum ósóma? Eða eigum við kannski bara best heima í moldarkofum?

Mikil vinna hefur verið lögð í að venja þjóðina af því að fleygja frá sér rusli á víðavangi, sjómenn fleygja ekki lengur hverju sem er í sjóinn (vonandi), reykingafólk skilur almennt stubbana ekki lengur eftir í móanum. En það þykir sjálfsagt að hrækja út um allar koppagrundir og eftir liggur ekki bara hrákinn, uppfullur af allskyns bakteríum, heldur víða tyggigúmmí, sem er undir sömu sökina selt. Þegar við höfum haft tyggigúmmí uppi í munni okkar einhverja stund og kjammsað á því fram og til baka er það orðið jafnfullt af bakteríunum úr okkur og hrákinn, eða því sem næst. Gangstéttir víða um land bera sóðaskapnum vitni. Hvítar klessur sem grandalausir vegfarendur hafa stigið ofan í.

Tyggigúmmí er fínt, tannlæknar mæla með því til tannhreinsunar og þótt það komi reyndar hvergi nærri í stað tannburstunar þá getur það verið góð viðbót. Og tyggingin er örugglega ágætis þjálfun fyrir einhverja vöðva í andlitinu. Flestir fá sér sjálfsagt tyggjó áður en þeir fara til tannlæknis, svona sem síðustu hreinsun, og einhverjir, of margir, hrækja því svo út úr sér á gangstéttina fyrir utan tannlæknastofuna. Það er kannski rétt að benda fólki á að á öllum tannlæknastofum landsins eru ruslafötur og þar er tyggjóið betur komið.

Á undanförnum árum hafa verið settar á fót herferðir gegn ýmiskonar sóðaskap og oft með ágætum árangri, reyndar of oft bara tímabundið og því virðist aldrei mega sofna á verðinum. Af undarlegum ástæðum virðist það til dæmis hafa færst í aukana á nýjan leik að fólk fleygi rusli út um bílglugga. Umræðan um umhverfismál og bætta umgengni um náttúruna hefur farið vaxandi á undanförnum árum og æ fleiri vakna til meðvitundar um að við getum ekki leyft okkur umhverfissóðaskap af ýmsu tagi. Betur má þó ef duga skal. Er ekki kominn tími til að fara af stað með nýja herferð? Herferð gegn hrækingum, hvort sem er á munnvatni eða tyggigúmmíi? Hættum að hrækja! ■









FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 5.41 | 13.27 | 21.14 |
| AKUREYRI | 5.18 | 13.11 | 21.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

[ **heilsa o.fl.** Sum lyf geta skaðað BLS. 3 ]



FRÉTTABLAÐIÐ

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

## Góðan dag!

**Í dag er þriðjudagur 19. apríl, 108. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
***byrja í dag á bls. 5***

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir

Til sölu gullfallegur 10 v. Silky terrier kk. Með ættb. frá H.r.f.í. Aðeins ábyrgir og áhugasamir aðilar koma til greina. Uppl. í s. 847 4503.



**Hagkaup Spönginni**
Óskar eftir að ráða starfsfólk í fullt starf í dömudeild og skódeild. Um er að ræða heilsdagsstörf kl 9-17 og annar hver laugardagur. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Guðna, verslunarstjóra í síma 563-5300, auk þess sem hægt er að sækja um á www.hagkaup.is eða á staðnum.

**B.T. Verktakar ehf**
**Óskum eftir duglegum mönnum til starfa við lóðaframkvæmdir, strax. Reynsla æskileg. Góð laun í boði fyrir rétta aðilla. Mikil vinna framundan. Upplýsingar í símum 898 4202 Baldur & 897 4583 Tóti.**

pósthúsið

Sú breyting hefur átt sér stað að **Pósthúsið** hefur nú tekið við dreifingu Fréttablaðsins og Dv. Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

**Á virkum dögum:**
**101-13** Laugavegur
Snorrabraut
**101-14** Hverfisgata
**101-22** Hávallagata
Túngata
**101-37** Hólavallagata
Suðurgata
Túngata
**101-38** Sólvallagata
**101-39** Bjarkargata
Hringbraut
Suðurgata
Tjarnargata
**101-45** Blómvallagata
Brávallagata
Hofsvallagata
Hringbraut
Ásvallagata
**101-49** Aðalstræti
Lækjargata
Pósthússtræti
Tryggvagata
**101-59** Öldugata
**103-01** Efstaleiti
Miðleiti
Ofanleiti
**104-02** Brúnavegur
Dyngjuvegur
Kleifarvegur
Kleppsvegur
Vesturbrún
**104-03** Laugarásvegur
Sunnuvegur
**104-07** Langholtsvegur
**104-08** Langholtsvegur
**104-14** Drekavogur
Hlunnavogur
Njörvasund
Sigluvogur
**105-04** Háteigsvegur
**105-06** Bolholt
Hjálmholt
Skipholt
Vatnsholt
**105-07** Flókagata
**105-13** Reynihlíð
Suðurhlíð
Víðihlíð
**105-24** Miðtún
Samtún
**105-47** Flókagata
Skeggjagata
**107-04** Einimelur
Hofsvallagata
Melhagi
**107-06** Grenimelur
**107-08** Tómasarhagi
**107-09** Grímshagi
Lambhóll v/Starhaga
Lynghagi
Starhagi
**107-13** Ægisíða
**107-27** Starhagi Lambhóll
Ægisíða
**108-19** Sogavegur
**108-28** Ljósaland
Logaland
Láland
Markland
**113-09** Grænlandsleið
Jónsgeisli
**200-08** Kársnesbraut
**200-10** Holtagerði
**200-15** Hjallabrekka
Laufbrekka
Lundur
Nýbýlavegur
**200-17** Hjallabrekka
Nýbýlavegur
**200-26** Hvannhólmi
Starhólmi
Stórihjalli
Vallhólmi
**200-37** Digranesheiði
Gnitaheiði
Lyngheiði
**200-38** Gnípuheiði
Heiðarhjalli
Hólahjalli
**200-45** Brekkutún
Bæjartún
Grænatún
**200-50** Hlaðbrekka
Nýbýlavegur
Þverbrekka
**200-62** Lundarbrekka
Nýbýlavegur
**220-01** Flókagata
Herjólfsgata
Klettagata
Langeyrarvegur
Skerseyrarvegur
**220-28** Lækjargata
Víðihvammur
Öldugata
**220-30** Hvammabraut
Klausturhvammur
Kvíholt
Staðarhvammur
Túnhvammur
**220-33** Hringbraut
Reynihvammur
Strandgata
Suðurgata
**220-49** Garðavegur
Norðurbraut
**221-09** Einihlíð
Engihlíð
Fagrahlíð
Fjóluhlíð
Furuhlíð
**240-04** Baðsvellir
Selsvellir
Ásvellir
**240-05** Blómsturvellir
Efstahraun
Gerðavellir
Hólavellir
Höskuldarvellir
Iðavellir
Litluvellir
Sólvellir
**240-06** Arnarhraun
Borgarhraun
Leynisbraut
Leynisbrún
Staðarhraun
**240-07** Dalbraut
Hellubraut
Sunnubraut
Vesturbraut
Víkurbraut
**240-09** Glæsivellir
Skipastígur
Árnastígur

**Um helgar:**
**101-04** Bragagata
Nönnugata
**101-08** Bankastræti
Bjarnarstígur

Kárastígur
Skólavörðustígur
**101-09** Barónsstígur
Eiríksgata
Leifsgata
**101-11** Frakkastígur
Skúlagata
**101-21** Blómvallagata
Brávallagata
Hringbraut
Ljósvallagata
Ásvallagata
**101-27** Eggertsgata
**101-34** Aðalstræti
Garðastræti
Grjótagata
Mjóstræti
Vesturgata
**101-37** Hólavallagata
Suðurgata
Túngata
**101-38** Sólvallagata
**101-39** Bjarkargata
Hringbraut
Suðurgata
Tjarnargata
**101-45** Blómvallagata
Brávallagata
Hofsvallagata
Hringbraut
Ásvallagata
**101-57** Lindargata
Skúlagata
Smiðjustígur
**103-01** Efstaleiti
Miðleiti
Ofanleiti
**103-03** Hvassaleiti
**103-05** Kringlan
**104-03** Laugarásvegur
Sunnuvegur
**104-04** Laugarásvegur
**104-05** Austurbrún
**104-07** Langholtsvegur
**104-10** Kleppsvegur
**104-14** Drekavogur
Hlunnavogur
Njörvasund
Sigluvogur
**104-29** Kambsvegur
Ásvegur
**104-31** Langholtsvegur
**104-32** Kleppsvegur
**105-03** Grettisgata
Karlagata
Njálsgata
Skarphéðinsgata
Þverholt
**105-04** Háteigsvegur
**105-09** Nóatún
Skipholt
Stangarholt
Stúfholt
**105-12** Langahlíð
Skaftahlíð
**105-15** Stigahlíð
**105-16** Bogahlíð
Hamrahlíð
**105-17** Hamrahlíð
Háahlíð
Hörgshlíð
**105-18** Barmahlíð
Miklabraut
**105-20** Eskihlíð
**105-21** Engihlíð
Miklabraut
Mjóahlíð
**105-24** Miðtún
Samtún
**105-37** Bólstaðarhlíð
Langahlíð
Úthlíð
**105-38** Gullteigur
Hraunteigur
Sundlaugavegur
**105-40** Hamrahlíð
Stigahlíð
**105-49** Hátún
Miðtún
**107-06** Grenimelur
**107-10** Dunhagi
Fálkagata
Smyrilsvegur
Þrastargata
**107-12** Fornhagi
Kvisthagi
Neshagi
**107-17** Kaplaskjólsvegur
Nesvegur
**107-18** Eiðistorg
Skeljagrandi
Öldugrandi
**107-23** Kaplaskjólsvegur
Reynimelur
**107-28** Nesvegur
Sörlaskjól
**108-18** Borgargerði
Rauðagerði
**108-20** Langagerði
**108-41** Kjarrvegur
Markarvegur
**109-18** Kaldasel
Kleifarsel
**109-19** Klyfjasel
Kögursel
**109-24** Strandasel
Stíflusel
**110-18** Birtingakvísl
Bleikjukvísl
Bröndukvísl
Stangarhylur
**111-05** Torfufell
**111-23** Rjúpufell
**112-01** Bláhamrar
Dverghamrar
Dyrhamrar
Geithamrar
**112-08** Fannafold
**112-09** Fannafold
**112-10** Vættaborgir
**113-02** Maríubaugur
**113-03** Kristnibraut
**113-08** Gvendargeisli
**170-03** Selbraut
Skerjabraut
**170-05** Fornaströnd
Látraströnd
Víkurströnd
**170-42** Kirkjubraut
Skólabraut
**170-43** Sæbraut
Sólbraut
**190-01** Hafnargata
Hólagata
Mýrargata
Vogagerði
**190-03** Brekkugata
Fagridalur
Hofgerði
Hvammsdalur
Hvammsgata




birta
BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á ÞRIÐJUDÖGUM
birta

# EIGNALISTINN

fasteignasala

www.eigna.is

Félag Fasteignasala

Síðumúli 9 • 108 Reykjavík • Sími: 530 4600 • Fax: 530 4609 • eigna@eigna.is

Sigurður Örn Sigurðarson löggiltur fasteignasali

## HÆÐIR



**HRINGBRAUT – HAFNARFIRÐI**
Mjög snyrtileg rishæð með einstöku útsýni yfir höfnina. Rúmgóð stofa, opið eldhús með borðkrók. Baðherbergi með sturtuaðstöðu. Ágætlega rúmgott svefnherbergi. Þvottahús/geymsla á hæðinni. Góður gróinn garður.
**V: 10,8 millj.**

## 3JA HERB



**ÁRBÆR – HRAUNBÆR**
Mikið endurnýuð 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í vel viðhöldnu fjölbýlishúsi. Baðherbergi algjörlega endurnýað, eldhús mikið endurnýað, raflagnir í íbúðinni allar endurnýaðar. Mjög barnvænt hverfi og stutt í alla þjónustu.
**Verð. 15,8 millj.**
Uppl gefur Ólafur í s: 5304607/ 864-1243

## SUMARBÚSTAÐIR



**SUMARHÚS -KIRKJUBÆJARKLAUSTUR**
Skemmtilega hannaður 60,8 fm sumarbústaður í landi Efri Víkur við Klaustur.Byggður 2004. FULLINNRÉTTAÐUR MEÐ ÖLLUM HÚSGÖGNUM Stutt í veiði, einstakt útivistarsvæði. **Verð 8,4 millj.**
Uppl. gefur Ólafur í S:530-4600/ 864-1243

## 4RA HERB



**BREIÐVANGUR – HAFNARFIRÐI.**
Mikið endurnýuð 113,5fm 3-4 herb. íbúð á 3. hæð. Ný eldhúsinnrétting og tæki, þvottahús/geymsla innaf eldhúsi. Baðherbergið með fallegri innréttingu og tækjum, flísar á gólfi, mosaik flísar í kringum baðkar. nýlegt parket á gólfum. Húsið klætt með steni. Mjög góð staðsetning, stutt í alla þjónustu og skóla.
**V: 19,5 millj.**

---

# allt

- um ýmislegt o.fl. á hverjum degi -

**heilsa o.fl.**
ÞRIÐJUDAGUR





**tilboð o.fl.**
FIMMTUDAGUR

**matur o.fl.**
FÖSTUDAGUR



FRÉTTABLAÐIÐ

- auglýsingasími 550 5000 -

---

ATVINNA

# atvinna o.fl.

## Ertu að leita að góðum starfsmanni?

### Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

**LESTUR:** DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *

| | 20-40 ára |
|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 64,0% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 40,1% |
| *Styrkur Fbl. umfram Mbl.* | *46,0%* |

*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í mars sl. Tekið er tillit til frídreifingar Morgunblaðsins.

**Tæplega helmingi fleiri Íslendingar á aldrinum 20-40 ára lesa sunnudagsblað Fréttablaðsins fram yfir Morgunblaðið. 60% Íslendinga á sama aldri *fletta ekki* sunnudagsblaði Morgunblaðsins, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.**

# allt

- markvissar auglýsingar -

## Vissir þú ...

...að elsti billjarðkeppandi í heimi er Jim Turton frá Bretlandi en hann hefur tekið þátt í billjarðkeppnum síðan árið 1924?

...að elsta stjarna sem greind hefur verið til þessa í Vetrarbrautinni er HE0107-5240, risastjarna um 36.000 ljósár frá jörðu?

...að stærsta landsvæði kóraleyju er Jólakóraleyjan í Line-eyjaklasanum í miðju Kyrrahafi sem þekur 649 ferkílómetra svæði?

...að stærsta ostra í heimi var tekin úr Chesapeake-flóa í Bandaríkjunum en hún vó 3,7 kíló, var 30,5 sentímetra löng og fjórtán sentímetra breið?

...að þyngsta sítróna í heimi vó 5,26 kíló 8. janúar árið 2003 en hún óx á jörð Aharons Shemoels í Ísrael?

...að stærsta ríki heims er Rússland en það þekur 11,5 prósent af þurrlendi jarðar eða 17.075.400 ferkílómetra?

...að Sviss er í forystu í heiminum í endurvinnslu glers en talið er að 91 prósent glers sem selt er í Sviss sé endurunnið?

...að sé miðað við tekjur var stærsta fyrirtæki heims árið 2003 ExxonMobil í Bandaríkjunum en tekjur þess voru 17.765.136 milljónir?

...að 53,79 milljónir farþega fóru um Heathrow-flugvöll í Lundúnum á leið til eða frá Bretlandi árið 2001 samkvæmt tölum Airports Council International?

...að stærsta djasshátíð heims er Festival International de Jazz de Montreal í Québec í Kanada en á hverju ári fylgist ein og hálf milljón með 400 tónleikum þar?

...að stærsti fáanlegi borðleikur er Galaxion sem Carebe Design International í Hong Kong framleiðir en hann er leikinn á borði sem er 83,8 sinnum 83,8 sentímetrar?

...að stærsta höll í heimi er keisarahöllin í miðborg Peking í Kína en hún hefur mælst 960 sinnum 750 metrar og þekur 72 hektara svæði?

...að Suzuki GSX-1300R Hayabusa mótorhjól hefur að sögn náð 312 kílómetra hraða á klukkustund og er þar með hraðskreiðasta fjöldaframleidda mótorhjól heims?

...að elsta mynt sem vitað er um var steypt á valdaárum Gyges konungs í Lýdíu í Tyrklandi um 630 fyrir Krist?

...að dýrasta kvikmynd í sögunni er Titanic; kostaði Paramount 14,2 milljarða króna en hún átti upphaflega að kosta 9 milljarða króna?

...að lengsta skáldsaga í heimi er Knickers eftir Simon Roberts frá Bretlandi en hún inniheldur alls 14.156.074 slög?

...að kínverska ríkissjónvarpið nær til níutíu prósenta áhorfenda í Kína og hefur því mesta áhorf sjónvarpsstöðva í heiminum öllum?

## SVIPMYND



### STOKKHÓLMUR

Stokkhólmur er höfuðborg Svíþjóðar. Borgin er við Eystrasalt þar sem Lögurinn fellur til sjávar og hluti hennar stendur á um 20 eyjum. Stokkhólmur er fjölmennasta borg Svíþjóðar með um 1,6 milljónir íbúa. Hún er líka mikilvægasta hafnar-, iðnaðar- og verslunarborgin og þar standa margar af frægustu byggingum landsins. Í upphaflega borgarhlutanum, Gamla stan, er konungshöllin sem reist var 1697-1750. Einnig eru þar gamla þinghúsið, Riddarahólmskirkjan og Stórkirkjan, sem upphaflega var reist á árunum 1200-1600. Í Stokkhólmi er líka konunglega leikhúsið, þinghúsið og fjöldi safna, þar á meðal Vasa-safnið sem byggt var utan um skipið Gustav Vasa sem sökk í höfninni í jómfrúarferð sinni árið 1628 en var bjargað á árunum1958-1961.




# Erum við aldraðir einskis virði?

**UMRÆÐAN**
KJÖR ALDRAÐRA

**KARL GÚSTAF ÁSGRÍMSSON**
EFTIRLAUNAÞEGI

**Við þessi öldruðu, sem verðum að treysta á greiðslur frá Tryggingastofnun, erum ákaflega þakklát stjórnvöldum fyrir þessar rausnarlegu skattalækkanir því við getum keypt okkur einn eða tvo kaffipakka fyrir lækkunina.**

Erum við aldraðir einskis virði? Haustið 2003 skipaði ríkisstjórn sem þá var, starfshóp til að vinna að kjarabótum til aldraðra, en í þessum hóp mátti ekki tala um skatta. Hópur þessi var skipaður nokkrum mánuðum fyrir alþingiskosningar eftir að félög aldraðra fóru að ræða um sérframboð. Þarna var gert samkomulag, sem ekki er allt komið til framkvæmda, en greiðslur Tryggingastofnunar hækkuðu smávegis til hluta aldraðra. Þeir sem mest fengu hækkuðu um nálægt 140 kr. á dag, aðrir minna og sumir ekkert.

Núna 11. mars boðaði ríkistjórnin samráðshóp, sem skipaður var árið 1999, til fundar eftir nokkurra missera hlé, og var þar ákveðið að skipa mjög fljótlega, nýjan starfshóp til að vinna að hagsmunamálum aldraðra. Í dag 17. apríl er ríkisstjórn ekki enn búin að tilnefna sína menn og ekki búin að óska eftir tilnefningum frá Landssambandi aldraðra. Þetta virðist sýna okkur öldruðum hvernig ráðamenn þjóðarinnar líta til okkar, nú er langt í kosningar og ekkert liggur á, við erum afgangsstærð og ekki þess virði að tekið sé tillit til okkar.

Erum við aldraðir einskis virði? Þetta kemur upp í hugann þegar farið er að hugsa um hvernig stjórnvöld koma fram við okkur. Auk þess, sem sagt er hér að framan lofuðu stjórnvöld skattalækkunum, sem kæmu sér vel fyrir aldraða, en hvað hefur lækkað? Erfðafjárskattur var felldur niður, en það kemur öldruðum lítið til góða, því litlar líkur eru á að aldraðir sem komnir eru á eftirlaun eigi von á arfi.

Eignaskattur á að lækka á næsa ári eða falla niður og kemur því ekki að notum í ár en staðgreiðsluskattur var lækkaður um tæpt eitt prósent og þýðir það að eftirlaunaþegi með um eitt hundrað þúsund krónur á mánuði, en það er um þriðjungur aldraðra, greiðir nokkrum krónum minna í staðgreiðslu en áður. Við þessi öldruðu, sem verðum að treysta á greiðslur frá Tryggingastofnun, erum ákaflega þakklát stjórnvöldum fyrir þessar rausnarlegu skattalækkanir því við getum keypt okkur einn eða tvo kaffipakka fyrir lækkunina. Þá megum við ekki gleyma hver áhrif hækkun á fasteignamati hefur á okkur, en fasteignamat hefur stóhækkað undanfarin ár, sem þýðir að aldraður maður þarf nú að borga þúsundir króna í eignaskatt af sömu eign og þurfti ekki að greiða neitt af áður. Fasteignagjöld hafa líka hækkað um tugi þúsunda króna milli ára undanfarið. Margir aldraðir búa í eigin íbúðum, skuldlitlum eða skuldlausum, en hafa ekki annað til framfæris en greiðslur Tryggingastofnunar og smá lífeyrissjóð og hefur þessi hækkun á fasteignamati því mjög mikil áhrif á þá, þar sem þessar hækkanir eru mikið meiri en lofaðar skattalækkanir. Er ekki full ástæða fyrir okkur að spyrja: Erum við aldraðir einskis virði? ■

## AF NETINU

### Góðar gjafir og slæmar

Hvað segir Agnes Bragadóttir um örlög þeirra sem keyptu hlut í Járnblendifélaginu þegar ríkið seldi sinn hlut? Þeir sem keyptu töpuðu miklu. Var þá ríkið að stela af kaupendunum? Voru kaupendur að færa ríkinu gjafir? Staðreyndin er auðvitað sú að þótt í mörgum tilfellum hafi nýjum eigendum einkavæddra ríkisfyrirtækja tekist að bæta rekstur fyrirtækjanna og hagnast á sölu hlutabréfa á síðari stigum eru gagnstæð dæmi einnig til. Kaupendur Útvegsbankans, Lyfjaverslunar ríkisins, Síldarverksmiðju ríkisins og Landssmiðjunnar áttu til að mynda ekki alltaf því láni að fagna. Þótt þeim tækist að bæta reksturinn eftir að hann losnaði undan pólitískum afskiptum gekk hann upp og ofan af ýmsum ástæðum. Þeir gátu ekki gengið að því vísu að selja hlutabréf með hagnaði. Og svona fjárfestingar þarf alltaf að skoða í samhengi við aðra fjárfestingarkosti. Í mörgum tilfellum hefði verið betra fyrir menn að setja fé í önnur fyrirtæki, verðbréf eða bara undir koddann. Það er því ósanngjarnt af Agnesi að stilla málum þannig upp að einkavæðing sé alltaf „gjöf“ til velvildarmanna stjórnmálamanna, já færð þeim á silfurfatinu góða. Það hefði mátt ætla að ritstjóri viðskiptablaðs Morgunblaðsins vissi betur.

**andriki.is**

### Samstaða gegn Héðinsfjarðargöngum

Þá er umræða um Héðinsfjarðargöng komin aftur upp á yfirborðið. Það er mál sem ekki tekst að þegja í hel. Ástæðan er einföld, málið er yfirgengilega óskynsamlegt og fá mál njóta eins almennrar andstöðu. Ég hugsa að það láti nærri að vera þjóðarsamstaða gegn þessari framkvæmd en samt líka allgóð samstaða um að bæta þurfi samgöngur á utanverðum Tröllaskaga.

**Kristinn H. Gunnarsson á kristinn.is**

### Læst úti

Ég fór norður á föstudag að afloknum fundi í efnahags- og viðskiptanefnd. Um kvöldið fór ég á frumsýningu Leikfélags Akureyrar á verkinu Pakkið á móti. Óhætt er að segja að verkið sé flugbeitt og kolsvartur húmor einkennir það. Ég naut sýningarinnar, leikararnir stóðu sig frábærlega og á eftir var maður verulega hugsi um ýmis atriði, en boðskapur verksins á erindi til okkar allra. Sjá nánari upplýsingar á www.leikfelag.is.
Laugardagurinn fór síðan í fundahöld og að njóta þess að vera á Akureyri. Um kvöldið fórum við Birkir á Söngkeppni framhaldsskólanna en hún var einmitt haldin í íþróttahöllinni á Akureyri. Keppendur stóðu sig allir vel og var þetta hin besta skemmtun. Gaman var að sjá hvað nemendur voru duglegir að drífa sig norður og var mikið líf alla nóttina. Skipulagning öll var til fyrirmyndar og eiga allir sem stóðu að henni hrós skilið. Við neyddumst til að keyra til baka eldsnemma í morgun vegna þess að flugið var allt úr skorðum og við þurftum að vera komin um ellefu til Reykjavíkur. Það var því bara ræs á sjöunda tímanum og brunað af stað. Var ekkert rosalega hress loks þegar ég var komin heim eftir að hafa skilað bílaleigubílnum og uppgötvaði að ég var lyklalaus! Það reddaðist þó allt að lokum og þegar ég komst inn í íbúðina biðu lyklarnir mín á stofuborðinu!

**Dagný Jónsdóttir á xb.is/dagny**



...bara á
flugfelag.is
20. - 26. apríl
Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.599 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
6.599 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og
ÍSAFJARÐAR
5.599 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og
VOPNAFJARÐAR/ ÞÓRSHAFNAR
7.299 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og
GRÍMSEYJAR
6.299 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Fargjald fyrir börn 1 króna!
Gildir aðra leiðina fyrir börn að 12 ára aldri, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun (við bætist flugvallarskattur og tryggingargjald, samtal 440 kr.)
flugfelag.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 28056 04/2005



# Ráðstjórnin kæfir spillingarumræðu

UMRÆÐAN
STJÓRNMÁL



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON
ÞINGMAÐUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS

**Forseti þingsins hefur reynt að kæfa þessa umræðu á Alþingi með því að tala stöðugt ofan í ræður þingmanna.**

Þingmenn hafa ítrekað reynt að ræða spillingarmál í kringum einkavæðingu á eigum almennings og aðkomu Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra að þeim.

Á síðasta þingi óskuðu þingmenn Frjálslynda flokksins og VG eftir skýrslu um störf einkavæðingarnefndar í kjölfar þess m.a. að Steingrímur Ari Arason sagði sig úr einkavæðingarnefndinni með hvelli en hann lét hafa eftir sér við það tækifæri að hann hefði „aldrei kynnst öðrum eins vinnubrögðum“. Svar fráfarandi forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar, við skýrslubeiðninni mun verða honum til ævarandi skammar en hann svaraði með því að benda á einhverja heimasíðu í forsætisráðuneytinu. Lúðvík Bergvinsson hefur óskað eftir umræðu um störf einkavæðingarnefndar og einnig hefur Halldór Ásgrímsson verið krafinn svara um tengsl sín og Framsóknarflokksins við peningaöfl í þjóðfélaginu.

Forseti þingsins hefur reynt að kæfa þessa umræðu á Alþingi með því að tala stöðugt ofan í ræður þingmanna ef þeir hafa viljað færa umræðu um spillingu í tal eða þá gripið til þess ráðs að vera með stöðugan bjölluslátt.

Framsóknarmenn hafa alls ekki viljað ræða efnislega um spillinguna heldur haldið því fram að öll umræða um augljós hagsmunatengsl forustu Framsóknarflokksins í tengslum við einkavæðingu Búnaðarbankans séu Gróusögur. Það er jafnvel látið að því liggja að sú skylda sem hvílir á okkur stjórnmálamönnum að taka til umræðu spillingu í stjórnmálum sé hreinn dónaskapur og dylgjur. Með því að þegja um spillinguna væru þingmenn algerlega að bregðast skyldum sínum.

Það eru kaldar staðreyndir að forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hefur átt í fyrirtækjum sem tengdust S-hópnum og fengu að kaupa Búnaðarbankann á útsölu. Allt það kapp sem ráðstjórnin leggur á að þagga niður alla umræðu um spillingarmál bendir eindregið til þess að hún sé sek.

Fyrsta verk Frjálslynda flokksins þegar hann kemst til valda er að rannsaka störf einkavæðingarnefndar en af nógu er að taka. ■

# Forvarnarstefna kynnt

UMRÆÐAN
FORVARNIR Í REYKJAVÍKURBORG



MARSIBIL JÓNA SÆMUNDSDÓTTIR
VARABORGARFULLTRÚI

**Fyrstu drög að nýrri forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar hafa nú litið dagsins ljós og er nú verið að kynna drögin á opnum hverfafundum. Auk þess eru niðurstöður úr ofangreindum rannsóknum fyrir viðkomandi hverfi kynntar á þessum opnu fundum.**

Forvarnarnefnd Reykjavíkurborgar var sett á laggirnar síðastliðið vor. Skipun nefndarinnar er að mínu mati vottur um ótvíræðan pólitískan vilja til stuðnings þessum mikilvæga málaflokki. Í nefndinni sitja þrír pólitískir fulltrúar, en ásamt undirritaðri sitja þar Dagur B. Eggertsson og Guðrún Ebba Ólafsdóttir borgarfulltrúar. Með nefndinni starfa jafnframt fulltrúar frá fjölskyldustofnunum borgarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er til að byrja með fyrst og fremst að útfæra heildstæða forvarnarstefnu og endurskoða fyrirkomulag forvarnarstarfs hjá Reykjavíkurborg, m.a. með tilliti til opnunar þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar.

Forvarnarnefndin byrjaði á að láta gera mat á framkvæmd og áhrifum forvarnarstarfs á vegum Reykjavíkurborgar á árunum 1997-2004. Jafnframt lágu fyrir upplýsingar á grundvelli niðurstaðna rannsókna frá Rannsóknum & Greiningu. Gátum við þar m.a. séð hver núverandi staða í einstökum hverfum borgarinnar er. Þessar upplýsingar gefa okkur skýra mynd, bæði af því sem hefur skilað árangri og það hvað ný stefna þarf að innihalda. Þetta eru gríðarlega mikilvægar upplýsingar sem gera okkur kleift að móta raunhæfa forvarnarstefnu og þegar fram í sækir, mæla árangur hennar.

Fyrstu drög að nýrri forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar hafa nú litið dagsins ljós og er nú verið að kynna drögin á opnum hverfafundum. Auk þess eru niðurstöður úr ofangreindum rannsóknum fyrir viðkomandi hverfi kynntar á þessum opnu fundum. Þetta fyrirkomulag er gert til að sem flestir sem láta sig þennan málaflokk varða, hvort sem er faglega eða persónulega, geti komið að þessari stefnumótunarvinnu. Hverfafundirnir eru m.a. auglýstir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, rvk.is.

Í þessum fyrstu drögum kemur m.a. fram að leiðarljós okkar er að búa börnum og ungmennum jákvæðar uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd. Að byggja í kringum þau nærsamfélag sem er jafnframt til staðar með hluttekningu og viðeigandi stuðningsúrræðum þegar á þarf að halda.

Þau tvö meginatriði sem við viljum að forvarnarstefnan byggi á er að stefnumótunin verði rannsóknarstudd og forvarnarstefnan útvíkkuð.

Með útvíkkun viljum við að stefnan nái til barna og ungmenna á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólaaldri, foreldra þeirra og allra annara sem að málefnum þeirra og uppeldi koma. Þannig ættu samlegðaráhrif að verða meiri, snertifletir fleiri og þekking og reynsla ætti að nýtast betur. Fleiri verða ábyrgir, sem ætti að leiða af sér markvissari forvörn og heildstæðari nálgun. Með þessari nálgun ættum við auk þess að geta gripið fyrr inn í mál, þ.e. þegar viðvörunarbjöllurnar fara af stað, sem eru oft undanfari vímuefnanotkunar eða annarar frávikshegðunar.

Með því að vinna markvisst að því að efla sjálfstraust og sjálfsmynd, bæta andlega líðan og heilsu barna og ungmenna almennt, erum við í mörgum tilfellum að beita sömu aðferðum og beitt er til forvarnar hinum mismunandi frávikshegðunum, eins og t.d. vímuefnaneyslu og ofbeldi. En þegar frávikshegðun er orðin raunveruleiki er mikilvægt að til séu sértæk úrræði sem taka sérstaklega á vandanum.

Það hefur margt áunnist í forvörnum á undanförnum árum og í niðurstöðum rannsóknanna frá Rannsókn & Greiningu kemur árangurinn bersýnilega í ljós. En um leið og við fögnum þeim árangri er mikilvægt að Reykjavíkurborg slaki hvergi á og haldi öflugu forvarnarstarfi áfram. Ef við stöndum uppi með heildstæða forvarnarstefnu sem stendur undir því að vera leiðarljós í forvarnarstarfi hjá borginni, sem hefur skýr markmið og áherslur, sem hvetur til hluttekningar og samvinnu, þá höfum við náð takmarki okkar.

Hið eiginlega forvarnarstarf er unnið innan fjölskyldunnar og í grasrótinni af starfsfólki stofnana, lögreglu, heilsugæslu, kirkju og öðrum trúfélögum, íþróttafélögum, frjálsum félagasamtökum og hinum ýmsu samstarfs- og grasrótarhópum. Ef ný forvarnarstefna Reykjavíkurborgar skilar sér á einhvern hátt í bættu umhverfi fyrir þetta öfluga forvarnarstarf, þá munum við svo sannarlega sjá enn frekari árangur.

*Greinarhöfundur er formaður Forvarnarnefndar Reykjavíkurborgar.*

# Húrra fyrir Umferðarstofu

JÓN JÓNSSON, FYRRV. VAGNSTJÓRI
SKRIFAR UM UMFERÐARMÁL

**Ef maður sér til lögreglu við hraðamælingar er það helst undir brúnni á Höfðabakka – Vesturlandsvegi, þ.e. á stöðum sem „þola“ hraðakstur frekar en götur í íbúðarhverfum þar sem meiri von er á gangandi eða börnum.**

Ástæða þess að ég skrifa þessa grein er lestur baksíðu Fréttablaðsins 9. apríl síðastliðinn. Þar eru „bakþankar Guðmundar Steingrímssonar“ þar sem hann hneykslast mikið á auglýsingum Umferðarstofu, þar sem börn eru látin apa blótsyrði og sýna fingur í auglýsingum. Ég held að Guðmundur þessi komi laglega upp um sig með vandlætingu sinni á téðar auglýsingar. Hann er líklega einn þeirra sem mætti athuga sinn gang í umferðinni. Umferðarstofa á mikið hrós skilið fyrir starf sitt að búa yfir slíku hugmyndaflugi. Tími til kominn. Ég hef grun um að gagnrýni Birgis Þórs Bragasonar á Umferðarstofu (áður umferðaráð) hafi vakið þá af þyrnirósarsvefni. Og það mættu fleiri vakna, t.d. lögreglan. Lögreglan mætti fara að vinna vinnuna sína og sekta menn fyrir umferðarlagabrot. Og þá meina ég aðalgrunnreglur umferðarlaga, t.d. stöðvunar- og biðskyldubrot, hraðakstur í íbúðarhverfum og stefnuljósaleysi. Ef maður sér til lögreglu við hraðamælingar er það helst undir brúnni á Höfðabakka – Vesturlandsvegi, þ.e. á stöðum sem „þola“ hraðakstur frekar en götur í íbúðarhverfum þar sem meiri von er á gangandi eða börnum. Oft hefur verið staglast á því að ungir ökumenn séu aðalslysavaldurinn í umferð. Það má rétt vera, en þeir eru ekki verstu ökumennirnir, það eru eldri karlmenn, menn frá ca. 30-50 ára, uppalendur barna sinna. Þeir sýna ungu mönnunum fordæmi með slæmri hegðan í umferðinni en lenda sjaldan í slysum vegna reynslu sinnar. Hinir ungu lenda í slysum sökum reynsluleysis og þess að þeir eru ef til vill að reyna kúnstir pabbanna. Og enn og aftur: Húrra fyrir Umferðarstofu, og vaknið lögreglumenn. ■

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.979 **-0,93%**

**Fjöldi viðskipta:** 206
**Velta:** 1.392 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Straumur** | 1,34% | **SS** | -18,46% |
| **SÍF** | 0,20% | **Bakkavör** | -1,52% |
| **Kögum** | 0,16% | **FL Group** | -1,40% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,30 – ... Atorka 5,95 -0,34% ... Bakkavör 32,30 -1,52% ... Burðarás 13,85 -1,07% ... FL Group 14,10 -1,40% ... Flaga 5,50 -0,72% ... Íslandsbanki 12,70 -1,17% ... KB banki 535,00 -1,29% ... Kögun 62,30 +0,16% ... Landsbankinn 15,50 -1,27% ... Marel 55,60 -0,71% ... Og fjarskipti 4,02 -0,25% ... Samherji 12,05 – ... Straumur 11,35 +1,34% ... Össur 82,50 -0,60%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Góð lánakjör

### Tveir bankar bitust um lán til Bakkavarar.

Guy Green, breskur ráðgjafi hjá Eversheds, segir Bakkavör hafa fengið besta lánasamning sem hann hafi séð þegar fyrirtækið samdi um kaup á Geest. Green hefur verið ráðgjafi Bakkavarar í kaupunum á Katsouris og á Geest. Green sagði Bakkavör einnig hafa vakið athygli fyrir að láta tvo banka keppa um lánasamninginn en bæði Bank of Scotland og Barclays sóttust eftir að lána Bakkavör fyrir kaupunum á Geest. Barclays bank er viðskiptabanki Bakkavarar og vildi bankinn ekki missa viðskiptavin sinn.

Guy sagðist ekki sjá neina kosti við það að skrá Bakkavör á markað í Bretlandi. Þar væri meira regluverk og félagið hefði til þessa getað sótt allt hlutafé sem það þyrfti á Íslandi. Hann sagði í léttum tón að það kæmi kannski til greina þegar allir peningarnir væru búnir í Reykjavík.

Eversheds er alþjóðlegt fyrirtæki sem veitir lögfræðiráðgjöf og Green er einn af meðeigendum þess. **- dh**



**GUY GREEN** Sér enga kosti við skráningu Bakkavarar í Bretlandi.



**BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON SEÐLABANKASTJÓRI** Veiking krónunnar gæti gert Seðlabankanum erfiðara fyrir við efnahagsstjórnun. Veikari króna hækkar verð á innfluttri vöru, sem getur aukið á verðbólgu.

# Krónan veikist áfram

Gengi krónunnar heldur áfram að lækka en í gær lækkaði hún um 0,8 prósent. Gengisvísitala krónunnar stóð í 113,02 stigum í lok síðasta árs en stendur nú í 112,51 stigum. Krónan hefur því styrkst frá áramótum þótt hún hafi lækkað að undanförnu.

Í hálf fimm fréttum KB banka í gær kom fram að gengi hennar hafi lækkað um 5,7 prósent frá því að gengisvísitala krónunnar náði hæsta gildi þann 21. mars síðastliðinn. Bankinn kennir háum viðskiptahalla og útstreymi fjármagns vegna erlendra verðbréfakaupa um þá veikingu sem orðið hefur. Gengi krónunnar er hátt að mati bankans og því gæti það lækkað frekar. **- eþa**

# Decode réttir úr sér

Hlutabréf í Decode genetics hækkuðu hressilega á Nasdaq í gær. Bréfin hækkuðu úr genginu 5,2 dalur á hlut í 5,59. Það er tæplega 9 prósenta hækkun yfir daginn. Verslað var með bréf í Decode fyrir um 150 milljónir króna.

Verðmæti félagsins hefur lækkað um tæp 30 prósent á árinu en markaðsverðmæti þess er um 19 milljarðar króna. Fyrir ári var gengi Decode yfir 10 dalir á hlut og hefur það því lækkað um helming síðan. **- eþa**



**FASTEIGNIR** Velta á fasteignamarkaði var með mesta móti í síðustu viku og virðist hann enn vera í fullu fjöri.

# Mikil velta

Velta á fasteignamarkaði í síðustu viku var sú fjórða mesta frá upphafi. Alls voru viðskipti fyrir meira en 5,2 milljarða króna. Þarf að fara aftur í miðjan febrúar til að finna sambærilegar veltutölur. Þetta er um 700 milljónum króna hærri upphæð en meðaltal síðustu tólf vikna, samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins.

Meðalupphæð þinglýsts kaupsamnings var um 22,9 milljónir króna. **- eþa**



# Vika bókarinnar

Börn & bækur




## ÁRBÓK BÓKMENNTANNA

**Bókaverslanir**
Bókin *Árbók bókmenntanna* kemur út í tilefni af Viku bókarinnar 2005. Þetta er bók með tilvitnunum fyrir hvern dag ársins. Textinn er sóttur í smiðju þeirra höfunda sem fæddir eru viðeigandi dag. Njörður P. Njarðvík tók árbókina saman. Hér er á ferðinni forvitnileg og fjölbreytt bók sem á eftir að vekja athygli.

Bókin kemur í bókaverslanir í dag og verður gefin viðskiptavinum sem kaupa bækur fyrir 1500 kr. eða meira þessa viku.

**Árbók bókmenntanna fæst gefins í eftirtöldum bókaverslunum:**

*Mál og menning*, Laugavegi 18
*Mál og menning*, Mjódd
*Eymundsson*, Kringlunni
*Penninn Eymundsson*, Hallarmúla
*Penninn,* Kringlunni
*Penninn Eymundsson*, Austurstræti
*Penninn Eymundsson*, Smáralind
*Bókabúðin* Grímsbæ
*Bókabúðin* Hlemmi
*Bókafólkið*, Síðumúla
*Bóksala stúdenta*
*Iða*, Lækjargata
*Úlfarsfell*, Hagamel
*Bókabúðin Hamraborg*, Kópavogi
*Bókabúð Böðvars*, Hafnarfirði
*Penninn Eymundsson*, Hafnarfirði
*Penninn - Bókabúð Keflavíkur*
*Penninn - Bókabúð Andrésar*, Akranesi
*Verslunin Sjávarborg*, Stykkishólmi
*Hrannarbúðin*, Grundarfirði
*Penninn - Bókhlaðan*, Ísafirði
*Bókav. Bjarna Eiríkssonar*, Bolungarvík
*Eymundsson*, Glerártorgi
*Penninn Bókval*, Akureyri
*Bókabúð Jónasar*, Akureyri
*Bókaverslun Þórarins*, Húsavík
*Urð*, Raufarhöfn
*Bókab. Ara Bogas. & E. Sigurðss.*, Seyðisfirði
*Bókabúðin Eskja*, Eskifirði
*Tónspil*, Neskaupstað
*Penninn - Bókabúð*, Vestmannaeyjum
*Eymundsson - Nóatún*, Selfossi

### 19. apríl þriðjudagur

HATTUR OG FATTUR
**Myllubakkaskóli, Reykjanesbæ**
Starfsfólk Myllubakkaskóla frumsýnir íslenskt leikrit, *Hattur og Fattur,* með nemendum skólans. Leikarar eru nemendur úr 4. – 10. bekk. Myllubakkaskóli fékk á dögunum verðlaunin Laxnesfjöðrina. Nánari upplýsingar: www.reykjanesbaer.is

KOFFORTIÐ
**Borgarbókasafn – Leikskólinn Maríuborg, Grafarholti**
Kl. 11.30
*Koffortið* – farandbókasafn fyrir leikskóla verður opnað í leikskólanum Maríuborg í Grafarholti. Stefán Jón Hafstein, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar kemur með bókabílnum, opnar *Koffortið* og lánar út fyrstu bókina.

ATHAFNALANDIÐ – MÁLÞING
**Grand Hótel, Reykjavík**
Kl. 14 - 16.30
Stofnun Sigurðar Nordals og Verslunarráð Íslands efna til málþings um athafnalandið Ísland. Málþingið er haldið í minningu Ragnars Jónssonar í Smára. Aðalfyrirlesari verður dr. Itamar Even-Zohar, prófessor í merkingar- og menningarfræðum við Háskólann í Tel Aviv og forstöðumaður rannsóknarstofnunar í menningarfræðum. Frummælendur auk Itamars verða Jón Karl Helgason, bókmenntafræðingur, og Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis. Nánari upplýsingar er að finna á: www.nordals.hi.is
Fundargjald er 2.000 kr.

SÖGUSTUND
**Gerðubergssafn**
Kl. 15
Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur kemur í sögustund og les ævintýri eftir H.C. Andersen.

SÖGUSTUND MEÐ H.C. ANDERSEN
**Bókasafn Garðabæjar, Garðatorgi**
**Kl. 15.30**
Sögustund þar sem sjálfur H.C. Andersen les upp úr ævintýrum sínum. (H.C. Andersen er í raun Sigurður Skúlason leikari úr leikritinu *Klaufar og kóngsdætur* sem er sýnt um þessar mundir í Þjóðleikhúsinu.) Litli kórinn úr Hofsstaðaskóla mætir á svæðið og syngur nokkur vel valin lög.
Allir krakkar eru hjartanlega velkomnir.

AFTUR TIL STEINSINS
**Þjóðmenningarhúsið**
KL. 17
Njörður P. Njarðvík les ljóðið *Undir regnboga* úr ljóðabók sinni *Aftur til steinsins* sem nýkomin er út hjá JPV útgáfu. Vésteinn Ólason, forstöðumaður Árnastofnunar, hugleiðir tengsl ljóðsins við *Snorra Eddu*. Sigríður Albertsdóttir bókmenntafræðingur ræðir í stuttu máli um skáldaferil Njarðar P. Njarðvík. Davíð Ólafsson bassi syngur nokkur lög inn á milli mælenda við undirleik Ólafs Vignis Albertssonar. Ýmis tilbrigði við epli Iðunnar á vegum veitingastofunnar Matur og menning á vægu verði á meðan á dagskrá stendur. www.thjodmenning.is
Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

ÞJÓÐIN OG ÞÝÐINGARNAR
**Sjónvarpið**
Kl. 21.25
Sjónvarpsþáttur um þýðendur sem Þorsteinn J. Vilhjálmsson gerði fyrir Bandalag þýðenda og túlka og Þýðingasetur Háskóla Íslands.

**Bókamarkaður á Akureyri**
Bókamarkaður í Hafnarstræti 91-93 á Akureyri stendur yfir til 30. apríl.

### 20. apríl miðvikudagur

BARNABÓKAVERÐLAUN
**Höfði**
Kl. 17
Eins og undanfarin 33 ár munu fræðsluyfirvöld í Reykjavík afhenda barnabókaverðlaun. Verðlaunin nefnast núna *Barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur*. Borgarstjórinn í Reykjavík, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, mun afhenda tvenn verðlaun, fyrir frumsamda barnabók og þýdda barnabók.

BÓKMENNTAKVÖLD - UPPLESTUR
**Súfistinn**
Kl. 20
Bókmenntakvöld á Súfistanum í boði Eddu útgáfu. Höfundar lesa úr nýlegum og væntanlegum verkum.
Nánari dagskrá á www.edda.is

TÓNLIST OG BESTA BARNABÓKIN
**Bókasafn Grindavíkur**
Kl. 16
Nemendur Tónlistarskólans leika tónlist og trúbador kemur í heimsókn og spilar og syngur. Tónlistin verður víða um verslunarmiðstöðina að Víkurbraut 62. Þá verður einnig dregið úr kjörseðlum á bestu barnabókinni 2004 og vinningshafi fær tvo leikhúsmiða frá Þjóðleikhúsinu á barnaleikritið *Klaufa og kóngsdætur*.

### 21. apríl fimmtudagur – sumardagurinn fyrsti

BORGARBÓKASAFN
Opið í aðalsafni, Tryggvagötu, frá 13 – 17 og Gerðubergssafni frá 13 – 16 á sumardaginn fyrsta.

BORGARBÓKASAFN – FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ
Kl. 13.30 – 16
Bókaverðir frá Foldasafni verða á fjölskylduhátíð í Rimaskóla á sumardaginn fyrsta.

BÓKAVERÐLAUN BARNANNA
**Borgarbókasafn - aðalsafn, Tryggvagötu**
Kl. 14
Bókaverðlaun barnanna verða afhent en þema hátíðarinnar verður tengt H.C. Andersen í tilefni af afmælisári hans. Leikarar úr leikritinu *Klaufar og kóngsdætur* sem Þjóðleikhúsið sýnir koma í heimsókn og einnig mun Felix Bergsson skemmta gestum og segja ævintýri. Tíu börn sem tóku þátt í kosningunni um Bókaverðlaun barnanna fá viðurkenningu. Allir velkomnir!

H.C. ANDERSEN Í ÞRÍVÍDD
**Borgarbókasafn, Tryggvagötu**
Kl. 14
Nemendur á leikskólabraut KHÍ sýna þrívíddarverk á safninu unnin út frá ævintýrum H.C. Andersens undir handleiðslu Svölu Jónsdóttur.

**Bók er góð sumargjöf!**

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

LEIKSÝNINGIN LANDIÐ VIFRA
**Kvennó, Víkurbraut 21, Grindavík**
Kl. 14
Möguleikhúsið sýnir leiksýninguna *Landið vifra*, sem er byggð á barnaljóðum Þórarins Eldjárns. Sýningin er í boði Menningar- og bókasafnsnefndar og er ætluð börnum 2 - 9 ára. Dagskráin er öllum opin og allir eru velkomnir.

SUMARKOMA Á GLJÚFRASTEINI
Kl. 15
Dagskrá helguð verkum Halldórs Laxness. Pálmi Gestsson leikari les úr völdum skáldsögum og kvæðum Halldórs. Tvær bækur Halldórs, *Brekkukotsannáll* og *Sjálfstætt fólk*, koma út í kilju og glænýjum búningi.

UPPLESTUR
**IÐA, Lækjargötu**
Barnabókahöfundar koma og lesa fyrir börnin.
Kl. 14 Ragnheiður Gestsdóttir, kl. 14.30 Sigrún Eldjárn, kl. 16 Steinunn Sigurðardóttir og kl. 16.30 Ingólfur H. Ingólfsson.
Guðmundur Óli kynnir bók sína *Meindýr og varnir* frá kl. 14 - 16.

**22. apríl föstudagur**

**Bókamarkaður á Akureyri**
Bókamarkaður í Hafnarstræti 91-93 á Akureyri stendur yfir til 30. apríl.

**23. apríl laugardagur**
**- Alþjóðadagur bókarinnar**

*Alþjóðadagur bókarinnar og höfundarréttar*, 23. apríl, er haldinn hátíðlegur víða um heim að frumkvæði UNESCO, Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Dagurinn er helgaður bókinni og þeim sem vinna við bækur með einum eða öðrum hætti. Hér á landi hefur Félag íslenskra bókaútgefenda beitt sér fyrir hátíðahöldum og margvíslegri dagskrá á Degi bókarinnar og í Viku bókarinnar 19. - 25. apríl eins og fram kemur í dagskránni.

ÁVARP DAGSINS
Sjón, Sigurjón B. Sigurðsson, rithöfundur. Flutt og birt í fjölmiðlum.



BÓKAGJÖF
**Reykjanesbær**
Á Degi bókarinnar verður haldin veisla þar sem fulltrúum tveggja ára barna verður boðið á bókasafn bæjarins og þeim afhent bókagjöf. Önnur tveggja ára börn fá bókagöf um leið og þau hefja skólagöngu sína í leikskólunum. Með bókinni fylgir bæklingurinn *Viltu lesa fyrir mig?* sem Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar gaf út 2003. Bókagjöfin í ár er *Gráðuga lirfan* eftir Eric Carle. Edda útgáfa gefur bókina. Félag íslenskra bókaútgefenda hefur stutt dyggilega við þetta verkefni síðastliðin ár með höfðinglegum bókagjöfum til tveggja ára barna í bæjarfélaginu. Nánari upplýsingar: www.reykjanesbaer.is

HEIMUR LJÓÐSINS
**Ljóðaþing í stofu 101 í Odda**
Kl. 9.30 – 17
Helgina 23. – 24. apríl verður haldið ljóðaþing í Háskóla Íslands þar sem 32 fræðimenn halda erindi um ljóðagerð. Ljóðlistin verður án landamæra á þinginu, eins og yfirskriftin *Heimur ljóðsins* ber með sér. Þingið er öllum opið og stendur frá 9.30 – 17 báða dagana. Nánari upplýsingar á: www.hugvis.hi.is

SPRELL OG FJÖR
**Húsdýragarðurinn**
Garðurinn opinn frá kl. 10 – 17
Barnabókahátíð Eddu útgáfu í Húsdýragarðinum. Frítt í garðinn og skemmtileg dagskrá allan daginn með tilheyrandi sprelli og fjöri. *Kalli á þakinu* kemur í heimsókn en bókin um hann kemur einmitt út í sömu viku. *Benedikt búálfur* kemur einnig í heimsókn.
Upplestur: Barnabókahöfundar Eddu lesa úr bókum sínum og einnig verður lesið úr þýddum bókum, t.d. eftir H.C. Andersen og Astrid Lindgren. Barnabókamarkaður í veitingatjaldi, teiknihorn og ratleikur um garðinn. Sjá nánar www.edda.is

BORGARBÓKASAFN - HLÍÐARSKÁLD
**Öskjuhlíð**
Kl. 14
Bókmenntaganga í leiðsögn Péturs Gunnarssonar rithöfundar. Lagt verður upp frá Perlunni og endað á kaffihúsinu Nauthól í Nauthólsvík. Gangan tekur 1 – 1½ klst. Staldrað verður við á nokkrum stöðum og spjallað um Öskjuhlíðina og bókmenntirnar, og lesið verður úr verkum nokkurra höfunda. Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur les eigin ljóð við Perluna, Einar Kárason les úr bók sinni, *Diddu dojojong*, á söguslóðum verksins og einnig verður Margrét Árnadóttir leikkona og starfsmaður í Kringlusafni með í för. Allir velkomnir!

ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNIN
**Gljúfrarsteinn**
Kl. 17
Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhendir Íslensku þýðingaverðlaunin á Gljúfrasteini.

**24. apríl sunnudagur**

HEIMUR LJÓÐSINS
**Ljóðaþing í stofu 101 í Odda**
Kl. 9.30 – 17
Nánari upplýsingar um þingið er að finna á heimasíðu hugvísindadeildar Háskóla Íslands: www.hugvis.hi.is

HVAÐ GERÐI HALLGRÍM AÐ SKÁLDI?
**Þjóðmenningarhúsið**
Kl. 15
Dagskrá í töluðu máli og tónum um Hallgrím Pétursson (1614-1674). Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur leitar svara við spurningunni *Hvað gerði Hallgrím að skáldi?* og skoðar sérstaklega uppvaxtar- og mótunarár skáldsins. Bára Grímsdóttir, söngkona, kvæðamaður og tónskáld, syngur og kveður nokkur kvæða Hallgríms. Chris Foster leikur undir á gítar. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir. Kaffitilboð á veitingastofunni Matur og menning. Nánari upplýsingar á www.thjodmenning.is

## Vika bókarinnar 19. - 25. apríl
**Alla vikuna**

**Bókaútgefendur**
Síðustu ár hafa bókaútgefendur í vaxandi mæli gefið út nýjar bækur í Viku bókarinnar, auk þess að endurútgefa nýjar eða nýlegar bækur í kiljum. Bókaunnendur hafa tekið útgáfunni vel og góð stemmning hefur skapast í kringum þessa vorbókaútgáfu. Í ár munu einnig koma út fjölmargar nýjar bækur, bæði þýddar og íslenskar, sem án efa verða áberandi í bókaverslunum í Viku bókarinnar.

**Bókaverslanir**
Bókin *Árbók bókmenntanna* kemur út í tilefni af Viku bókarinnar 2005 og er gefin viðskiptavinum sem kaupa bækur fyrir 1500 kr. eða meira þessa viku. Margvísleg tilboð á bókum í bókabúðum.

**Bókasafn Garðabæjar**
Bókasafn Garðabæjar mun bjóða upp á sérstaka dagskrá í tilefni af Viku bókarinnar. Vikan verður tileinkuð H.C. Andersen og á hverjum degi verða sögustundir kl. 10.30 á morgnana fyrir yngstu kynslóðina (nema sumardaginn fyrsta og sunnudaginn 23. apríl). Allir krakkar eru hjartanlega velkomnir á Bókasafn Garðabæjar að Garðatorgi þessa daga. Upplestrarkvöld með yfirskriftinni *Bókin og birtan* verður í Garðabergi (að Garðatorgi í Garðabæ) 26. apríl. Þekktir rithöfundar lesa upp úr verkum sínum. Dagskráin hefst kl. 20 og nánari upplýsingar er að finna á www.gardabaer.is

**Bókasafn Grindavíkur**
Alla vikuna stendur yfir sýning á amerískum barna- og unglingabókum á safninu.
*Sektarfrí vika!!!* Í bókavikunni verður hægt að skila vanskilabókum, án þess að greiða sekt!

DAGSKRÁ BORGARBÓKASAFNS Í VIKU BÓKARINNAR:

*Ný bókamerki í Viku bókarinnar.* Í tilefni af ártíð H.C. Andersens hefur safnið gefið út bókamerki með myndskreytingum eftir Kristínu Arngrímsdóttur myndlistarkonu og starfsmann safnsins.

Vefur um ævintýraskáldið verður opnaður í vikunni á heimasíðu safnsins: www.borgarbokasafn.is

*Koffortið* er ný þjónusta Borgarbókasafns. Þetta er farandbókasafn í trékössum sem eru skreyttir af myndlistarkonum sem allar vinna á Borgarbókasafni. Úr þessum kössum geta börn og foreldrar fengið lánaðar barnabækur heim þann tíma sem koffortin hafa viðdvöl á leikskólanum. Samhliða verða barnabókaverðir frá safninu með námskeið fyrir börnin í vikunni um umgengni við bækur og fá þau diplóma í lokin með titlinum bókabarn. Slík námskeið verða svo fastur liður á hverjum nýjum stað sem koffortin fara á. Bókabíllinn fær það mikilvæga hlutverk að ferja koffortið á milli staða.

LESTRARMENNING
**Reykjanesbær**
Ljóð um allan bæ er verkefni í tengslum við Lestrarmenningu í Reykjanesbæ. Hengd voru upp ljóð m.a. í verslunum, opinberum stofnunum, þjónustufyrirtækjum, hótelum og bönkum.

*Lóðið*
**Afhent í Viku bókarinnar**
Félag starfsfólks bókaverslana veitir viðurkenninguna *Lóð á vogarskál íslenskra bókmennta 2005*. Þetta er í fimmta sinn sem verðlaunin eru afhent.

**Bókamarkaður á Akureyri**
Bókamarkaður í Hafnarstræti 91-93 á Akureyri stendur yfir til 30. apríl.

EDDA ÚTGÁFA
Vika bókarinnar er að þessu sinni helguð barnabókmenntum. Fjöldi íslenskra og þýddra bóka er kominn út það sem af er árinu og mikil gróska framundan. Í Viku bókarinnar ætlar Edda útgáfa að bjóða upp á þá nýjung að gera aðgengilega á Netinu lesna kafla úr barnabókum. Hægt verður að fara á vef Eddu, www.edda.is og sækja Mp3-skrár með upplestri úr vinsælum bókum.

BÓKABÚÐIR MÁLS OG MENNINGAR OG PENNANS-EYMUNDSSONAR
Alla daga vikunnar verður spennandi ævintýraþema fyrir börnin í bókabúðum Máls og menningar og Pennans-Eymundssonar. Hægt verður að kaupa ævintýrabækur á góðu verði alla vikuna og verður útstillingakeppni milli verslana þar sem ævintýraþemað verður haft í fyrirrúmi.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA



**KONRAD ADENAUER (1876-1967)** lést á þessum degi.

*„Sagan er samansafn atburða sem hefði verið hægt að komast hjá.“*

***Í ljósi þess að hann hafði verið stækur andstæðingur nasista fóru bandamenn þess á leit við Adenauer að hann tæki að sér forystuhlutverk í þýskum stjórnmálum. Adenauer sló til og varð kanslari Vestur-Þýskalands árið 1949, 73 ára gamall.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Sprengjutilræði í Oklahomaborg*

Að morgni þessa dags árið 1995 lagði Timothy McVeigh bíl hlöðnum sprengiefni fyrir framan níu hæða stjórnsýslubygginguna Alfred P. Murrah í Oklahomaborg í Bandaríkjunum. Þegar bílsprengjan sprakk hrundi norðurhluti byggingarinnar með þeim afleiðingum að hundrað manns dóu samstundis og margir grófust undir braki hússins. Eftir tveggja vikna björgunaraðgerðir var tala látinna risin í 168 og þar af voru 19 börn. 500 manns slösuðust. Þetta gerðist aðeins tveimur árum eftir árásina á World Trade Center 1993 þar sem sex manns fórust og yfir 1.000 særðust. Sprengingin í Oklahomaborg var mesta hryðjuverk sem framið hafði verið í Bandaríkjunum þar til 11. september 2001.

Tveimur dögum eftir sprenginguna var Timothy McVeigh handsamaður en sjónarvottur hafði séð hann á staðnum. Hann var 27 ára gamall fyrrverandi hermaður sem hafði barist í Persaflóastríðinu og verið heiðraður fyrir framgang sinn. Einnig var félagi hans Terry Nichols handsamaður sama dag og þeir báðir ákærðir fyrir morð og samsæri. McVeigh var dæmdur til dauða og Nichols í lífstíðarfangelsi. 11. júní 2001 fór aftaka hins 33 ára McVeigh fram í fangelsi í



**19. APRÍL 1995**

Indíana. Hann var fyrsti alríkisfanginn sem var tekinn af lífi síðan árið 1963 og voru þrjátíu manns viðstaddir aftöku hans, sem var sýnd í beinni útsendingu í sjónvarpi, þar af tíu fórnarlömb sprengingarinnar og fjölmiðlafólk.

## MERKISATBURÐIR

**1246** Haugsnessfundur, mannskæðasta orrusta á Íslandi, er háð í Blönduhlíð í Skagafirði. Þar áttust við Brandur Kolbeinsson og Þórður kakali og menn þeirra.

**1882** Charles Darwin, höfundur kenningarinnar um náttúruval, lætur lífið á Englandi.

**1909** Jóhanna af Örk er tekin í heilagra manna tölu.

**1917** Leikfélag Akureyrar er stofnað. Það hefur frá upphafi haft aðsetur í Samkomuhúsinu á Akureyri.

**1923** Alþýðubókasafn Reykjavíkur tekur til starfa en það heitir nú Borgarbókasafn Reykjavíkur.

**1956** Rainer fursti af Mónakó giftist leikkonunni Grace Kelly.

## AFMÆLI



**Elísabet Brekkan**, kennari og blaðamaður, er fimmtug í dag.



**Árni Þórður Jónsson** ráðgjafi er 49 ára í dag.

**Guðmundur Þorbjörnsson** verkfræðingur er 48 ára í dag.



**Jón Páll Eyjólfsson** leikari er 35 ára í dag.

**Hinrik Hoe Haraldsson** leikari er 33 ára í dag.



**Unnur María Bergsveinsdóttir**, bassaleikari Brúðarbandsins, er 27 ára í dag.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Minningarkort 535 1825

HJARTAVERND

www.hjarta.is • 535 1800

## ANDLÁT

**Sigurlaug Björnsdóttir**, kennari í Hafnarfirði, til heimilis að Hrafnistu, Laugarási, lést mánudaginn 4. apríl. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Gunnlaugur Ólafsson**, Litlagerði 19, Vestmannaeyjum, lést laugardaginn 16. apríl.

**Kristín Þórðardóttir**, frá Melgraseyri, Jökulgrunni 11, lést þriðjudaginn 12. apríl.

## JARÐARFARIR

**13.00 Aðalsteinn Bjarnfreðsson**, Ljósheimum 18, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

**13.00 Guðmunda Guðmundsdóttir Hansen**, frá Hólmavík, Hrafnistu, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

**13.00 Guðríður Hansdóttir**, áður til heimilis á Vatnsstíg 11, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

**13.00 Sigurður Guðmundsson**, fyrrverandi símamaður, Norðurbrún 1, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

**13.30 Sigfús Pálmi Jónasson**, frá Pálmholti, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

**14.00 Snorri Jóhannesson**, Garðavegi 14, Hvammstanga, verður jarðsunginn frá Hvammstangakirkju.

**15.00 Hróðný Pálsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Grund, áður á Skólabraut 5, Seltjarnarnesi, verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**JÓN INGI BENEDIKTSSON** Flytur til Akureyrar á næstu dögum og tekur við starfi forstöðumanns Matvælaseturs HA.

### TÍMAMÓT: NÝR FORSTÖÐUMAÐUR MATVÆLASETURS HA

# Borðar ekki mikinn fisk

Jón Ingi Benediktsson líffeðlisfræðingur hefur verið ráðinn forstöðumaður Matvælaseturs Háskólans á Akureyri. Eins og gefur að skilja fer meginhluti starfsemi setursins fram á Akureyri og þarf Jón Ingi því að taka sig upp og flytja norður frá Reykjavík. „Þetta leggst mjög vel í mig,“ segir hann bæði um flutninginn og nýja starfið.

Jón Ingi hefur síðustu fimm ár verið framkvæmdastjóri Líftæknisjóðsins hf. og mun verksvið hans því breytast talsvert.

„Þetta er töluvert öðruvísi en það sem ég hef gert hingað til. Matvælasetrið er samstarfsvettvangur Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsráðuneytisins við atvinnulífið og starfið felst í rekstri þess og umsjón með verkefnum. Ég mun stuðla að því að koma nýjum verkefnum af stað og hjálpa til við að fjármagna þau.“

Mörg verkefna Matvælasetursins lúta að sjávarútvegi og fiski og því ekki úr vegi að spyrja Jón Inga hvort hann borði mikinn fisk. „Nei, ekki mjög,“ svarar hann hlæjandi.

Hann lauk BS-prófi í líffræði frá Háskóla Íslands 1984 og Cand Scient-prófi í lífeðlisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1986.

Alnafni og jafnaldri Jóns Inga Benediktssonar, nýráðins forstöðumanns Matvælaseturs Háskólans á Akureyri, er Jón Ingi Benediktsson skrifstofustjóri Ríkisútvarpsins. Þeir nafnarnir þekkjast ekki og hafa aldrei ræðst við. ■

# Vika bókarinnar hefst í dag

Vika bókarinnar hefst í dag en hún er haldin utan um alþjóðadag bókarinnar og höfundarréttar sem er 23. apríl ár hvert. Félag íslenskra bókaútgefenda hefur frumkvæði að viku bókarinnar í nánu samstarfi við Rithöfundasamband Íslands.

Bókin Árbók bókmenntanna er gefin út í tilefni af bókavikunni en í henni eru tilvitnanir fyrir hvern dag ársins. Er textinn sóttur í smiðju þeirra höfunda sem fæddir eru viðkomandi dag. Það var Njörður P. Njarðvík sem tók árbókina saman. Hún er gefin við-



**SJÓN**



**NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK**

skiptavinum bókaverslananna sem kaupa bækur fyrir 1.500 krónur eða meira í viku bókarinnar.

Fjölmargir viðburðir tengdir bókum og bókmenntum eru á dagskrá um land allt næstu daga. Leikrit eru sýnd, efnt til málþinga, lesið úr bókum og verðlaun afhent.

Dagskrá viku bókarinnar nær hámarki á alþjóðadegi bókarinnar á laugardag og mun Sjón, handhafi bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, flytja ávarp dagsins sem birtast mun í fjölmiðlum.

Þetta er í ellefta sinn sem vika bókarinnar er haldin. ■



†

*Elskulegur eiginmaður minn og sonur,*

**Haukur Óskar Ársælsson,**

Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést sunnudaginn 17. apríl á Borgarspítalanum.

Fyrir hönd barna hans, barnabarna, barnabarnabarna og systkina,

**Unnur Jónsdóttir,**
**Klara Vemundadóttir.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Auðunn Kl. Sveinbjörnsson**

svæfingarlæknir, Hlein, Álftanesi,

varð bráðkvaddur á heimili sínu sunnudaginn 17. apríl.

**Ingibjörg Óskarsdóttir**
**Guðmundur Auðunsson** — **Elizabeth Goldstein**
**Sveinbjörn Auðunsson** — **Guðrún Árnadóttir**
**Guðbjörg Auðunsdóttir** — **Hartmann Kárason**
**Erna Sif Auðunsdóttir** — **Dagur B. Agnarsson**
**Ósk Auðunsdóttttir** — **Hermann Sigurðsson**
**barnabörn og aðrir aðstandendur**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Dagbjartur Hansson**

Hauganesi, Árskógsströnd,

lést laugardaginn 16. apríl síðastliðinn. Jarðarförin auglýst síðar.

**Anna Lilja Stefánsdóttir**
**Stefán Dagbjartsson** — **Svana Karlsdóttir**
**Svandís Dagbjartsdóttir** — **Sveinbjörn Hannesson**
**Sigríður Dagbjartsdóttir**
**og barnabörn**


Opel. Þýski gæðingurinn.
Astra
KYSSTU MIG
Opel Astra er frábær, alhliða heimilisbíll. Hann er sterkur, rúmgóður, lipur, vandaður, öruggur og skemmtilegur. Ef þú trúir okkur ekki, komdu þá og fáðu hann lánaðan í heila 3 daga. Farðu hvert sem þér sýnist. Sýndu vinum þínum hann, og ekki gleyma fjölskyldunni. Snertu hann, snúðu honum, klappaðu honum og vertu með honum þangað til þú þekkir hann út og inn. Svo skaltu skila honum – ef þú getur.
Listaverð frá 1.795.000,-
3ja daga reynsluakstur: Kostar ekkert.
www.opel.is
Nánari upplýsingar um Opel hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.opel.is
Skráning í síma 525 8005
eða á millionmiles@ih.is
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00



**Heyrst hefur ...**

... að Guðmundur Benediktsson, knattspyrnumaður hjá Val, hafi hoppað hæð sína, heila 170 sentímetra, af gleði þegar hann heyrði af því að Framarar hefðu gert samning við hinn 166 sentímetra háa Hans Mathiesen. Með tilkomu Danans er Guðmundur ekki lengur „minnsti“ leikmaður Landsbankadeildarinnar.

# sport

sport@frettabladid.is

KÖRFUBOLTAMAÐURINN LOGI GUNNARSSON: ER EKKI Í NÁÐINNI HJÁ ÞJÁLFARA SÍNUM

## *Mun líklega fara frá félaginu í sumar*




Körfuboltamaðurinn Logi Gunnarsson mun að öllum líkindum vera á leið frá þýska úrvalsdeildarliðinu Giessen 46ers í sumar en hann hefur verið á mála hjá félaginu síðustu tvö ár. Tækifæri Loga í vetur hafa verið af skornum skammti eftir að nýr þjálfari tók við síðasta sumar og segist Logi einfaldlega ekki vera inni í myndinni hjá honum. „Nýi þjálfarinn tók sex leikmenn með sér til liðsins og hann vill helst ekkert breyta neitt út af vananum í liðsuppstillingu. Það skiptir nánast engu máli hvernig maður er að standa sig,“ segir Logi, sem venjulega fær aðeins örfáar mínútur að moða úr í hverjum leik. Á laugardaginn gerðist það hins vegar að aðalleikstjórnandi Giessen varð fyrir meiðslum og fékk Logi því meiri spilatíma en hann er vanur. Hann nýtti tækifærið vel, skoraði 14 stig á þeim tólf mínútum sem hann spilaði og gaf auk þess fimm stoðsendingar.

„Síðan spiluðum við aftur á sunnudaginn og þá fékk ég að spila einhverjar fjórar mínútur. Þjálfarinn segir við mig að ég sé að standa mig mjög vel, bæði þegar ég fæ tækifæri í leikjum og á æfingu, en það hefur augljóslega lítið að segja. Þetta hefur verið mikið rætt í blöðunum og þjálfarinn getur lítil svör gefið þegar hann er spurður af hverju ég fæ ekki að spila meira. En svona er þetta bara og ég reyni að líta björtum augum á þetta allt saman. Ég er duglegur að æfa og ætla mér að vera í toppformi í sumar,“ segir Logi en þá rennur samningur hans við Giessen út.

„Ég mun ábyggilega taka þátt í einhverjum sumardeildum því það er erfitt að komast að hjá öðrum liðum þegar spilatíminn hefur verið svona lítill hjá mér eins og í vetur. Ég er nokkuð vel kynntur í Þýskalandi en það kemur líka vel til greina hjá mér að fara til annarra landa, til dæmis Ítalíu eða Spánar,“ segir Logi og bætir við að hann sé ekki á heimleið. „Ég ætla mér að vera eins lengi í atvinnumennskunni og líkaminn heldur.“

**> Við tökum hattinn ofan ...**

... fyrir handboltamanninum Jóni Björgvini Péturssyni fyrir að sýna ótrúlega tryggð við sitt uppeldisfélag í Safamýrinni. Jón sló í gegn í úrslitakeppninni og hefði auðveldlega getað farið til stærra liðs.



**> Við hrósum ...**

... handboltamanninum Einari Erni Jónssyni fyrir að sýna forráðamönnum sínum hjá Wallau Massenheim óbilandi þolinmæði. Einar Örn og aðrir leikmenn liðsins hafa þurft að bíða á milli steins og sleggju frá því í desember eftir vitneskju um hvort félagið væri á leið í gjaldþrot.



**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

APRÍL

16 17 18 **19** 20 21 22

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

- 19.00 **FH** og **Fram** mætast á Framvelli í 2. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 19.15 **Haukar** og **Valur** mætast á Ásvöllum í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- 19.15 **ÍBV** og **ÍR** mætast í Vestmannaeyjum í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 17.45 **Olíssport** á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 19.00 **Sterkasti maður heims 2004** á Sýn.
- 19.50 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Fréttaþáttur um meistaradeildina í fótbolta.
- 20.00 **DHL-deildin í handbolta** á RÚV. Bein útsending frá síðari hálfleik í leik **Hauka** og **Vals** í úrslitakeppni karla í handbolta.
- 20.20 **NBA – bestu leikirnir** á Sýn. Útsending frá leik **Chicago Bulls** og **Phoenix Suns** í NBA-deildinni í körfubolta árið 1993.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 23.15 **World Supercross** á Sýn.

# Haukar og ÍR fara í úrslitin

**Undanúrslitaeinvígin í DHL-deild karla í handbolta hefjast í kvöld með tveimur leikjum. Haukar taka á móti Valsmönnum á Ásvöllum og í Eyjum fá heimamenn bikarmeistara ÍR í heimsókn.**

**HANDBOLTI** Undanúrslitaleikjanna er beðið með mikilli eftirvæntingu og Fréttablaðið fékk hinn getspaka þjálfara KA, Jóhannes Gunnar Bjarnason, til að spá í spilin fyrir leikina tvo í kvöld. „Mér hefur gengið ágætlega að spá fyrir um úrslit leikjanna fram að þessu og ætli maður verði ekki að leggja heiðurinn að veði og halda því áfram,“ sagði Jóhannes glettinn í símaviðtali í gær.

**Ekki afskrifa Val**

Við spurðum hann fyrst hvernig honum litist á viðureign Hauka og Vals. „Þetta er eiginlega erfiðari viðureignin til að spá fyrir um í undanúrslitunum. Ég hef nú frekar trú á því að Haukarnir taki þetta í þremur leikjum, en ég held að margir séu alveg búnir að afskrifa Valsmenn í þessari rimmu. Þeir eiga að mínu mati alveg þokkalega möguleika og eru með ágætis meðbyr núna, ekki síst eftir að þeir urðu Íslandsmeistarar í öðrum flokki um helgina. Þeir njóta þess líka að vera fyrir fram taldir litla liðið í einvíginu, svo að það er jákvæð spenna með liðinu, ef svo má að orði komast.

Ég held því að þetta verði alls ekki auðvelt fyrir Haukana. Það sem Valsmenn verða að gera er að reyna að halda hægri væng Haukaliðsins niðri og reyna að láta aðra leikmenn sjá um þetta. Ég hlakka líka mikið til að sjá einvígi þeirra Baldvins Þorsteinssonar og Þóris Ólafssonar. Þeir verða að leika hvor á móti öðrum og eru báðir mjög mikilvægir sínum liðum. Ég ætla að spá Haukunum sigri 2-1 en ég gef Valsmönnum samt mikla möguleika í þessu,“ sagði Jóhannes.



**LYKILMAÐUR VALS** Baldvin Þorsteinsson verður að leika vel til að Valsmenn eigi möguleika, að mati Jóhannesar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÍR tekur ÍBV**

Þegar einvígi ÍBV og ÍR berst í tal er Jóhannes með skýrari spá og telur hann bikarmeistara ÍR vera örugga áfram í þeirri rimmu.

„Ég held að ÍR-ingar fari með sigur af hólmi í þeirri viðureign. Þeir sýndu það á móti okkur að þeir ætla sér alla leið í keppninni og eru með liðið í það. Ég held að við höfum séð brotalamir í Eyjaliðinu gegn Fram, því þegar Framarar náðu að klippa Tite Kalandadze út áttu aðrir leikmenn erfitt uppdráttar. Ég held að ÍR sé með lið sem getur nýtt sér þessa veikleika og ég spái því að það taki þetta í tveimur eða þremur leikjum,“ sagði Jóhannes.

baldur@frettabladid.is

Jón Björgvin Pétursson:

## Áfram hjá Fram

**HANDBOLTI** Handknattleiksmaðurinn Jón Björgvin Pétursson gerði í gær nýjan samning við Fram og skuldbatt sig til félagsins næstu þrjú árin.

Jón Björgvin, sem er 24 ára og getur spilað í hægri horni, sem hægri skytta og leikstjórnandi, var einn af burðarásunum í liði Fram á síðustu leiktíð og sló hann í gegn í fyrstu umferð úrslitakeppninnar þar sem Fram mætti ÍBV. Þar bætti Jón Björgvin áratuga gamalt markamet með því að skora 39 mörk í þremur leikjum. Í þeim 25 leikjum sem Fram lék á Íslandsmótinu í vetur skoraði Jón Björgvin alls 139 mörk.

Leikmenn Wallau fengu ekki fregnir af örlögum félagsins:

## Skiptastjórinn fékk í bakið

**HANDBOLTI** Í gær átti að tilkynna leikmönnum og forsvarsmönnum þýska félagsins Wallau Massenheim hvort tekist hefði að afla nægs fjár svo hægt væri að forða félaginu frá gjaldþroti. Babb kom í bátinn á elleftu stundu og því verður ekki greint frá örlögum félagsins fyrr en á miðvikudag.

„Konan sem sér um málefni félagsins og er nokkurs konar skiptastjóri er með brjósklos og fékk illilega í bakið á leiðinni til okkar og varð að hringja á sjúkrabíl,“ sagði Einar Örn við Fréttablaðið í gær en þetta mál er að snúast upp í allsherjar vitleysu. „Læknirinn okkar varð að fara til hennar og ekkert við þessu að gera. Svona er þetta og við verðum bara að bíða áfram. Vonandi endar þetta samt vel.“

Annars er það að frétta af Einari Erni að hann er með slitið liðband en það aftraði honum ekki frá því að leika með Wallau í sigurleik gegn Guðjóni Vali Sigurðssyni og félögum í Essen um helgina.

„Ég var svolítið smeykur í fyrri hálfleik og þorði ekki að gera mikið en svo kom þetta smám saman og þá gekk mér ágætlega,“ sagði Einar Örn, sem skoraði tvö mörk í leiknum, en Wallau á aftur leik í kvöld og að þessu sinni gegn Loga Geirssyni og félögum í Lemgo. -hbg




**EINAR ÖRN JÓNSSON** Framtíð félags Einars, Wallau Massenheim, er enn í mikilli óvissu. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR






**ÓLAFUR KRISTJÁNSSON, ÞJÁLFARI FRAM** Bindur miklar vonir við komu tveggja Dana til Framliðsins.

Framarar fá danskan leikmann í sínar raðir:

# Danskur er knár þótt hann sé smár

**FÓTBOLTI** Framarar hafa fengið danska leikmanninn Hans Mathiesen í sínar raðir og mun hann leika með liðinu í Landsbankadeildinni í sumar. Mathiesen er 23 ára gamall miðjumaður og hefur leikið undanfarið ár með danska 1. deildarliðinu Horsens en hann var áður á mála hjá stórliðinu Bröndby.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Fram, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann væri búinn að fylgjast lengi með Mathiesen og hefði mikla trú á honum. „Hann er fæddur árið 1982 en ég þjálfaði þann árgang hjá AGF á sínum tíma. Hann hefur leikið fjölmarga leiki með yngri landsliðum Danmerkur og var á sínum tíma talinn efnilegasti leikmaður Danmerkur í sínum aldursflokki. Honum tókst ekki að fylgja því alveg eftir en er engu síður mjög góður knattspyrnumaður,“ sagði Ólafur.

Mathiesen er ekki hávaxinn, aðeins 166 sentimetra hár, en Ólafur sagði það ekki há honum enda væri margur knár þótt hann væri smár.

„Hann er líkamlega sterkur, með góða boltatækni, fín skot og góðan leikskilning. Hann er vanur því að spila hraðari fótbolta en spilaður er hér og ég bind vonir við að hann muni færa liðinu stöðugleika á miðjunni,“ sagði Ólafur, sem býst við því að nota Mathiesen sem varnartengilið.

Ólafur er hvergi nærri hættur því að hann staðfesti við Fréttablaðið í gær að annar danskur leikmaður væri svo gott sem búinn að skrifa undir við Safamýrarliðið. „Það er öflugur leikmaður með mikla reynslu úr dönsku úrvalsdeildinni sem spilar framarlega á vellinum. Ég á von á því að hann eigi eftir að láta mikið að sér kveða í sumar.“

oskar@frettabladid.is





Hágæða hjálmar frá TREK USA fyrir alla fjölskylduna



TREK Barnahjálmar
Verð kr. 3.396,-
3 litir

TREK Scout unglingahjálmar
Verð kr. 3.962,-
4 litir

TREK Vapor fullorðinshjálmar
Verð kr. 3.962,-
3 litir

ÖRNINN
STOFNAÐ 1925
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verkstæði Sími 588 9891
Opið laugard. 10-16 - Visa- og Euroraðgr.
www.orninn.is
KORTER.IS

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á ÞRIÐJUDÖGUM




# Ráðstefna um stjórnun: Spiral Dynamics

## Innsæi og forysta á tímum breytinga

**Þriðjudaginn 26. apríl kl. 13 - 17**
**Hótel Loftleiðum**

Það má einu gilda hversu vönduð stefnan er ef þeir sem stjórna skilja ekki fólkið.

Spiral Dynamics hugmyndafræðin er til þess fallin að skilja eðli breytinga og stjórnunar hópa fólks með ólíkt gildismat og viðhorf. Hún segir fyrir um hvaða þætti er mikilvægt að hafa í huga varðandi þróun skipulagsheilda.

Dr. Don Edward Beck hefur þróað Spiral Dynamics sem aðferðafræði í stjórnun. Dr. Beck hefur unnið að ráðgjöf víða um heim við lausn margra flókinna vandamála bæði fyrir alþjóðleg fyrirtæki og þjóðarleiðtoga. Hann var til dæmis ráðgjafi Nelsons Mandela við umbreytingarnar í Suður-Afríku.

Ráðstefnustjóri er *Bjarni Snæbjörn Jónsson, framkvæmdastjóri IMG Ráðgjafar.*

Ráðstefnugjald er 18.500 kr.

**Ráðstefnan fer fram á ensku.**

**DAGSKRÁ RÁÐSTEFNUNNAR**

| | |
|---|---|
| Kl. 13.00 | Setning |
| Kl. 13.15 | Spiral Dynamics; values, change and leadership<br>*Don Edward Beck, Ph.D.* |
| Kl. 15.00 | Kaffi |
| Kl. 15.30 | Niðurstöður rannsóknar um gildi Íslendinga<br>*Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Ph.D. Rannsóknarstjóri IMG Gallup* |
| Kl. 16.00 | Heildarmynd af lífsskoðunum Íslendinga<br>*Friðrik H. Jónsson, Ph.D. Forstöðumaður Félagsvísindastofnunnar* |
| Kl. 16.30 | Pallborðsumræður |
| Kl. 17.00 | Ráðstefnulok |

IMG RÁÐGJÖF

Skráning og nánari upplýsingar á www.img.is, í síma 540 1000 eða namskeid@img.is

## ÚR SPORTINU

Svissneski varnarmaðurinn **Philippe Senderos** heldur í vonina um að halda enska landsliðsmanninum **Sol Campbell** úti úr liðinu þegar sá síðarnefndi snýr aftur eftir ökklameiðslin sem hafa verið að hrjá hann undanfarnar vikur. **Campbell** er að komast í leikform á ný en í fjarveru hans hefur hinn 19 ára gamli **Senderos** leikið eins og kóngur og hefur vörn Arsenal sjaldan verið eins sannfærandi. „Það er stjórinn sem tekur ákvarðanir en það eina sem ég get er að gera mitt besta. Maður þarf að eiga toppleik í hverri viku til að halda sæti sínu,“ segir **Senderos**. Ekki er líklegt að **Campbell** muni sætta sig með að vera einhver varaskeifa en Wenger hefur einnig þann kost að setja **Kolo Toure** í bakvarðarstöðuna og láta **Senderos** og **Campbell** leika hlið við hlið.

Lið Arsenal verður líklega án þeirra **Thierry Henry**og **Freddie Ljungberg** þegar það sækir Chelsea heim í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu annað kvöld.



**Thierry Henry** er ekki búinn að ná sér af nárameiðslum sem hann hlaut á dögunum og **Freddie Ljungberg** meiddist í bikarleiknum gegn Blackburn um helgina. **Arsene Wenger**, knattspyrnustjóri Arsenal, segir að aðrir leikmenn liðsins þurfi að bæta fyrir fjarveru þeirra með því að leika enn betur.

Heimsmeistarinn í þungavigt, **Vitali Klitschko**, hefur neyðst til að fresta titilvörn sinni gegn Bandaríkjamanninum **Hasim Raman** um nokkra mánuði, því hann þjáist af slæmum bakmeiðslum.



**Klitschko** hefur áður þurft að fresta bardaganum vegna meiðsla, en hann átti upphaflega að fara fram í þessum mánuði. Nú þykir líklegt að ekkert verði af keppni þeirra fyrr en í haust. Þá verður liðið tæpt ár síðan Úkraínumaðurinn barðist síðast, en þá varði hann titil sinn gegn Bretanum **Danny Williams**.

Enski landsliðsmaðurinn **Ashley Cole** hefur tilkynnt að hann sé ekki á förum frá liði **Arsenal**, þrátt fyrir háværan orðróm þess efnis í vikunni. **Cole** bíður hugsanlegrar refsingar frá enska knattspyrnusambandinu, ef hann verður fundinn sekur um að hafa átt í ólöglegum samningaviðræðum við lið **Chelsea** fyrir nokkru, og segist því lítið geta tjáð sig um nánustu framtíð sína. Hann sagði þó í samtali við breska fjölmiðla að hann ætlaði sér að leika með **Arsenal** í þau tvö ár sem hann á eftir af samningi sínum við félagið.



Lið **Renault** í Formúlu 1, hyggst nota nýja og endurbætta vél í bíl ítalans **Giancarlo Fisichella** í næstu keppni, sem háð verður um helgina. Upphaflega stóð til að taka vélina í notkun í næsta mánuði, en nú gæti farið svo að liðið tæki forskot á sæluna um næstu helgi. **Fernando Alonso**, ökumaður liðsins, hefur sagt að það verði að tjalda öllu sem það á til að bregðast við aukinni samkeppni frá meisturum **Ferrari**, en hann segir þá vera mjög líklega til afreka í næstu keppnum.



# Búnir að tilkynna komu mína á heimasíðu liðsins

**Bjarni Fritzson, fyrirliði ÍR, mun spila næstu árin með franska liðinu Creteil. Samingur hans við liðið er nánast í höfn og bíður einungis undirskriftar.**

**HANDBOLTI** „Þetta hefur gengið bara voða vel og er eiginlega alveg komið í gegn. Ég var búinn að fá samninginn í hendurnar en það voru nokkur smáatriði sem ég vildi breyta og sendi hann því aftur út,“ sagði Bjarni Fritzson, fyrirliði ÍR-inga, sem hefur landað samningi hjá franska liðinu Créteil og er nýjasti atvinnumaður Íslands í handbolta.

Frakkarnir hrifust af Bjarna og þrátt fyrir að samningurinn hafi ekki verið undirritaður er hann svo gott sem í höfn. „Þeir eru búnir að tilkynna komu mína á heimasíðunni þannig að ég hef ekki miklar áhyggjur af því að þessi smáatriði gangi ekki eftir. Þetta er eiginlega komið á hreint þannig að ég get slakað aðeins á og einbeitt mér að því að klára tímabilið með ÍR,“ segir Bjarni, sem hefur leikið með meistaraflokki ÍR síðustu sex ár.

„Þetta verður tveggja ára samningur með tillit til þriðja árs. Það er gott að þetta séu bara tvö ár því maður fer varlega í sinn fyrsta samning,“ sagði Bjarni um samninginn sinn. Það er stórt takmark fyrir hornamanninn snjalla að vera á leiðinni út en hann verður 25 ára gamall í haust.

„Það er frábært að vera á leiðinni út og það skiptir líka miklu máli að vera að fara til liðs þar sem mér líst mjög vel á allar aðstæður. Ég er líka mjög ánægður með að ég verð fyrsti hægri hornamaðurinn í liðinu og mun spila 60 mínútur í leik, sem mér finnst skipta miklu máli því það er ekkert gaman að dúsa á bekknum,“ sagði Bjarni en markmið félagsins er að vera meðal þeirra bestu í frönsku deildinni.

„Þjálfarinn talaði um að liðið geti ekki keppt við Montpellier og viðlíka stórlið sem eru öll með 14 toppleikmenn. Þeir stefna á það að vera með níu toppleikmenn og treysta á þá til þess að spila deildina og geta unnið titil á næsta tímabili,“ segir Bjarni.

„Ég er mjög spenntur fyrir frönskum handbolta og er mjög hrifinn af því hvernig franska landsliðið spilar. Það spilar harkuvörn og er skapandi í sókninni. Þjálfarinn talaði líka mikið um að leggja mikið upp úr því að búa til sterka liðsheild og að allir sem komi að liðinu taki þátt í að hjálpa Créteil að ná langt. Þeir eru enn á fullu að spila í deildinni þannig að það er nóg að gerast hjá þeim en ég gæti alveg séð mig klára þennan samning á næstu dögum,“ segir Bjarni, sem verður í eldlínunni í Eyjum í kvöld þegar ÍR-ingar sækja ÍBV heim í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum DHL-deildarinnar.

ooj@frettabladid.is



**KVEÐUR ÍR Í VOR** Bjarni Fritzson, fyrirliði bikarmeistara ÍR, er á leiðinni til franska liðsins Créteil á næsta tímabili.

Íslendingarnir í þýska körfuboltanum um helgina:

# Fannar lék sinn besta leik með Ulm

**KÖRFUBOLTI** Íslenski landsliðsmiðherjinn Fannar Ólafsson skoraði 15 stig og tók 12 fráköst á 21 mínútu í 94-87 sigri Ulm á Crailsheim Merlins í þýsku 2. deildinni í körfubolta um helgina. Ulm hefur nú unnið fjóra leiki í röð. Þetta var langbesti leikur Fannars með liðinu til þessa en þetta var aðeins í annað skiptið sem hann nær að leika yfir 20 mínútur.

Mike Taylor, þjálfari Ulm, valdi Fannar mann leiksins á heimasíðu sinni og sagði hann hafa blásið liðsfélögum sínum kapp í brjóst með baráttu sinni eftir að hafa komið af bekknum.

Fannar skoraði 12 stig og tók 9 fráköst í stórsigri á Kronberg í sínum öðrum leik hjá Ulm en eftir það fékk hann lítið að spreyta sig þar til hann spilaði stórt hlutverk í að landa góðum sigri um helgina.

Ulm er sem áður segir í öðru sæti suðurhluta þýsku 2. deildarinnar, sex stigum á eftir liði Nürnberg. Fannar gekk til liðs við liðið í febrúarbyrjun og hefur nú leikið ellefu leiki með liðinu. Ulm hefur unnið níu þeirra, þar af tíu af síðustu ellefu leikjum.

Fannar hefur spilað 12,2 mínútur að meðaltali í 2. deildinni í vetur og á þeim tíma hefur hann skorað 5,1 stig og tekið 3,2 fráköst að meðaltali í leik.

Logi Gunnarsson fékk að spila í fjórar mínútur með liði sínu Giessen 46ers gegn Ludviks í þýsku úrvalsdeildinni og skoraði Logi tvö stig í leiknum. Hann hitti úr eina skoti sínu í leiknum og tók auk þess tvö fráköst. Giessen er í fjórða sæti úrvalsdeildarinnar.

-óój



**FANNAR FLOTTUR** Íslenski landsliðsmiðherjinn Fannar Ólafsson skoraði 15 stig og tók 12 fráköst á 21 mínútu í 94-87 sigri Ulm á Crailsheim Merlins um helgina.

## ÚR SPORTINU

Hlaupadrottningin **Marion Jones** var langt frá sínu besta um helgina þegar hún keppti í sínu fyrsta opinbera frjálsíþróttamóti frá því á ÓL í Aþenu í sumar. Jones keppti í 400 metra hlaupi á mótinu og hafnaði í langsíðasta sæti á tímanum 55,03 sekúndur, en sigurvegarinn **Novlene Williams** hljóp á 51,49 sekúndum. **Jones**, sem er orðin 29 ára gömul, á best 49,59 sekúndur í greininni en þeim tíma náði hún fyrir fimm árum.



Finnski varnarmaðurinn **Sami Hyypia** hjá Liverpool segir að þeir rauðklæddu megi ekki við neinum mistökum í lokaumferðum ensku úrvalsdeildarinnar ætli þeir sér í Meistaradeild Evrópu að ári. „Það gæti meira að segja verið að það yrði ekki nóg. Við þyrftum jafnvel að vinna Meistaradeildina í ár til að komast þangað á næsta ári,“ segir **Hyypia** en bætir við að í þeirri keppni eigi Liverpool heima. „Við höfum sýnt það á þessu tímabili að **Liverpool** á að vera í Meistaradeildinni.“



Bullur í fótboltanum virðast ekkert þrá meira en athygli þessa dagana og um helgina var það hollenski boltinn sem varð fyrir barðinu á slíkum ólátalýð. Sjö lögreglumenn þurftu að leita sér hjálpar á sjúkrahúsi eftir að hafa lent í átökum við stuðningsmenn **Feyenoord**, sem tapaði fyrir erkifjendunum í Ajax á sunnudag. Alls voru 43 manns handteknir í óeirðunum en þess má geta að fyrir leikinn voru 1.600 stuðningsmenn **Ajax** sendir heim aftur eftir að þeir höfðu unnið skemmdarverk á lestunum sem fluttu þá frá Amsterdam til Rotterdam.

Forráðamenn **Chelsea** sáu sig knúna til að gefa út aðra yfirlýsingu í gær þess efnis að félagið hefði ekki áhuga á að fá **Rio Ferdinand**, varnarmann **Manchester United**, í sínar raðir fyrir næstu leiktíð. Breska blaðið Mirror náði myndum af **Ferdinand** og **Peter Kenyon**, stjórnarformanni **Chelsea**, á veitingastað um helgina og var það í annað sinn á stuttum tíma sem þeir hittast „fyrir algjöra tilviljun“ að sögn beggja.

KSÍ dæmdi í gær **ÍBV** 3-0 sigur gegn **Val** í deildarbikarnum vegna þess að **Valsmenn** tefldu fram ólöglegum leikmanni. Í tilkynningu frá KSÍ segir að Bjarni Ólafur Eiríksson hafi fengið þrjár áminningar áður en að leiknum gegn **ÍBV** kom á laugardaginn og því hafi hann sjálfkrafa átt að taka út leikbann. Það gerði hann hins vegar ekki og því hefur **Eyjamönnum** verið dæmdur sigur auk þess sem Valsarar eiga yfir höfði sér fjársekt.



Að sögn **Michaels Schumacher** er nýi Ferrari F2005 bíllinn allur að koma til og segist Þjóðverjinn stefna á sigur og ekkert annað í kappakstrinum á Imola um næstu helgi. „Við erum farnir að þekkja virkni nýja bílsins mun betur núna en fyrir síðasta kappakstur í Barein. Það er búið að lagfæra smágalla og betrumbæta yfirbygginguna. Ég hef engar áhyggjur af bilunum lengur,“ segir **Schumacher**.




Norðurlandakeppni í pípulögnum og Stórsýning í Perlunni

Dagana 21.-24. apríl verður haldin Norðurlandakeppni í pípulögnum í Perlunni í fyrsta sinn á Íslandi.
Á sama tíma er Stórsýning í Perlunni þar sem fyrirtæki og þjónustuaðilar, tengdir faggreininni sýna allt það nýjasta í pípulögnum, hreinlætistækjum, baðinnréttingum og öðru sem við á þar sem heitt og kalt vatn er notað.



Tómas I. Helgason, nemi í pípulögnum keppir fyrir hönd Íslands í Norðurlandakeppninni. Tómas er Íslandsmeistari iðnnema í pípulögnum 2004.

Allir velkomnir! Ókeypis aðgangur!

KEPPNIN HEFST FIMMTUDAGINN 21. APRÍL KL. 9:00
STÓRSÝNINGIN HEFST SAMA DAG KL. 13:00

NORDISK VVS


ÁN MSG
Kjötvörurnar frá Goða hafa aldrei verið betri
Í kjötvörunum frá Goða er ekkert MSG.
MSG er bragðaukandi efni sem er algengt í unnum kjötvörum og er talið geta valdið fæðuóþoli.
Borðaðu það sem er gott fyrir þig – gómsætu kjötvörurnar frá Goða.
GOÐI
-alltaf góður




# STUÐ MILLI STRÍÐA : Broskall með skeifu

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ÞOLIR EKKI BROSKALLA.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Samskiptabylting síðustu ára hefur haft þá merkilegu breytingu í för með sér að fólk er meira og minna hætt að tala saman. Samtöl eru orðin stafræn og fara fram á MSN-spjallkerfum í tölvum, með tölvupósti og SMS-skeytum í GSM-símum.

Persónulega finnst mér þetta bara fínt enda er hægt að telja þær manneskjur á fingrum annarrar handar sem ég nenni yfirleitt að tala við. Það er ágætt að senda hinum bara SMS og tölvupóst.

Þessar skeytasendingar eru þó áskrift á alls konar árekstra sem spretta upp af hreinum misskilningi þar sem stafrænu samskiptin eru gersneydd allri tilfinningu. Einföld spurning eða svar, „já“ eða „nei“ hafa breytilega merkingu sem ræðst af svipbrigðum og raddblæ.

Einhverjir tölvuspekingar, sjálfsagt flestir ribbaldar á mála hjá Bill Gates, hönnuðu svokallaða broskalla til þess að gæða geld rafskeyti mannlegum tilfinningum. Þessi gulu andlit á tölvuskjánum líta til dæmis svona :) (sígildur broskall) út í GSM-símanum eða svona ;) (blikkandi broskall). Þessi blikkandi er mjög óræður en á að gefa til kynna að sendandinn sem notar hann sé með húmorinn í góðu lagi, eða eitthvað. Ég veit það ekki. Mér líður oftast svona :( (fúll broskall með skeifu) þegar ég fæ senda broskalla.

Það er nefnilega eitthvað svo óendanlega tilgerðarlegt við þessi broskallakvikindi eins og sést best á sorglega leiðinlegum spjallrásum á netinu þar sem grunnhyggnir kjölfræðingar úttala sig um landsins gagn og nauðsynjar og daðra við bullið hvor í öðrum með því að kvitta fyrir með hjörtum, broskollum, broskollum með sólgleraugum, blikkandi broskollum og jafnvel heilu broskallahljómsveitunum. Ojbarasta.

Af tvennu illu í mannlegum samskiptum kýs ég þá að ræða við fólk í síma eða augliti til auglitis. Allt frekar en þessa bölvuðu broskalla.

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## ÞÚ OG ÞA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# FLÖT SJÓNVÖRP • VAXTALAUS TILBOÐ




AÐEINS KR. 16.666
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI*

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 199.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 249.990

## UNITED PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í Mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

ÖRÞUNNT PLASMA




## UNITED LTV27

27" LCD SJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 Hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd (2 tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

AÐEINS KR. 9.990
Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI*

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 99.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 149.990

ÖRÞUNN LCD




## PHILIPS 23PF8946

23" stereó LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 punkta upplausn, FM útvarpi, textavarpi, 2 Scart tengjum: RGB-inn/CVBS-inn, PC-inngangi, tengi fyrir heyrnatól, fjarstýringu og borðstandi.

AÐEINS KR. 9.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI*

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 119.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 179.990

ÖRÞUNN LCD




## UNITED LTV30W50

30" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með móttakara, 1280x768 punkta upplausn (VGA, SVGA, XGA), 600:1 skerpa og Comb Filter, sjónsvið: 170°, 10w Nicam Stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 6 breiðtjaldsstillingar: 4:3, Zoom 14:9, Zoom 16:9, Zoom Texti, Super Zoom og Widescreen, 2 Scart, SVHS og heyrnar-tólstengjum, 124 síðna textavarp, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.

AÐEINS KR. 13.333
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI*

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 159.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 199.990




## PHILIPS 30PF9946

30" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Crystal Clear og Progressive Scan, 1280x768 punkta upplausn, textavarpi með 1200 síðna minni, 40w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround og FM útvarpi, 2 Scart tengjum, RGB-inn / CVBS-inn PC-inn og tengi fyrir heyrnatól, borðstandur fylgir.

AÐEINS KR. 18.333
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI*

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 219.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 279.990

ÖRÞUNN LCD




## JVC LT32C31S

32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 1280x768 punkta upplausn, styður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarp, tvískiptur skjá möguleiki, 20w RMS, BBE Nicam stereó hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 2 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heynartólstengi, T-V Link og borðstandi.

AÐEINS KR. 24.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI*

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 299.990
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 379.990

ÖRÞUNN LCD




## JVC PD42B50

42" PLASMA BREIÐTJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 852x480 punkta upplausn með 3000:1 skerpu, styður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarp, tvískiptur skjá möguleiki (mynd og mynd/textavarp), mynd í mynd (1 móttakari), 20w RMS, BBE Nicam stereó hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 3 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heynartólstengi, T-V Link og veggfesting.

ÖRÞUNNT PLASMA

AÐEINS KR. 33.333
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI*

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 399.995
STAÐGREITT

FULLT VERÐ kr. 449.990

*Vaxtalausar VISA eða EURO raðgreiðslur. Við bætist lántöku- og færslugjald.

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. Tónborg, Kópavogi. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

**!** **Kl. 21.25**
*Í kvöld sýnir Sjónvarpið þátt um þýðendur sem **Þorsteinn J. Vilhjálmsson** gerði fyrir **Bandalag þýðenda og túlka** og **Þýðingasetur Háskóla Íslands**. Íslensku þýðingarverðlaunin verða afhent í fyrsta sinn í lok bókavikunnar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Gala-kvöld í Gullhömrum

Óperukór Hafnarfjarðar heldur upp á fimm ára starfsafmæli sitt um þessar mundir. Í tilefni af því verður haldið Gala-kvöld í Gullhömrum í Grafarholti á morgun, síðasta vetrardag. Óperusöngkonan Elín Ósk Óskarsdóttir er stofnandi og stjórnandi kórsins og Þuríður Pálsdóttir er verndari hans. Húsið opnar klukkan 20 og verður boðið upp á fordrykk, mat og Vínardansleik við undirleik hljómsveitarinnar Salon á vegum Sigurðar I. Snorrasonar. Elín Ósk segir alla söng- og hljóðfæraelítu landsins verða samankomna í Gullhömrum. Á meðal þeirra eru: Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona, Sigrún Eðvaldsdóttir konsertmeistari, Snorri Wium söngvari og Peter Máté píanóleikari. Þorgeir Andrésson tenór verður veislustjóri.



Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar sýnir samkvæmisdansa.
Skemmtunin er öllum opin og er forsala miða í Pennanum í Hafnarfirði og Kringlunni.

## EKKI MISSA AF...

... gömbukvartettinum **Phantasm**, sem flytur barokktónlist eins og hún gerist best á Tíbrártónleikum í Salnum annað kvöld. Kvartettinn hefur farið sigurför um heiminn og er sagður vera eins og „rödd úr öðrum heimi".

... söngsveitinni **Fílharmoníu**, sem flytur verkið **Carmina Burana** á vortónleikum sínum í Langholtskirkju næstkomandi sunnudag.

... sýningu rússnesku kvikmyndarinnar **Þegar trönurnar fljúga** frá árinu 1957, sem Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói í kvöld klukkan 20.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**DÍNAMÍT**
**FRUMSÝNING 27. APRÍL!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 23/4 **uppselt**, lau. 30/4 **uppselt**, lau. 7/5 **uppselt**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 24/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**.

**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
**Frumsýning mið. 27/4 örfá sæti laus**, 2. sýn. fös. 29/4 **örfá sæti laus**, 3. sýn. sun. 1/5 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 5/5 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 6/5 **örfá sæti laus**, 6. sýn. mið. 11/5 **örfá sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Fim. 28/4 **nokkur sæti laus**, sun. 8/5 **nokkur sæti laus**.
**Aðeins þessar tvær sýningar eftir!**

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Fim. 21/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4, fös. 29/4 **nokkur sæti laus**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Fim. 21/4 **uppselt**, fös. 22/4 **örfá sæti laus**, fös. 29/4 **uppselt**, fim. 5/5 **örfá sæti laus**, fös. 6/5 **örfá sæti laus**, mið. 11/5 **örfá sæti laus**, lau. 28/5 **örfá sæti laus**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT,**
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir*
Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
- ***Fáar sýningar eftir***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Aðalæfing Mi 20/4 kl 18 - **UPPSELT,**
Frumsýning Fi 21/4 kl 14 - **UPPSELT,**
Lau 23/4 kl 14, Su 24/4 kl 14,
Su 1/5 kl 14, Su 1/5 kl 17

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Mi 20/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20, Fi 5/5 kl 20

**SEGÐU MÉR ALLT**
*e. Kristínu Ómarsdóttur*
Fö 22/4 kl 20
***Síðasta sýning***

**AUSA eftir Lee Hall**
*Í samstarfi við LA.*
Fi 21/4 kl 20 - ***Síðasta sýning***
- ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Mi 20/4 kl. 20 - **UPPS.,** Fi 21/4 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 22/4 kl 20 - **UPPS.,** Lau 23/4 kl 20 - **UPPS.,**
Su 24/4 kl 20 -**UPPS.,** Fö 29/4 kl 20 - **UPPS.,**
Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.,** Su 1/5 kl 20 - **UPPS.,**
Mi 4/5 kl 20 - **UPPS.,** Fi 5/5 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 6/5 kl 20, Lau 7/6 kl 20 - **UPPS.**

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - ***Aukasýningar***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Fö 22/4 kl 20, Lau 23/4 kl 20
Lau 30/4 kl 20, Su 1/5 kl 20

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**

**DANSLEIKHÚSIÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Fi 21/4 kl 19:09 **Frumsýning**
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09
***Aðeins þessar 3 sýningar***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudaga**




**KRISTINN SIGMUNDSSON** Stofnar ljóðaakademíu í Salnum í Kópavogi, þar sem staðið verður fyrir reglulegum námskeiðum í ljóðasöng.

# Leitinni má aldrei ljúka

„Ég var sjálfur á svona námskeiðum þegar ég var að byrja í þessu og veit að það er mjög mikilvægt fyrir unga söngvara að kynnast sem flestum af sínum eldri kollegum, kynnast því hvernig þeir vinna og hvernig þeir hugsa," segir Kristinn Sigmundsson söngvari, sem stendur fyrir meistaranámskeiði í túlkun á íslenskum sönglögum og þýskum ljóðum í Salnum í Kópavogi nú í vikunni. Þar leiðbeinir Kristinn ásamt Jónasi Ingimundarsyni tíu ungum söngvurum, sem ýmist eru langt komnir í söngnámi eða hafa nýverið lokið námi sínu.

„Ég er ekkert að halda því fram að ég sé neitt klárari eða greindari en þau," segir Kristinn, „en ég hef meiri reynslu og reynslan kennir manni ýmislegt. Til dæmis hvað maður á að forðast."

Í tengslum við þetta meistaranámskeið verður einnig stofnuð Ljóðakademía Salarins, og er stefnt að því að akademían standi árlega fyrir tónleikum og meistaranámskeiðum þeim tengdum í Salnum.

Hugmyndin að stofnun ljóðaakademíunnar er komin frá Kristni, sem þrátt fyrir mikið annríki við söng í mörgum af helstu óperuhúsum heims gaf sér tíma til þess að koma við í heimabæ sínum, Kópavogi, til þess að miðla af reynslu sinni og þekkingu.

„Þegar maður er kominn á þennan aldur rennur manni blóðið til skyldunnar. Mér er í rauninni skylt að bjóða fram mína aðstoð þeim sem eru að byrja í þessu langa ferðalagi, þessari leit að fullkomnuninni, hinum eina sanna tóni. Þeirri leit lýkur aldrei af því að hann finnst aldrei."

Sjálfur segist Kristinn hafa óskaplega gaman af því að halda námskeið af þessu tagi. Hann læri líka mikið af því að fylgjast með hinum ungu söngvurum, enda hætti menn aldrei að læra þar sem listin er annars vegar.

„Ég trúi því að um leið og maður heldur að leitinni sé lokið deyr eitthvað í þessu öllu saman. Flutningur af þessu tagi verður alltaf að vera lifandi í huga flytjandans. Maður verður alltaf að vera opinn fyrir því að prófa eitthvað nýtt og passa sig á að hljóma ekki eins og segulbandstæki."

Í tengslum við námskeiðið halda þeir Kristinn og Jónas tónleika í Salnum í kvöld þar sem þeir flytja lög eftir marga af helstu meisturum ljóðatónlistarinnar, svo sem Beethoven, Schubert, Brahms og Mahler.

Sjálft námskeiðið fer fram á miðvikudag og fimmtudag frá klukkan 9.30 til 17.00. Þar koma fram tíu nemendur sem spreyta sig á ljóðasöng og fá leiðbeiningar frá Kristni um ýmislegt sem betur mætti fara.

Öllum er frjálst að mæta í Salinn og fylgjast með námskeiðinu. „Það verður allt opið, menn geta komið og farið að vild," segir Kristinn.

Á fimmtudagskvöldið, að námskeiðinu loknu, verða síðan haldnir aðrir tónleikar þar sem nemendurnir tíu koma fram. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

16 17 18 **19** 20 21 22

**Þriðjudagur**

### KVIKMYNDIR

☐ 20.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir rússnesku kvikmyndina **Þegar trönurnar fljúga** frá 1957 eftir Mikhail Kalatozov í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði. Myndin er með enskum texta.

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 Færeyska stórsveitin **Skansa Big-band** heldur tónleika ásamt **Léttsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar** á sal Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Stjórnendur eru Eiríkur Skála, Eyþór Kolbeins og Karen J. Sturlaugsson. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

☐ 20.00 **Kristinn Sigmundsson** flytur ljóðasöngva eftir Beethoven, Schubert, Brahms, Strauss, Wolf, Mahler og Loewe ásamt **Jónasi Ingimundarsyni** píanóleikara á ljóðatónleikum í Salnum, Kópavogi.

### FYRIRLESTRAR

☐ 16.30 **Grétar Már Sigurðsson** sendiherra ræðir um hornsteina íslenskrar utanríkisviðskiptastefnu á **Lögfræðitorgi** Háskólans á Akureyri, sem haldið verður í stofu L101 í Sólborg við Norðurslóð.

### VIKA BÓKARINNAR

☐ 14.00 **Málþing um athafnalandið Ísland** verður haldið á Grand Hótel Reykjavík í minningu Ragnars Jónssonar í Smára. Aðalfyrirlesari verður dr. **Itamar Even-Zohar**, prófessor í skáldskaparfræðum og samanburðarbókmenntum við Háskólann í Tel Aviv.

☐ 15.00 **Vilborg Dagbjartsdóttir** rithöfundur les ævintýri eftir H.C. Andersen í sögustund í Gerðubergssafni Borgarbókasafns Reykjavíkur.

☐ 15.30 Sjálfur **H.C. Andersen**, leikinn af **Sigurði Skúlasyni**, les upp úr ævintýrum sínum í sögustund í Bókasafni Garðabæjar, Garðatorgi. Litli kórinn úr Hofsstaðaskóla mætir einnig á svæðið og syngur nokkur vel valin lög.

☐ 17.00 **Njörður P. Njarðvík** les ljóð úr nýrri ljóðabók sinni á dagskrá með léttir hrynjandi, sem efnt er til í Þjóðmenningarhúsinu. **Vésteinn Ólason** og **Sigríður Albertsdóttir** flytja erindi og **Davíð Ólafsson** bassi syngur nokkur lög.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Á ekki heima með föndrinu

Í burðarliðnum er sýning á málverkum Halldórs G. Dungal, sem verið hefur blindur í fimm ár. Verkin eru ný, máluð eftir að hann missti sjónina. Hann segist hafa þurft að tileinka sér nýja tækni og notar sérstaka vatnsblandaða olíuliti.

„Ég er og var fyrir myndlistarmaður,“ segir Halldór, sem fyrir sjónmissinn hélt sýningar. Hann segir feril sinn spanna orðið um 40 ár því fyrst hafi hann farið í myndlistarskóla átta ára gamall.

Halldór segist með listsköpun sinni gera tilraun til að sigrast á þeim hindrunum sem hann stendur frammi fyrir sökum fötlunar sinnar. „En það er til marks um hve hvatningin er mikil að það var eiginlega fyrir orð skúringakonunnar hérna að ég gafst ekki upp, þegar ég í þunglyndiskast ætlaði að hætta.“

Til stóð að sýna verkin í anddyri Blindraheimilisins við Hamrahlíð á ársfundi Blindrafélagsins, en Halldór segist hálfpartinn hafa fyrtst við þegar hann komst að því að umgangast ætti verkin eins og hvert annað föndur. „Það á því eftir að skýrast hvenær af sýningunni verður, hvort það verður hér niðri í Blindraheimili eða í sýningarsal úti í bæ.“

- óká



**HALLDÓR G. DUNGAL** Halldór, sem er blindur, málar verk sín með sérstakri olíumálningu, sem hann segir vatnsblandaða og gefa meiri gljáa. „Þetta eru bestu myndir sem ég hef aldrei séð,“ gantast hann, en sjónina missti hann eftir að hafa orðið fyrir eitrun í útlöndum.


ARVOR
Sportbátar





www.velasalan.is
Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar og tryggið ykkur bát fyrir sumarið.
VÉLASALAN
Ánanaust 1 - Sími 580 5300
velasalan@velasalan.is



Tenórinn
Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar
Laugardaginn 23. apríl kl. 20 - *Uppselt*
*Auka aukasýning*
Laugardaginn 7. maí kl. 20
IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is
Tjarnarbakkinn restaurant



Apótekarinn eftir Haydn
Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar
29. apríl kl. 20 - **Frumsýning**
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
**Ath. Aðgangur ókeypis**
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400



Glucomed
BYGGIR UPP LIÐBRJÓSK
Fyrir fólk með liðkvilla vegna slitgigtar eða yfirálags





Fæst í apótekum



| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fimmtudagur** | **21. apríl** | FRUMSÝNING | **kl. 14.00** |
| - *Sumardagurinn fyrsti* | | | |
| Laugardagur | 23. apríl | 2. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 24. apríl | 3. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 4. sýning | kl. 17.00 |
| Sunnudagur | 1. mai | 5. sýning | kl. 14.00 |
| Fimmtudagur | 5. mai | 6. sýning | kl. 14.00 |
| - *Uppstigningardagur* | | | |
| Laugardagur | 7. mai | 7. sýning | kl. 14.00 |
| Sunnudagur | 8. mai | 8. sýning | kl. 14.00 |

**MIÐASALAN** hefst **1. apríl**
á **www.borgarleikhus.is**
og í síma **568 8000**
**Sýnt í Borgarleikhúsinu!**











Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18
pantanir í síma 551 4700
www.avaxtakarfan.is
Sunnudagur 24. Apríl kl: 13:30
Sunnudagur 1. Mai kl: 13:30
www.midi.is



» FASTUR
birta
» PUNKTUR





event
LOKAKVÖLD
SAILESH Á ÍSLANDI
SAILESH ÞAKKAR ÓTRÚLEGAR VIÐTÖKUR MEÐ EINSTAKRI SÝNINGU SEM ER SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENDINGA
EXTREME SHOW
KL. 23:00 Á BROADWAY NÆSTA FÖSTUDAG, 22. APRÍL.
NÚ VERÐUR ALLT VITLAUST!
Allt leyfilegt, engar hömlur og auk þess fá áhorfendur valdið af og til. Þú getur búið til atriði og stjórnað vinum þínum á sviðinu.
ÞETTA HEFUR ALDREI VERIÐ REYNT ÁÐUR
Þú villt ekki missa af "extreme" og gagnvirkri sýningu á föstudaginn kl. 23:00.
LÆKKAÐ MIÐAVERÐ Í BOÐI BT NET:
AÐEINS 2.500 KRÓNUR.
BTnet niðurgreiðir hvern miða um 1.000 krónur fyrir alla landsmenn.
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00!
Í verslunum Skífunnar, á event.is og í síma 575-1522.
Stranglega bönnuð innan 18 ára. ATH! Allar myndavélar og myndatökur stranglega bannaðar.
ÓRITSKOÐAÐUR VARÚÐ! BANNAÐ INNAN 18 ÁRA
BTNET fleiri bitar • meiri hraði
FM 957
NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.event.is













■ **KVIKMYNDIR**

# 16 þúsund gestir

Alls hafa rúmlega 16 þúsund manns sótt Kvikmyndahátíð Íslands, IIFF, sem byrjaði með látum fyrir rúmlega viku og tók inn alls 6.000 manns fyrstu sýningarhelgina.

Tólf dagar eru eftir af hátíðinni og enn á eftir að frumsýna athyglisverðar myndir á borð við Beautiful Boxer. Það virðist því stefna í að endanleg aðsókn að þessari hátíð verði margfalt hærri en hefur sést áður hérlendis. ■



**HOLE IN MY HEART** Kvikmyndahátíð Íslands, IIFF, hefur farið ákaflega vel af stað.

■ **TÓNLIST**



MYND/HELGI STEINAR/PEDROMYNDIR.IS

**SIGURINN Í HÖFN** Hrund Ósk (í miðjunni) ásamt systrunum Sigurbjörgu Sæunni og Elínu Vigdísi Guðmundsdætrum sem dönsuðu við lagið og Kristjáni Daðasyni trompetleikara.

# Hrund Ósk sigurvegari

Hrund Ósk Árnadóttir úr Menntaskólanum í Reykjavík bar sigur úr býtum í Söngkeppni framhaldsskólanna sem var haldin á Akureyri síðastliðið laugardagsvöld.

Hrund Ósk söng lagið Sagan af Gunnu en í öðru sæti lenti Dagný Elísa Halldórsdóttir úr Verkmenntaskólanum á Akureyri með lagið Hvað liggur á? Um 2.000 manns fylgdust með keppninni í Íþróttahöllinni á Akureyri og náðist upp mikil stemmning. ■











# Sailesh kveður með stæl

Gríndávaldurinn Sailesh ætlar að bæta við einni aukasýningu og þakka þannig Íslendingum fyrir viðtökurnar, sem hafa að hans sögn verið ótrúlegar. Sailesh er staddur á Íslandi og ætlar að vera hér í tvær vikur. Hann var bókaður með fjórar kvöldskemmtanir, tvær á Broadway og eina á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Hann hefur nú bætt við þriðju sýningunni á Broadway og hefst hún klukkan 22 á föstudaginn.

Sýningin verður frábrugðin öðrum sýningum kappans að því leyti að þar verður allt leyfilegt og hann mun hvergi halda aftur af sér. Þá ætlar hann að hafa sýninguna gagnvirka þannig að hann mun ráðfæra sig við áhorfendur úti í sal um hvað hann eigi að láta dáleidda sjálfboðaliða á sviðinu gera af sér. Þetta verður að öllum líkindum lokakvöld Sailesh á Íslandi og honum er mikið í mun að það verði sem glæsilegast.

„Ekkert hefði getað búið mig undir móttökurnar hérna," segir Sailseh. „Það er svo mikil ást og orka hérna og ég hef eignast fullt af góðum vinum." Sailesh heldur beint héðan til Svíþjóðar og Finnlands þar sem hann ætlar að skemmta með dáleiðslu en það eru ekki síst viðtökurnar á Íslandi sem urðu til þess að hann ákvað að reyna frekar fyrir sér á Norðurlöndum.

Miðarnir á lokasýninguna eru á lækkuðu verði og kosta 2.500 krónur. ■



**SAILESH** Gríndávaldurinn er svo yfir sig hrifinn af Íslendingum að hann ætlar að ganga skrefinu lengra en venjulega á aukaskemmtun á föstudaginn.

■ TÓNLIST



**THE WHITE STRIPES** Rokkdúettinn gefur út sína fimmtu plötu í júní.

# Satan kemur í júní

Fimmta plata rokkdúettsins The White Stripes hefur fengið nafnið Get Behind Me Satan. Þrettán lög er að finna á plötunni sem verður gefin út sjöunda júní. Fyrsta smáskífulagið nefnist Blue Orchid.

Upptökur á plötunni stóðu yfir í aðeins tvær vikur, sem er svipaður tími og fór í upptökur á síðustu plötu dúettsins, Elephant, sem naut mikilla vinsælda. The White Stripes ætla í heimsreisu til að fylgja plötunni eftir og hefst hún í Mexíkó 11. maí. ■













Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið



Beint flug til hinna fögru miðaldarborgar

Tallinn í Eistlandi

Ótrúlegt verð - flug með sköttum, einungis 18.990 kr.
Örfá sæti eftir. Frá 15. júlí-26. júlí.

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimslista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Menningarlíf í Talllinn stendur með miklum blóma og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla, hótelgisting og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er, næturlífið fjörugt, barir, skemmtistaðir og kaffihús á hverju götuhorni.

***Tallinn er borg sem fangar, borg sem skilur eitthvað eftir, löngu eftir að komið er heim.***

Trans-Atlantic
Sími 588 8900 • www.transatlantic.is

# VIÐ TÆKIÐ | Ógnandi dópheimur

**MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR** LIFÐI SIG INN Í SÖGU VERONICU GUERIN

Laugardagskvöldið var gott í sjónvarpinu. Sannsögulega kvikmyndin um Veronica Guerin er minnisstæðust. Það var ekki hægt að ná sambandi við mig á meðan hún rúllaði. Fyrir þá sem ekki sáu myndina fjallar hún um blaðakonuna Veronicu Guerin, sem lagði líf sitt í hættu til að rannsaka og skrifa um dópheiminn í Dyflinni. Hún náði það langt í baráttu sinni að forkólfum dópdreifingarinnar stóð stuggur af henni. Þeir vildu losna við hana. Þar sem hún stóð nánast ein í baráttu sinni tókst dópkóngunum að taka líf hennar í lokin. Ef lögreglan í Dyflinni hefði verið vakandi og hlustað hefði sagan líklega endað öðruvísi. Þetta vakti mig til umhugsunar enda held ég að atburðirnir í myndinni séu ekki ólíkir því sem er að gerast á Íslandi í dag. Fíkniefni virðast flæða óhindrað til landsins og það er vont að ímynda sér að allt þetta magn sem er á markaðnum sé komið úr rössum burðardýra. Lögreglan kvartar yfir fámenni en ég trúi því ekki að það sé ekki hægt að hagræða og forgangsraða innan lögreglunnar eins og í öðrum fyrirtækjum. Það hlýtur að vera hægt að fækka sundferðum lögreglumanna á vinnutíma og setja þá sem spila kapal allan daginn í að fylgjast með dreifingaraðilum. Það ætti ekki að vera erfitt. Eru þessir menn ekki allir á þýskum eðalvögnum af stærstu gerð með



lituðum rúðum, frekar brúnir í framan af ljósabekkjalegu og með vel þjálfaða upphandleggi? Svo hefur maður heyrt að hægt sé að þekkja þá úr mílu fjarlægð því undirmenn og yfirmenn faðmist gjarnan þegar þeir hittast á opinberum stöðum. Það er fátítt að venjulegir skrifstofumaurar leggi það í vana sinn, að minnsta kosti þeir gagnkynhneigðu.



**20.45** *Menning*

**Mósaík. Þáttur um listir, mannlíf og menningarmál í umsjón Jónatans Garðarssonar.**



**22.25** *Spenna*

**Las Vegas og Crossing Jordan. Þættirnir tengjast saman í kvöld en Jordan Cavanaugh heimsækir Las Vegas.**



**19.15** *Fasteignir*

**Þak yfir höfuðið. Hlynur Sigurðsson fræðir áhorfendur um fasteignamarkaðinn.**

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Arthur (100:105)

**18.30 Gló magnaða (3:19)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Íslandsmótið í handbolta** Úrslitakeppnin, undanúrslit karla, 1. leikur, bein útsending frá síðari hálfleik.
**20.45 Mósaík** Þáttur um listir, mannlíf og menningarmál. Umsjónarmaður er Jónatan Garðarsson og um dagskrárgerð sér Arnar Þór Þórisson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**21.25 Þjóðin og þýðingarnar** Sjónvarpsmynd um stöðu þýðinga á Íslandi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Fjarvistarsönnun (2:3)** (Alibi)Breskur spennumyndaflokkur.

**23.15** Króníkan **0.15** Kastljósið **0.35** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið **12.20** Neighbours

**12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** Married to the Kellys (20:22) (e) **13.45** George Lopez 3 (15:28) (e) **14.05** Game TV **14.30** Scare Tactics (12:13) (e) **14.50** Derren Brown – Mind Control (6:6) (e) **15.15** Extreme Makeover (7:7) (e) **16.00** Shin Chan **16.25** Yu Gi Oh **16.50** Galidor **17.15** Cubix **17.40** Gutti gaur **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)(Lisa's first word)
**20.00 Strákarnir**
**20.30 Fear Factor (1:31)** (Mörk óttans 5)(Fear Factor 5 – Couples Reunion)Ímyndaðu þér sjónvarpsþátt þar sem þínar verstu martraðir verða að veruleika.
**21.40 Crossing Jordan 3 (7:22)** (Réttarlæknirinn)(What Happens In Vegas Dies In Bos)Spennandi þættir um Jordan Cavanaugh, hörkukvendi sem starfar hjádánardómstjóranum í Boston. Jordan er réttarlæknir og er kölluð til þegarandlát ber að höndum.
**22.25 Las Vegas 2 (8:22)** (Two Of A Kind ("Crossing Jordan" Cross-Over Episode)) Dramatískur myndaflokkur sem gerist í spilaborginni Las Vegas.

**23.10** Navy NCIS (5:23) **23.55** Twenty Four 4 (13:24) **0.40** Cold Case 2 (13:24) **1.25** Lucky Jim **3.05** Fréttir og Ísland í dag **4.25** Ísland í bítið **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**7.00** Malcolm In the Middle (e) **7.30** Innlit/útlit (e) **8.20** One Tree Hill (e) **9.10** Þak yfir höfuðið (e) **9.20** Óstöðvandi tónlist

**17.50** Cheers – 2. þáttaröð (10/22) **18.20** One Tree Hill (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið**
**19.30 Allt í drasli (e)**
**20.00 The Mountain** Shelly vill endilega bæta samband sitt og föður síns. Hún byrjar að æfa sig með honum.
**21.00 Innlit/útlit** Vala Matt fræðir sjónvarpsáhorfendur um nýjustu strauma og stefnur í hönnun og arkitektúr með aðstoð valinkunnra fagurkera.
**22.00 Queer Eye for the Straight Guy** Samkynhneigðar tískulöggur gefa gagnkynhneigðum körlum góð ráð um hvernig þeir megi ganga í augun á hinu kyninu.
**22.45 Jay Leno**

**23.30** Survivor Palau (e) **0.15** Jack & Bobby (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 2. þáttaröð (10/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Kissing Jessica Stein **8.00** Men in Black **10.00** Men in Black II **12.00** Down With Love **14.00** Kissing Jessica Stein **16.00** Men in Black **18.00** Men in Black II **20.00** Down With Love **22.00** Two Can Play That Game **0.00** Ladyhawke (Bönnuð börnum) **2.00** Full Frontal (Bönnuð börnum) **4.00** Two Can Play That Game

## OMEGA

**7.00** Joyce M. **7.30** Benny H. **8.00** T.D. Jakes **8.30** Robert S. **9.30** Ron P. **10.00** Joyce M. **10.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **11.00** Um trúna og tilveruna **11.30** Maríusystur **12.00** Fíladelfía (e) **13.00** Í leit að vegi Drottins **13.30** Acts Full Gospel **14.00** Joyce M. **14.30** Ron P. **16.00** Robert S. **18.00** Joyce M. **19.30** Um trúna og tilveruna **20.00** Robert S. **21.00** Ron P. **21.30** Joyce M. **22.00** Dr. David Cho **22.30** Joyce M.

## AKSJÓN

**7.15** Korter **21.00** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT1**
**12.00** Weightlifting: European Championship Sofia **13.30** Snooker: World Championship Sheffield **14.30** Weightlifting: European Championship Sofia **16.00** Snooker: World Championship Sheffield **16.30** Football: UEFA Champions League Happy Hour **17.30** Snooker: World Championship Sheffield **20.30** Weightlifting: European Championship Sofia **21.45** Car Racing: Le Mans Endurance Series Spa **22.00** Rally Raid: World Cup Tunisia **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Olympic Games: Olympic Magazine **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Binka **14.25** Bill and Ben **14.35** The Raven **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** Eastenders **18.00** Going Ape **19.00** Top Gear Xtra **20.00** The Human Mind **21.00** Casualty **21.50** Holby City **23.00** Great Romances of the 20th Century **0.00** Lewis Carroll – Curiouser & Curiouser **1.00** The Great Philosophers

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Air Crash Investigation **14.00** Seconds from Disaster **15.00** Great Bear Rainforest **16.00** Battlefront **16.30** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** Great Bear Rainforest **20.00** Air Crash Investigation **21.00** Seconds from Disaster **22.00** Submarines, Secrets and Spies **23.00** Forensic Factor **0.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Weird Nature **12.30** Supernatural **13.00** Natural World **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** Weird Nature **18.30** Supernatural **19.00** Natural World **20.00** Miami Animal Police **21.00** Elephant Trilogy **21.30** Animals A-Z **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Hippo **1.00** George and the Rhino

**DISCOVERY**
**12.00** American Casino **13.00** Battlefield **14.00** Extreme Machines **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** Paranal **17.00** Scrapheap Challenge **18.00** Mythbusters **19.00** Ultimates **20.00** Building the Ultimate **20.30** Massive Machines **21.00** Blueprint for Disaster **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Weapons of War

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Rock Chart **18.00** Newlyweds **18.30** The Ashlee Simpson Show **19.00** Cribs **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Punk'd **21.30** SpongeBob SquarePants **22.00** Alternative Nation **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Bands Reunited **20.00** Retro Sexual **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Ross's BBQ Party **12.40** Race to the Altar **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Race to the Altar **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Ex-Rated **20.45** Sex and the Settee **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.25** Great Gardens **23.10** Art and Soul **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Extreme Close-Up **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Life is Great with Brooke Burke **15.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** Gastineau Girls **18.00** E! News **18.30** Love is in the Heir **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Love is in the Heir **22.00** 101 Most Shocking Moments in... **23.00** E! News **23.30** Love is in the Heir **0.00** The E! True Hollywood Story

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd 'n' Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Dexter's Laboratory **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Scooby-Doo **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd 'n' Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.00** Island of Dr. Moreau, the **13.40** Pussycat, Pussycat, i Love You **15.20** Secret Invasion, the **17.00** Stitches **18.30** Toys in the Attic **20.00** Fringe Dwellers **21.40** Who Was Geli Bendl? **23.15** Savage Streets **0.50** Visitors, the **2.20** War Hunt, the

**TCM**
**19.00** To Have and Have Not **20.40** Take me out to the Ball Game **22.10** Each Dawn I Die **23.40** The Fearless Vampire Killers **1.25** The Gypsy Moths **3.10** MGM: When the Lion Roars

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## ÞÝÐINGAR STÓR HLUTI AF LÍFINU *Sjónvarpið kl. 21.25*

### *Þjóðin og þýðingarnar*

**Dagskrárgerð er í höndum Þorsteins J. og Inga R. Ingasonar.** Bandalag þýðenda og túlka var stofnað 30. september 2004 til að efla fagleg vinnubrögð meðal þýðenda sjálfra og berjast fyrir auknum skilningi á starfi þýðenda. Af því tilefni var gerður sjónvarpsþáttur þar sem sýnd eru brot úr ræðum frú Vigdísar Finnbogadóttur forseta og Jóhönnu Þráinsdóttur þýðanda auk þess sem tekin voru viðtöl við þýðendur. Þar koma fram meðal annarra Ástráður Eysteinsson prófessor, Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur, Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur, Gauti Kristmannsson og margir fleiri.


Gauti Kristmannsson.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning?

**„That is the last time you ever hit me! Next time, one of us is going to the bone yard."**

**Svar:** Dolores Claiborne úr kvikmyndinni Dolores Claiborne frá árinu 1995.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurjón M. Egilsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Dýraþátturinn - Umsjón: Begga og Júlía. E. 15.03 Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Syrpa **14.03** Útvarpssagan: Karlotta Lövenskjöld **14.30** Rölt á milli grafa **15.03** Spegill tímans: Spaugsamir prestar og svífandi orgelpáfi **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Slæðingur **20.15** Á þjóðlegu nótunum **21.00** Í hosíló **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt

**23.10** Með tónlistina að vopni

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir 18.25Spegillinn **19.15** Handboltarásin **21.00** Konsert **22.10** Rokkland **0.10** Glefsur **1.10** Ljúfir næturtónar **2.03** Auðlindin

**2.10** Næturtónar **6.05** Einn og hálfur

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis endurflutt **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju **22.00** Lífsaugað með Þórhalli miðli

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** HEILSUHORN GAUJA LITLA **18.00** Meinhornið (e) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**20.20** *Íþróttir*

**NBA.** Sýn er frá leik Chicago Bulls og Phoenix Suns sem mættust í úrslitum NBA árið 1993.

## SÝN

**7.00** Olíssport

**17.35** David Letterman **18.20** Ítalski boltinn. Bein útsending. AC Milan – Chievo, Cagliari – Lazio, Fiorentina – Messina, Juventus – Inter, Leece – Bologna, Palermo – Brescia, Parma – Sampdoria, Reggina – Atalanta, Roma – Siena og Udinese – Livorno.

**20.35 Fifth Gear** (Í fimmta gír) Hér er fjallað jafnt um nýja sem notað bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu. Greint er frá nýjustu tíðindum úr bílaiðnaðinum og víða leitað fangað. Á meðal umsjónarmanna er Quentin Wilson, einn þekktasti bílablaðamaður Breta.

**21.10 Silungur á Íslandi (1:2)** Veiðiþáttur þar sem slegist er í för með kunnáttumönnum. Laxá í Mývatnssveit þykir besta urriðasvæði á Íslandi. Þar fiskast jafnan vel og ekki spillir fyrir hið einstaka og fagra umhverfi. Hér er fylgst með veiðiskap Leifs Kolbeinssonar og Ívars Bragasonar en félagarnir, sem reka veitingastaðinn La Primavera, eru snjallir veiðimenn.

**22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.

**22.30 David Letterman**

**23.15** World Series of Poker

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **12.00** Íslenski popp listinn (e) **17.20** Jing Jang **18.00** Fríða og dýrið **19.00** Tvíhöfði (e) **19.30** Ren & Stimpy 2 **20.00** Animatrix **20.30** I Bet You Will **21.00** Real World: San Diego **22.03** Jing Jang **22.40** Amish In the City

**HALLMARK**

**12.45** Trail To Hope Rose **14.15** Missing Pieces **16.00** Early Edition **16.45** Hiroshima **18.30** Hawking **20.00** Law & Order Vi **20.45** Amnesia **22.15** Hiroshima **0.00** Law & Order Vi **0.45** Hawking **2.30** Amnesia

**BBC FOOD**

**12.00** Friends for Dinner **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Deck Dates **13.30** Floyd's Fjord Fiesta **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Sophie's Weekends **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Jancis Robinson's Wine Course **16.30** Rosemary Castle Cook **17.00** Tony And Giorgio **17.30** Tyler's Ultimate **18.30** Ready Steady Cook **19.00** New Scandinavian Cooking **19.30** Kitchen Takeover **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** A Cook On the Wild Side **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.20** Den nye have **12.50** Lægens bord **13.20** Konsum **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **14.30** Ungefair **15.00** Vores vilde verden **15.05** Dragon Ball Z **15.30** N¢rd **16.00** Lille N¢rd! **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Hammerslag **18.30** Mit ¢mme punkt **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Morse **21.40** Blue Murder **22.25** OBS **22.30** Boogie **23.00** Ungefair

**SV1**

**12.35** Atlantäventyret **14.00** Rapport **14.05** Mitt i naturen **14.35** Min galna familj **14.55** Anslagstavlan **15.00** Ramp om historia **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Sagor från Zoo **16.10** Klara färdiga gå! **16.20** Vi på Krabban **16.30** Hjärnkontoret **17.00** Tre Kronor Live **17.30** Rapport **18.00** Tre Kronor Live **19.15** Orka! Orka! **20.00** Debatt direkt från Sverige **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Sverige! **21.50** Raggadish **22.20** Sändningar från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fær Ingólfur Guðbrandsson ferðamálafrömuður fyrir að opna íslenskum ferðalöngum lúxusglugga að enn ókunnum heimshornum og selja upp sætin í nýjustu heimsreisuna sína á aðeins einni kvöldstund, þrátt fyrir að ferðin kosti 775 þúsund á mann!*

## DÓTAKASSINN

**Dótið:** Talandi Svarthöfðahjálmur og geislasverð.

**Sem er?** Það þarf varla að kynna Svarthöfða, eitt sögufrægasta illmenni kvikmyndasögunnar, en allt frá því að fyrsta Stjörnustríðsmyndin kom í bíó árið 1977 hafa (aðallega) ungir drengir látið sig dreyma um að eiga vígalegan hjálm með öndunargrímu eins og þessi uppáhalds vondi kall allra nörda skartaði. Tækninni hefur fleygt gríðarlega fram frá 1977 og dótaframleiðendur fara nú létt með að láta drauma Star Wars-aðdáenda á öllum aldri rætast.

Hjálmurinn er léttur og þægilegur enda settur saman úr þunnu plasti. Hann er hins vegar glettilega líkur frummyndinni og það er óhætt að tala um að hér sé komin „nákvæm eftirlíking“ á viðráðanlegu verði en hingað til hafa Stjörnustríðshjálmarnir verið miklu vandaðri og að sama skapi fokdýrir.

Hjálmurinn er með innbyggðum raddbreyti þannig að sá sem ber hann á herðum sér getur talað með rödd Svarthöfða, auk þess sem nokkur sígild hljóð fylgja með en þannig má láta hjálminn útvarpa dimmum andardrætti Svarthöfða auk þess sem nokkrir vel valdir frasar sem hann hefur látið falla í myndunum og má til dæmis nefna hina ódauðlegu línu: „You don't know the power of the dark side.“



Hjálmurinn er aðeins eitt dótið af mörgu sem flæðir nú inn á markaðinn í kjölfar næstu Star Wars-myndar, Episode III: The Revenge of the Sith, sem jafnframt verður sú síðasta í röðinni. Svarthöfði hefur verið fjarri góðu gamni í síðustu tveimur myndum en þessi síðasta fjallar einmitt um tilurð þessa skúrks þannig að hann sprettur ljóslifandi fram á ný og þannig er kominn grundvöllur fyrir dreifingu hjálmsins.

Geislasverð Svarthöfða er að sjálfsögðu einnig komið í dótabúðir en það gengur fyrir rafhlöðum og skiptir litum, er blátt á meðan það tilheyrir hinum góða Anakin en getur orðið rautt þegar hann breytist í Svarthöfða. Þá gefur sverðið að sjálfsögðu frá sér geislasverðahljóð.

**Kostir og gallar:** Kostirnir eru augljósir og fyrst og fremst þeir að nú geta allir leikið Svarthöfða þar sem dótið er selt á viðráðanlegu verði en sverðið kostar tæp 4.000 þúsund og hjálmurinn 5.600 krónur.

Gallarnir eru helst þeir að hjálminum skuli ekki fylgja búningur og geislasverðið þyrfti auðvitað helst að vera alvöru.



**Lárétt:** 1 doði, 5 karlmaður, 6 dýramál, 7 klaki, 8 hvílist, 9 sögn í vist, 10 á fæti, 12 raddtegund, 13 andvana lík, 15 glíma, 16 spaug, 18 tímamót.
**Lóðrétt:** 1 nirfla, 2 læri, 3 sem, 4 lekur, 6 milljónamæring, 8 eyða, 11 kassi, 14 stórfljót, 17 ónotuð.

**Lausn.**

**Lárétt:** 1 slen, 5 ver, 6 mö, 7 ís, 8 sít, 9 nóló, 10 il, 12 alt, 13 nár, 15 at, 16 grín, 18 nýár.
**Lóðrétt:** 1 sviðinga, 2 les, 3 er, 4 götóttur, 6 milla, 8 sóa, 11 lár, 14 rín, 17 ný.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 Albaníu.

2 Mál Ingimundar Kjarval gegn Reykjavíkurborg.

3 Arsenal – Manchester United.

» FASTUR birta » PUNKTUR

GUNNAR Í KROSSINUM: VAR „HOMMAÐUR“ Í SPAUGSTOFUÞÆTTI

# Hló að afhommunargríni

Á laugardaginn fór Spaugstofan hamförum í þjóðfélagsrýni sinni að venju. Mesta athygli fékk Halldór Blöndal, forseti Alþingis, sem ávítti alþingismanninn Lúðvík Bergvinsson í vikunni. Hugtakið afhommun hefur einnig verið mikið í umræðunni og Spaugstofumenn létu ekki sitt eftir liggja í þeirri umræðu. Margir hafa þó svitnað þegar Pálmi Gestsson brá sér í hlutverk Gunnars Þorsteinssonar, forstöðumanns Krossins, og ætlaði að „afhomma“ samkynhneigðan karlmann, leikinn af Erni Árnasyni. Ekki vildi þó betur til en svo að búnaðurinn sem „Gunnar“ hafði yfir að ráða bilaði og „hommaði“ hann sjálfan. Eflaust hafa einhverjir hugsað með sjálfum sér að nú hefði Spaugstofan gengið of langt í gríni sínu og það myndi heyrast frá forstöðumanninum vegna þessa.

Gunnar Þorsteinsson var hins vegar nokkuð brattur og hafði ekki mikið við þetta að athuga, sagðist ekki vera viðkvæmur fyrir sjálfum sér. „Mér hefur alltaf fundist Spaugstofan góð þó að auðvitað eigi hún sínar hæðir og lægðir,“ sagði hann og bætti við að hann undraðist oft úthald Spaugstofumannanna fimm. „Mér fannst þátturinn þeirra á laugardaginn alveg gríðarlega góður.“

Gunnar segist ekkert hafa kippt sér upp við atriðið, þetta hafi auðvitað allt verið gert undir formerkjum grínsins. „Þetta pirraði mig ekki neitt,“ sagði hann og fannst Pálmi bara ná honum nokkuð vel, hann hefði ekkert við það að athuga. „Ég held að hann myndi standa sig vel í því sem ég geri en held að ég yrði afskaplega lélegur í því sem hann gerir,“ sagði Gunnar, sem er með húmorinn á réttum stað.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/RÚV



**PÁLMI GESTSSON OG ÖRN ÁRNASON Í HLUTVERKUM SÍNUM** Bilun í búnaðinum leiddi til þess að „Gunnar“ hommaðist í stað þess að afhomma Örn.



**GUNNAR ÞORSTEINSSON** Skemmti sér konunglega og hló þegar Pálmi Gestsson lék hann í „afhommun“ sem fór úrskeiðis.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hann var sérkennilega samansettur áhorfendahópurinn á frumsýningu hinnar mjög svo opinskáu myndar 9 Songs í Háskólabíói á föstudagskvöld en óvenjumikið var um karla á miðjum aldri og upp úr sem voru einir á ferð. Þessi mikli fjöldi stakra karlmanna kom sjóuðum hátíðargestum spánskt fyrir sjónir og einhverjir höfðu á orði að hersingin minnti um margt á frakkakallana sem pukruðust á Emmanuelle-myndirnar í bíó fyrir margt löngu. Gríndávaldurinn **Sailesh** var á meðal frumsýningargesta og það fór vel á með honum og aðalleikaranum **Kieran O'Brien**, sem svaraði spurningum áhorfenda að sýningu lokinni. Almannatengilinn **Karl Pétur Jónsson** var einnig á sýningunni ásamt eiginkonu sinni, **Tinnu Ólafsdóttur** Ragnars Grímssonar. Karl Pétur rak leikarann svo hálfpartinn á gat þegar hann bað hann um að útskýra um hvað 9 Songs væri í raun og veru en hún gengur meira og minna út á kynlíf.



Kieran og Sailesh skelltu sér saman á djammið að sýningu lokinni en þeir urðu síðan viðskila í Reykjavíkurnóttinni. Kieran er víst mikill orkubolti og svaf lítið sem ekkert á meðan á dvöl hans stóð. Tímann nýtti hann ekki síst á skemmtistöðum borgarinnar og er sagður hafa fallið svo gjörsamlega fyrir landi og þjóð að hann stefnir á aðra Íslandsheimsókn að ári og þá hyggst hann taka leikstjóra 9 Songs, Michael Winterbottom, með sér. O'Brien snæddi meðal annars hjá **Sigga Hall** með fríðu föruneyti en herjaði síðan á bari Reykjavíkur báðar næturnar. Sást meðal annars til hans á Prikinu en þar var *pimps and sluts*-kvöld og hann dansaði þar við nokkra vel valda tóna og lét vel af íslenska kvenfólkinu. Hann staldraði þó stutt við enda hafði hann skamman tíma til að komast yfir skemmtistaðaflóru borgarinnar.






# 100 strokur fyrir háttinn

Bókin 100 strokur fyrir háttinn kemur út hjá Eddu útgáfu í vor. Bókin hefur fengið mjög góða dóma víða um heim, til dæmis í Bretlandi, á Ítalíu og víðar á meginlandi Evrópu.

100 strokur fyrir háttinn er í dagbókarformi og skrifuð af Melissu P. eins og höfundurinn kallar sig. Í bókinni segir hin sextán ára gamla Melissa frá lífi sínu og tilveru, sem er sérstök að mörgu leyti. Hún lifir allt öðru og heldur meira krassandi lífi en fólk myndi ímynda sér. Í bókinni talar hún opinskátt um kynlíf sitt, sem er langt frá því að vera í takt við aldur hennar.

Í byrjun bókarinnar er hún hrein mey en hún er það aðeins fyrstu blaðsíðurnar. Fljótlega kynnist hún strák sem er tveimur árum eldri en hún og upp frá því verður hún æði upptekin af samskiptum við hitt kynið. Í bókinni má fá innsýn í það hvernig líf unglinga af „klámkynslóðinni“ er orðið. Hún segir meðal annars frá hópkynlífi, endaþarmsmökum og öðrum hlutum sem venjulegu fólki finnst langt frá því að flokkast undir eðlileg samskipti kynjanna. Melissa P. er þó alls ekki í eðli sínu klámprinsessa heldur hjartahrein sikileysk stúlka í leit að ástinni. Strákarnir sem hún hrasar um eru þó mun meira fyrir brenglað kynlíf og því fær ástin ekki mikið rúm.

Titillinn, 100 strokur fyrir háttinn, vísar ekki til blíðuhót heldur til þess að hún greiðir sæði úr hári sínu fyrir háttinn. Allt er þó gott sem endar vel og að lokum tekst henni að klofa yfir þennan flór af kynlífsórum og finna haldreipi í ástinni. Edda útgáfa stefnir á að flytja þennan sikileyska höfund til landsins. Ekki er ljóst hvort það verður í sumar eða þegar hausta tekur. Heimsóknar hennar er beðið með ofvæni og eiga íslenskir bókaunnendur örugglega eftir að drekka í sig visku og fróðleik Melissu. ■



**MELISSA P.** Segir á opinskáan hátt frá skrautlegu kynlífi unglingsstúlku á Sikiley.

# PEUGEOT 407

# TÖLUM UM NÝSKÖPUN

**Meistarahönnun Peugeot 407 sem setur nýjan staðal fyrir fjölskyldubíla**




HÉR & NÚ / SÍA

Peugeot 407 frá kr. **2.190.000**
kr. 22.941 á mánuði *

Peugeot 407 SW frá kr. **2.350.000**
kr. 24.618 á mánuði *

www.peugeot.is

airbags · AC · M.I.I. · JBL · F.A.P. · ESP · Tiptronic · T.D.T

Komdu og upplifðu meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Það er ekki aðeins krafturinn í hönnuninni sem gerir hann sérstakan - líka samspilið af þægindum, sportlegum aksturseiginleikum og öryggi. Þú hefur fjölda möguleika í útfærslu, þannig að við höfum um margt að tala saman. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum.

Peugeot 407 4ra dyra verð frá kr. 2.190.000 - kr. 22.941 á mánuði *
Peugeot 407 SW verð frá kr. 2.350.000 - kr. 24.618 á mánuði *

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

407

PEUGEOT

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Ath! 25% afsláttur!
Allar EGO kvittanir veita 25% afslátt í Laugarásbíó
LAUGARÁS BÍÓ
ego
Meira fyrir peninginn




BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## Að spara í menntun

Fyrir skömmu fjölmenntu framhaldsskólanemar á Austurvöll til að andmæla styttingu náms á framhaldsskólastigi í þrjú ár. Eins og svo oft áður þegar ungt fólk hefur upp raust sína fengu mótmæli þeirra lítinn hljómgrunn. Málið virðist afgreitt í fámennum og lokuðum hópi eftir dulítið fundahald í bakherbergjum. Þó hefur ekki enn heyrst að frónverjar útskrifist síðar eða verr en aðrir með sínar langskólagráður og ekki hefur borist neyðarkall um að ungt fólk vanti hið snarasta út á vinnumarkaðinn. Þvert á móti þykja íslenskir námsmenn sérstaklega vel búnir undir langskólanám og atvinnulíf.

**MYNDARLEGUR** aðdragandi að þessari stórtæku ákvörðun hefði verið æskilegur, með nákvæmri heildarendurskoðun á öllum skólastigum – allt niður í leikskólann. Undarleg er forgangsröðunin því þörf hefði verið á metnaðarfullri endurskoðun undirstöðunnar – grunnskólanámsins – um leið og fjölbreytt framhaldsskólakerfi hefði mátt láta í friði um sinn.Til hvers þarf að stytta menntó? Jú, fyrir liggja rökin gömlu sem svo oft áður hafa átt við í íslensku samfélagi – af því að það er svoleiðis í útlöndum.

**ALLT ER BEST Í ÚTLÖNDUM.** Í dag er frónverskur framhaldsskóli tvö ár til fjögur ár og allt upp í áratugi eftir því hvað hæfir hverjum. Valkostir til framhaldsnáms eru fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr með tilkomu hraðbrautar, opnari framhaldsskóla, kraftmikilla iðnskóla, hefðbundinna menntaskóla og flýtináms í efstu bekkjum nokkurra grunnskóla. Hætt er við að slíkir valkostir og slíkt svigrúm verði ekki eins fýsilegt þegar nám hefur verið þétt og framhaldsskólanemum potað ofan í niðursuðudósirnar.

**EN SVONA ER ÞETTA** í útlöndum. Og hvað með félagslega þáttinn? Hvað með mikilvægi þess að njóta æskuglöðu stúdentsáranna? Hvað með að varðveita barnæskuna ögn lengur með því að stíga ekki ári fyrr inn í framhaldsskóla? Eftir stendur tilfinningin um að til standi að skerða fjölbreytt og gott undirbúningsnám og demba því á efstu stig grunnskólans til þess eins að spara fjármagn. Það er gott og blessað að spara en gaman væri að spara frekar í vegagerð og verklegum framkvæmdum en í menntun þeirra sem erfa land. Í menntakerfi eiga gæði að vera í fyrirrúmi – ekki sparnaður.







Sorento sigrar í gæðakönnun!

**Í nýrri könnun** hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power í Bretlandi fyrir bílablaðið WhatCar? varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk hæstu einkunn, 5 stjörnur. Könnunin náði til 90 þúsund bíleigenda í Bretlandi.

3.175.000 kr.
KIA Sorento sjálfskiptur • LX 2,5 dísil • 140 hestöfl

**KIA Sorento** hefur allt sem alvörujeppi þarf að hafa. Hann fæst með aflmiklum bensín- og Common Rail dísilvélum, hefur hátt og lágt drif, er rúmgóður og með öllum þægindum sem jeppamenn nútímans krefjast. Það eina sem greinir hann frá keppinautunum er þetta ótrúlega verð.

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða svona gæði á þessu verði.

Njóttu þess að vera á nýjum bíl!

KIA MOTORS

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 3145

HEKLA *KIA umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Flatahrauni 31 • Hafnarfirði • sími 555 6025 • www.kia.is

100% veðsetningarhlutfall
Frjáls íbúðalán
4,15%
4,15% verðtryggðir vextir
Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti
Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000
eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is
FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is
Himinn og haf/SÍA